

Helgi Ó. Þórarinsson

SMIÐJUSTÍGUR 5 b



Helgi Ólafur Þórarinsson

Smiðjustígur 5 b

Fjölskyldusaga

Kongsvinger 2006

Efnisyfirlit

1. Ástæðan	7
2. Smiðjustígur 5 b	10
3. Bletturinn	16
4. Sæmdarhjón	18
5. Börn sæmdarhjóna	26
6. Hún og hann	35
7. H.G. Wells og amma Kristín	52
8. Amma á ferð	59
9. Leitin að Arnet	62
10. Kristín amma míni	67
11. Afí nafni	79
12. Börn dr. Helga Pjeturss	85
13. Áki	91
14. Pabbi og bíramídarnir	98
15. Slysið stóra í Steingrímsstöð	113
16. Kondór yfir Reykjavík	121
17. Nágrannar og leikfélagar	124
18. Móðir míni og við bræður	128
19. Samlif á Smiðjustíg 5 b	132
Eftirmáli	137
Nafnaskrá	139

1

Ástæðan

Auðvitað ætla ég ekki að gerast alvöru ritöfundur, semja, gefa út og selja. Til þess hef ég hvorki hæfileika né löngun. Það hefur þó vakað fyrir mér lengi að skrifa einhvers konar aettarsögu okkar um þá ættingja sem ég kynntist persónulega og það sem ég heyrði um aðra. Ég byrjaði of seint að safna gögnum. Það eru venjulega konur sem sitja inni með aettarminninguna. Konur virðast tala öðruvísi saman en karlar. Ég spurði ömmu Kristínu nánast einskis, enda ungar og hugsunarlaus. Hún dó 1959. Mamma vissi margt en líka þar brást ég og yfirheyrði hana ekki nóg. Ég reyndi mikið að ræða við Önnu frænku á árunum áður en við Hrafnhildur fórum til Sviþjóðar (1970). Ég bauðst jafnvel til að kaupa upptökutæki. En þegar ég spurði Önnu þá fór hún fljótlega inn á einhverjar hliðargötur þar sem hún ávallt mætti mótlæti og móðgunum. Æstist hún þá upp og komst í bardagahug. Varð þá ekki meira úr gagnlegum umræðum.

Gömul þekking hversur þegar gamlir hausar deyja. Ég ætla að reyna að láta þetta ekki endurtaka sig. Ég á nú (2004) 16 afkomendur, 4 börn, 8 barnabörn og 4 barnabarnabörn. Þau hafa flest ekki mikinn áhuga á þessu núna, en það kemur seinna og þá er ég dauður. Ég ætla að reyna að vera

hreinskilinn og segja satt og rétt frá öllu. Annað er einskis virði. Ég skrifa það sem ég man í fyrstu. Seinna koma staðreyndakannanir.

Ég sjálfur er kannski óþarflega fyrirferðarmikill í þessari frásögn, en ég er ekki bara sögunaður, heldur líka ein af sögupersónunum. Einhvers konar öxull eða þungamiðja verður húsið Smiðjustígur 5 b. Hvers vegna? Jú, þetta hús er svo samtvinnadættarsögunni. Við byggðum það og við bjuggum þar og þegar sá síðasti flutti út var það rifið og lóðin gerð að bilastæði. Húsið lifði í um það bil 60 ár. Aðeins Brandur bróðir (f. 43) og ég (f. 39) erum á lífi af þeim sem þarna bjuggu.

Ég hef alltaf verið bókaormur. Fyrsta bókin sem ég las var Róbinson Krúsó eftir Daniel Defoe. Þá var ég átta ára og mjög stoltur. Eftir það las ég allt sem ég náiði í. Þegar ég svo byrjaði í 9 ára bekk í Austurbæjarskóla opnaðist nýr og dýrðlegur heimur. Bókasafn skólans var á efstu hæð í norðurálmu. Inn um gluggann skein svo haustsólin á lestrarborðið mitt með þessum fallegu litum sem bara hún hefur. Allir veggir voru þaktir bökum, ólesnum bökum. Þetta var himnaríki.

A þessum árum var alls ekki litið á með velþóknun ef unglings lágu í bökum. Flestir fullorðnir ömuðust við því. Krakkur áttu að gera eithvað gagnlegt. Hvergi fékk ég stuðning við lestrarahugann nema hjá Aage Nielsen-Edwin. Meira um hann seinna.

Þessi mikli bókalestur hefur haldist fram á þennan dag. Í fyrstu hafði ég ekki hug að skrifa sjálfur. Fótsporin stóru frá afa Helga hræddu mig, en sumir halda því fram að hann hafi skrifast íslensku manna best. Ég hef aðeins birt sérfræðigrein mina og hún var stutt. Svo er ég maður

hlédrægur og feiminn þó ég reyni að breiða yfir það. Að sjá eitthvað eftir sig á prenti, sem allir geta lesið og gagnrýnt, er erfitt, nálega óbærilegt.

En nú er bara að herða sig. Ég sit hérrna í stofunni minni í Kongsvinger og handskrifa. Horfi yfir dalinn og ána. Seinna ætla ég að skrifa þetta í tölvu og þá um leið laga og bæta textann. Bókina ætla ég sjálfur að gefa út og hana á ekki að selja á opinberum markaði. Ég er núna að lesa GIFT eftir dönsku skáldkonuna Tove Ditlevsen (1918-1976) fyrir ábendingu Hrafnhildar. Hún benti mér sérstaklega á stilinn sem er léttur og einfaldur. Engin torskilin orð, heldur „gagnsæ orð“ eins og þeir vísu myndu segja. Bókin er þannig léttlesin en segir dapurlega sögu um erfitt og þungbært líf skáldkonunnar. Pennan stíl hennar Tove ætla ég að reyna að tileinka mér.

Kongsvinger september 2004.

2

Smiðjustígur 5 b

Húsið stóð á suðvesturhorni Hverfisgötu og Smiðjustigs. Hverfið hét Skuggahverfi eftir tómthúsbýlinu Skugga sem reist var af Jens Jenssyni 1802-03 í Arnarhólslandi þar sem nú eru gatnamót Skúlagötu og Klapparstígs. Býlið var farið i eyði 1845. Þarna reis kotahverfi meðfram ströndinni frá núverandi Ingólfssstræti inn að Vitastíg. Suðurmörk lágu að Laugavegi. Hverfisgata, sem gerð var í áföngum, náði upphaflega frá Vitastíg og vestur að Klapparstíg. Það gekk seint að lengja hana í vestur því fyrir var tún landfögeta og við því mátti ekki hreyfa. Þó hélt þarna áfram tröð niður á Lækjartorg sem kölluð var Arnarhólströð. Eftir henni hét litli steinbærinn Traðarkot sem var næsti nábúi okkar í vestur við Hverfisgötu, en hún var upphaflega kölluð Skuggahverfisgata. Rúmlega 1900 er hún kominn niður á Lækjartorg en var lengi illræmd fyrir hve slæm hún var yfirferðar. Við hvaða smiðju Smiðjustigur er kenndur, er ekki vitað nú.

Pétur, langaði, og Anna Sigríður, langamma, bjuggu sína fyrstu hjúskapartíð í svonefndu Melsteðshúsi (meira um það seinna). Svo fluttu þau í stóra húsið hennar Ingibjargar Johnson við Lækjargötu. Á korti Benedikts Gröndal af Reykjavík 1876 sést að Pétur og Anna Sigríður eru komin á Smiðjustíg í húsið Esjuberg. Það gékk líka undir nafninu Eyjólfshús, smiðað af Eyjólfí

Þorvarðarsyni um 1850. Langafi og langamma keyptu húsið 1875. Húsið var seinna stundum kallað Dalhoff hús eftir Dalhoff gullsmið sem leigði það af langömmu í nokkur ár. Leigan var 13 kr. á mánuði. Það stóðu bara tvö hús við Smiðjustíg, þegar langafi og langamma keyptu, og bæði efri og neðri hluti hans var ekki kominn. Hverfisgata náði heldur ekki ennþá þangað. Húsið, seinna Smiðjustígur 5 a, var einna hæðar lengja með iverurisi. Lá húsið samhliða Smiðjustígnum og var aðalinngangur vestanmegin þar sem byggð var út myndarleg forstofa. Á húsinu voru þrír skorsteinar. Einn stór, væntanlega frá eldhúsinu, og svo tveir minni frá ofnum. Það er til góð ljósmynd af Ástu (Ástriði Pétursdóttur) og húsinu tekin 1893 af frönskum ljósmyndara, André Petitjean. Hin verðandi barónessa er að gefa hænsnum og hjá henni er fuglahræða.

Nýja húsið, oftast kallað stóra húsið, var byggt við norðurenda gamla hússins. Húsið var byggt 1901-02. Það var samhliða gamla húsinu en lá skakkt við Hverfisgötu þegar hún kom. Húsið lá líka út í götuna þannig að gangstétt var nánast engin meðfram húsinu. Svona stóðu mörg hús við Hverfisgötu sunnanmegin. Langafi og afi skutu saman fyrir húsinu. Ég hef séð í skrifum eftir Pál Lýðsson, bónda í Hlíð, að venjuleg hús í Reykjavík hafi þá kostað 5-6 þúsund krónur. Húsið var tveggja hæða timburhús, klætt bárujárn, með háu risi til geymslu og fremur lágum kjallara sem hlaðinn var úr höggnu, limdu grágrýti. Húsið var byggt fyrir tvær fjölskyldur og var húsaskipun nálega alveg eins á efri og nerðri hæð. Stærsta herbergið var í suðausturenda hússins og var með tvo glugga út að Smiðjustíg. Þetta var skrifstofa afa uppi en var í fyrstu stofa foreldra minna niðri. Svo var allstórt herbergi norðan við stofuna með einum glugga út að Smiðjustíg. Þetta var herbergi Önnu fraenku og sama herbergi niðri var æfinga og kennslustofa hennar. Þar hafði hún sitt píanó og tók á móti nemendum. Uppi var góður gangur og höfðu herbergin dyr að honum en ekki voru dyr milli herbergjanna. Í suðvesturhorni var stórt herbergi með glugga í suður og annan í vestur. Var það svefnherbergi afa uppi og foreldra minna niðri. Var þarna innangegnt úr stofunni

og úr eldhúsínu en það var í norðvesturhluta hússins bæði uppi og niðri með glugga í vestur. Fra eldhúsínu var nokkuð stór útbygging í vestur sem var geymsla uppi en bæði geymsla og bakdýr út í garðinn niðri. Aðaldyr hússins voru í norðausturhorni þar sem fljótlega var byggð stór forstofa. Út frá ganginum uppi var hægt að ganga út á þak hennar og var hún notuð sem svalir. Rimlagirðing var umhverfis svalirnar og á ég mynd af pabba þar sem hann stendur við rimlana, sennilega 3 ára. Er þarna horft austur eftir Hverfisgötu og sést í hús Kaabers, bankastjóra, og í garðinn hans á horninu þar sem seinna kom Sparisjóður Reykjavíkur. Í samræmi við ganginn uppi var rúmgóður gangur eða forstofa niðri. Þarna til hægri var velsmíðaður stigi upp á aðra hæð. Stiginn í mínu húsi minnir mig stundum á þennan stiga. Stiginn tók snúning til vinstri upp á stigapallinn. Uppi til vinstri við eldhúsdyrnar var stiginn upp á háaloft. Hann var breiður og ekki mjög brattur eins og svona stigar voru oft í íslenskum húsum þá. Á honum var ekki handrið. Inngangi inn á háaloftið var lokað með hlemmi eins og venjan var en dyraopið stórt. Það var ekki vanalegt í íslenskum húsum og hef ég komist í hann krappann við að flytja fullorðna sjúklinga niður í gegnum svona smá göt á gólfínu. Háaloftið var mjög rúmgott og hefði verið hægt að innréttu þarna svefnherbergi ef þörf hefði verið á. Þegar ég fór að venja komur minar þangað var háaloftið ekki í venjulegri notkun. Þarna gætti þó margra grasa en allt var fremur rykfallið. Þarna var gamalt og litið notað reiðhjól sem Anna átti. Þarna var líka steinasafn afa og reiðtygi á burðarklára en ekki man ég eftir hnökum. Einnig bunkar af gömlum blöðum og tímaritum. Brotin og biluð húsgögn. Man ég ekki eftir að neinn hafi farið þarna upp nema ég.

Eldhúsínu voru fremur þróng og ekki var hægt að borda í þeim með góðu móti. Sennilega var það ekki venja að borda í eldhúsum þá. Í eldhúsínu var heimur eldabusunnar. Liklega var vesturherbergið hugsað sem bordstofa enda innangengt bæði frá eldhúsi og stofu. Foreldrar mínir og við bræður bæði sváfum og borduðum þar. Sett var upp spilaborð sem við borðuðum við.

Sennilega hafa þó afi og Anna getað bordað í eldhúsínu uppi því það var heldur rýmra. Í eldhúsínu niðri var miðstöðvarket till sem var kolakynntur. Kolageymslan var beint á móti miðstöðvarkatlinum og lá tilsvarandi undir stiganum upp á efri hæð. Það var miðstöðvarkynding í öllu húsínu sem sjálfsagt hefur verið nýjung þá (1902). Það kom sér vel seinna þegar hitaveita var lögð í Hverfisgötu (1943) því þá var hægt að tengja ofnana beint við hitaveitulögnina. Ég fylgdist ákaflega vel með þegar hitaveitukallarnir voru að vinna í gangstéttinni fyrir utan. Mamma sagði mér seinna að ég hefði komið inn, mjög hróðugur, og sagt að nú hefði ég fengið fasta vinnu í Hitaveitunni. Vatnssalerni var byggt út frá eldhúsínu niðri í norðvesturhorni hússins. Það var fremur nýlegt þegar ég fór að muna eftir mér. Ártalið 1940 kemur upp í hugann, en mér finnst það ansi seint. Fyrsta vatnssalerni í Reykjavík kom í hús á Laugavegnum 1906. 1907 fékk Hákon konungur vatnssalerni í höllina hérna í Oslo. Í húsínu var ekki bað og aðeins vaskar í eldhúsunum og á salerninu.

Í kjallaranum var lágt til lofts og og gat fullorðinn maður ekki staðið þar uppréttur. Þarna kom ég sjaldan en uppgötvaði einu sinni að pabbi geymdi mikið af bensíni í kjallaranum. Hvernig hann náði í það veit ég ekki en sjálfsagt hefur það ekki verið auðvelt, svona í miðju stríðinu. Bensínid var í breskum blikkbrúsum sem tóku að ég held 10 lítra. Þessir brúsar voru illraemdir fyrir hvað þeir láku mikið. Bretar hættu brátt að nota þessa brúsa og allir stríðsaðilar notuðu þá þessa frábæru þýsku brúsa sem tóku 20 lítra. Þeir voru kallaðir „jerrycans“ (jerry = Þjóðverji). Eru þeir notaðir ennþá. Nú var pabbi í varaliði slökkviliðsins. Heima hjá slökkviliðsmönnum var hávær bjalla sem notuð var til að kalla þá saman. Þannig var það hjá okkur og hrökk maður illa við þegar hún hringdi. Seinna stríddi ég pabba stundum yfir öllu þessu bensíni sem flaut í kjallaranum hjá slökkviliðsmanninum. Hann tók stríðni fremur illa nema þegar hann var í mjög góðu skapi. Þegar Hótel Ísland brann, rétt eftir áramótin 1944, var allt slökkviliðið kallað út. Brann hotelið til kaldra kola og var ekki byggt upp aftur. Myndaðist þá svokallað Hallæríspolan á

horni Aðalstrætis og Austurstrætis. Við mamma vorum í glugganum og horfðum á eldbjarmann sem lýsti upp næturhimininn. Um morguninn kom pabbi, sótugur og þreyttur, en í besta skapi. Hann var klæddur í svarta og gulröndóttu síða mussu úr gúmmí. Á höfðinu hafði hann slökkviliðshjálminn. Hann var af sömu gerð og þýsku hermannahjálmar. Svartmálaður með háan borða úr einhverju ljósu efni langs eftir hvirflinum og með þykka leðurhlif að aftan sem náði aftur á bak og herðar. Það var frost og var pabbi með mikla klakakórónu á hjálminum.

Annar hávær þáttur í umhverfinu voru loftvarnalúðrarnir. Upp úr 1942 fóru flugferðir Þjóðverja yfir Reykjavík að færast í aukana. Þetta var njósnaflug en ekki árásarflug. Þegar þær komu var blásið í loftvarnalúðrana. Hlupum við þá skáhallt yfir götuna samkvæmt fyrirmælum niður í kjallara Danska Sendiráðsins en hann var rammbyggður. Matthías, maður Stellu frænku (Helga Kristín), hafði komist yfir two breska hermannahjálma og fengum við Matti frændi þá. Þeir voru málaðir í sömu litum og loftvarnaverðir í London notuðu. Setti ég alltaf upp hjálminn þegar Þjóðverjar komu og tók hann ekki niður fyrr en þeir voru farnir.

Húsið var úr timbri eins og áður er sagt. Það þótti ekki gott á þessum árum enda eldhraeðsla mikil. Mömmu var tíðrætt um þetta og vildi komast í steinsteypuna sem fyrst. Eftir 1920 dró verulega úr byggini timburhúsa í bæjum á Íslandi. Annað mál gilti um sumarbústaði. Þeir voru venjulega úr timbri. Í bæjum og borgum var það steinsteypa. Eftir gosið í Vestmannaeyjum 1973 voru byggð nokkur timburhús sem Íslendingar fengu gefins frá frændum sínum á Norðurlöndum. Þetta greip ekki um sig og enn eru flest íbúðarhús á Íslandi úr steinsteypu. Í Noregi, þar sem ég bý núna, eru flest íbúðarhús úr timbri. Mamma kenndi mér að fara ákaflega varlega með lifandi eld. Þý ég að þessu ennþá. Anna frænka var barnslega hrifin af logandi kertaljósum og tók stundum stóra áhættu. Bjó hún til jólakirkju úr pappa og bómull með rauðum gagnsæum pappír í gluggunum. Inn í kirkjuna setti hún logandi kerti. Var kirkjan þá mjög falleg. Þetta gekk

furðanlega en fór að lokum illa. Kviknaði í kirkjunni uppi í herbergi Önnu. Til allrar hamingju voru margir heima og eldurinn var slökktur án teljandi skaða.

Til er gömul loftmynd af Skuggahversi frá 1930. Sennilega tekin í sambandi við Alþingishátíðina sem þá var haldin. Sjást þar vel öll húsin á Smiðjustigshorninu. Þau eru samtals fimm. Stóra húsið, gamla húsið, litla svefnhús aða og svo útihúsin tvö. Þau virðast öll nýmáluð, jafnvel útihúsin. Þau eru öll eins með dökk þök og ljósa veggi. Sennilega var þetta í síðasta sinn sem húsin voru málud. Þegar ég fór að muna eftir mér var lítið eftir af málningu. Sérlega var stóra húsið illa farið en þar hafði bárujárníð ryðgað mikið. Var húsið eiginlega ryðrautt og mátti reka singur gegnum bárujárníð sem víða var götótt af ryði. Ég verð að viðurkenna að ég skammaðist míin mikið fyrir að búa í svona eldfimu, ljótum tréhúsi og öfundaði leikfélaga mína sem bjuggu í steinhúsum.

3

Bletturinn

Lóðin var aldrei kölluð annað en bletturinn en aldrei sagt garður. Lóðin var stór. Hún var stærsta einkalóðin þarna í hverfinu og jafnaðist á við lóð Danska Sendiráðsins en þar var fallegur garður með stórum trjám og blómum. Á lóðinni var eins og áður sagt þrjú íbúðarhús, hlaða, fjós/hesthús og svo útikamarinn. Eiginlega var þetta eins og smáþorp. Útihúsin voru rifin nokkru fyrir stríðið (1939) og var efnið notað í Armarfell (meira um það seinna). Á lóðarmörkunum gegnt Hverfisgötu var há girðing klædd með bárujárn. Var því ekki innsýn þaðan inn á lóðina. Þarna var mjög skjólgott fyrir norðanvindi og líka ansi heitt í sólskini. Var mjög vinsælt að sitja þarna í garðstólum. Vestast á lóðinni var mjög stór rabarbaragarður. Óx hann svo vel og varð svo stór að við krakkarnir gátum skriðið í einhvers konar göngum undir blöðunum og ekki sást til okkar. Svo voru einir 4-5 rifsberjarunnar sem gáfu vel. Var þetta notað, bæði rifs og rabarbari. Sérstaklega var rifsberjahlaupið hennar mömmu gott. Annars var lóðin bara gras, hvönn og njóli.

Petta var eiginlega eini staðurinn í nánasta umhverfi þar sem börn gátu leikið sér án þess að vera á götunni. Mig skorti því aldrei leikfélaga, stráka eða stelpur. Í fyrstu voru stelpurnar aðalleiksfélagar míni. Voru þær fjórar eða fimm. Vorum við mest í mömmuleik en stundum líka í læknisleik sem fullorðna fólk ið mætti alls ekki uppgötva. Seinna unnu strákarnir á sem

leiksfélagar og þá var það fráleitt að fara í mömmuleik. Gegnt Smiðjustínum var engin girðing, aðeins lágor steinkantur. Smiðjustígurinn var þá malarvegur með tilheyrandi drullupollum. Sem leiksvæði fyrir börn var lóðin dýrðarstaður. Ég held stundum að ég hafi reynt að endurskapa þetta óskaland handa börnunum og okkur þegar við eignuðumst þetta stóra hús og stóru lóð hérrna í Kongsvinger. Mér, að minnsta kosti, fannst ég vera kominn heim eftir að hafa bara búið í ótal blokkaríbúðum síðan á Smiðjustínum.

Það fór illa fyrir lóðinni. Þegar komið var að erfðamálum var lóðin seld. Staðsetning lóðarinnar með tilliti til Þjóðleikhússins var frábær. Þarna höfðu bæjaryfirvöld hugsað sér að gera torg fyrir framan Þjóðleikhúsið tileinkað Indriða Einarssyni. Lóðin var mikilvægasti hlekjurinn í þessum fyrirætlunum. En kaupmennirnir Silli og Valdi buðu betur og fengu lóðina. Ætluðu þeir að reisa þarna stóra verslunarhöll en bæjaryfirvöld hefndu sín með því að neita þeim um byggingarleyfi. Stóð í þessu stappi í mörg ár. Upp úr 1960 voru allar byggingar horfnar af lóðinni og Traðarkot lika rifið. Fóru menn þá að leggja bílum sínum þarna enda yfirleitt þróngt í öllu hverfinu. Þetta endaði með að byggt var stórt og fáránlega ljótt bílastæðahús sem kastar þungum skugga yfir allt hverfið. Hve miklu betra hefði það verið að fá þarna fallega hannað torg, kannski með smá minningarskyldi um afa Helga.

4

Sæmdarhjón

Langafi og langamma voru sannkölluð sæmdarhjón. Ákaflega vinnusöm, reglusöm, sparsöm og hagsýn. Mjög ákveðin í að brjótast áfram og komast í álnir. Ég dáist að þeim.

Ég á brúna og fremur máða mynd af langömmu. Þetta er sennilega fermingarmynd tekin 1859 eða 1860. Þá komu danskir farandljósmyndarar til Íslands á sumrin en íslensku ljósmyndararnir voru ekki komnir til sögunnar. Myndin er merkt henni með fallegri skrift en ekkert stendur um ljósmyndarann. Langamma situr á útskornum stól og hvílir hægri olnboga á litlu borði. Bakgrunnur er leiktjald eins og þá var venja hjá ljósmyndurum. Hún er í síðum, hvítum kjól með dökkt vesti. Langamma er smávaxin og fingerð. Hún er fremur lagleg. Hárið dökkleitt og mjög vendilega greitt og fléttad. Skift er í miðju. Flétturnar eru að nokkru settar upp á höfuðið. Hún er með armbönd, hálsnælu og eyrnalokka. Svipurinn er alvarlegur og hugsi.

Ég á líka mynd af Pétri langasa. Hann er í skrautlegu, útsaumuðu silkivesti og með fallegt silkibindi. Boðungarnir á jakka hans eru með borðalagðar rendur. Svona var tískan um 1870. 10 árum seinna voru allir komnir í svört föt með svört vesti, hvítar skyrtur og með svartar þverslaufur. Langafi er því þarna um þrítugt. Hann er nýkominn úr námi og ætlar sér stóra hluti á Íslandi. Hann er stuttklipptur, eiginlega burstaklipptur, og hárið er dökkt og svolitið hrokkið.

Hann er með mikið yfirskegg og hökutopp sem gengur niður í odd. Svona skegg höfðu „allir“ í Þrjátíu ára stríðinu (1618-1648). Þetta er stundum kallað Van Dyck skegg eftir málaranum fræga. Í bókinni Dr. Helgi Pjeturss og jarðfræði Íslands (2003) er mynd sögð vera af Pétri Péturssyni, en þetta er dökkhærður maður með mikið hrokkið hár sem er skift í miðju. Alls ekki réttur maður. Til er mynd frá 1897 sem tekin var við trúlofun Ástu og barónsins. Þar sitja fremst langamma og langafi og hafa furðulitið breyst. Langamma hvílir armana á litlu borði. Að baki standa þau nýtrúlofsuð og systkinin, Helgi og Kristín, til hægri hliðar.

Í bókinni Málþing Íslendinga (1979) er sagt frá ætt Péturs Péturssonar (f. 9/9 1842-d. 16/12 1909). Þetta er traust bændaætt. Þessir bændur höfðu oft aukahæfileika, t.d. gátu þeir verið góðir smiðir á járn og tré. Líka áttu þeir til að gifta sig uppávið vænum kvenkostum og hefur það tiðkast í ættinni alveg fram á minn dag. Pétur er stundum sagður vera frá Uppsölum í Blönduhlið sem er næsti bær við Bólu hans Bólu-Hjálmars eða frá Fremrikotum í Norðurárdal í Skagafjarðarsýslu. Er hvor tveggja rétt. Bændur á þessum árum á Íslandi voru nálega allir leiguliðar og hafði svo verið í mörg hundruð ár. Það var fyrst um 1930 að venjulegir bændur fóru að eignast jarðir sínar (Inga Huld Hákonardóttir : Fjarri hlýju hjónasængur 1992). Þess vegna voru bændur stöðugt að flytja ábuð sína sbr. svokallaða fardaga, en þessir flutningar fóru eftir ákveðnum gömlum reglum. Í ætt Péturs langaða er nafnið Pétur mikið notað. Pétur ungi hafði ekki hug á að verða bóni. Segir í íslenskum æviskrám Páls Eggerts Ólafsonar að hann hafi gerst ritari hjá Pétri Havstein, amtmanni, og verið síðan einn vetur við nám hjá séra Arnljóti Ólafssyni á Bægisá en farið svo til Kaupmannahafnar og lært verslunarfræði. Lauk prófi 1867. Kom hann heim og veitti danskri verslun forstöðu í Reykjavík. Segir í bókinni 100 ár í Borgarnesi (Jón Helgason 1967) að hann hafi hugsað sér forystustarf í Gránuféluginu svonefnda, verslunarsamtök bænda stofnuð á Akureyri 1870. Ekki varð af því en nú var hann kominn í óþökk dönsku

kaupmannanna í Reykjavík og fékk ekki atvinnu við verslunarstörf. Fékk hann þó vinnu hjá Norska Samlaginu, en það lífði ekki lengi og stóð hann uppi atvinnulaus.

Þarna var hann nýkvæntur (27/5 1871) og framtíðarhorfur ekki bjartar. Fyrsta barnið var komið (Helgi, 31/3 1872). Sumarið 1873 opnaðist möguleiki. Séra Guðmundur á Borg, stundum kallaður „saðir Borgarness”, vildi koma á fastri verslun í Borgarnesi og með því meðal annars auka sínar tekjur af kirkjujörðinni. Hugsaði Pétur sér að taka boði séra Guðmundar og hefja verslun í Borgarnesi. Talið er að Pétur hafi haft einhvern fjárhagslegan bakhjarl, en sá er ekki þekktur. Fór Pétur í Borgarnes til að velja sér lóð undir verslunina. Segir í sögunni að hann hafi valið sér lóð vestanvert við Suðurneskletta, 52 faðma langa og 15 faðma breiða spildu sem náði að sjó við víkurbotninn norðan Brákarsunds. Átti Pétur að borga presti 40 ríkisdali í lóðarleigu, en það var talin fremur há greiðsla. Á móti kom að hann þurfti ekki að greiða hafnartolla af voruskipum sínum. Sú kvöð fylgdi lóðinni að byggja yrði verslunarhús innan tveggja ára ella felli samningurinn úr gildi. Aldrei varð Pétur kaupmaður í Borgarnesi. Ástæðan fyrir því er ekki þekkt. Kannski brást eða brugðust þeir sem sennilega stóðu á bak við hann með fjármagnið.

Um þetta leyti bjuggu þau hjónin ásamt sínu fyrsta barni í húsi Ingibjargar Johnson við Lækjargötu. Það hús er nú á Árbæjarsafni. 1875 kaupa þau svo Smiðjustíg 5 a. Þegar Pétur tók við bæjargjaldkeraembættinu 1891 útbjó hann skrifstofu í gamla húsinu þar sem það var seinna samþygt við stóra húsið. Opnuðust dyrnar út á Smiðjustíginn og yfir dyrunum stóð á skilti : Skrifstofa Bæjarsjóðs Reykjavíkur. Sést þetta vel á frægri mynd frá 1905. Þarna var komin fyrsta bæjarskrifstofa Reykjavíkur og þá vísir að ráðhúsinu sem nú er við Tjörnina. Þetta var þó mesta kytra og segir í fundargerð frá einum bæjarstjórnarfundi (um 1900) að einn fundarmanna hafi kvartað yfir að skrifstofan væri svo lítil að þar kæmust ekki 10 rottur inn á gólf í einu.

Þegar Norska Samlagið fer á hausinn er langafi atvinnulaus. Greip hann þá það ráð að gerast barnakennari á Vatnsleysuströnd (1877-1884). Hann er 35 ára þegar þetta tímabil í ævi hans hefst. Hann hafði komið frá Kaupmannahöfn sem menntaður verslunarmaður. Hann hafði stefnt hátt og ætlað sér að verða vel stæður kaupmaður eða við forystu í Gránufélaginu. Nú var hann orðinn barnakennari á Vatnsleysuströnd. Þetta var ósigur. Öðruvísi verður það ekki túlkað. Þetta hlýtur að hafa sviðið sárt. Hann var kannski misheppnaður. Hann, sem hafði gifst sýslumannsdóttur. Ef til vill var hann ekki samboðinn henni eins og sumir vildu halda. Svo var þetta ekki einfalt. Það var langt á milli Smiðjustígs og Vatnleysustrandar á þessum árum. Hann hlýtur að hafa leigt herbergi og komið heim um helgar.

En svo fær hann löggregluþjónsstöðu 1884. Þá voru tveir löggregluþjónar í Reykjavík sagði pabbi mér. Ég held hann hafi verið góður löggregluþjónn. Stór og sterkur eins og löggregluþjónar eru jafnan. Rólegur en fastur fyrir. Gódmenni og vinsæll. 1891 verður hann svo bæjargjaldkeri. Sennilega hefur hann verið farinn að sinna gjaldkerastarfínu nokkru fyrr ásamt löggregluþjónshlutverkinu. Hann var vel menntaður og glöggur á tölur og fjármál. Allir töldu hann ákaflega traustan. Um skeið hafði verið umrót í fjármálum Reykjavíkur, bæjargjaldkeri handtekinn og sakadur um fjárdrátt (1886). Líklega hefur Pétur orðið að hlaupa í skarðið og hjálpa til við fjármálarekstur bæjarins. Svo fékk hann embættið 1891 og fjármál bæjarins voru í tryggum höndum hans til 1907.

Langamma, Anna Sigríður Vigfúsdóttir Thorarensen (f. 6/3 1845-d. 6/6 1921), var aristókratinn. Aðalskona komin af bestu ættum landsins. Þetta vissi hún og þannig leit hún á sig þótt efnin hafi verið lítil framan af. Foreldrar hennar voru Vigfús Thorarensen sýslumaður Sigurðsson og kona hans Ragnheiður Pálsdóttir amtmanns Melsteð. Anna Sigríður var fædd á Ketilsstöðum í Mýrdal en þá var faðir hennar umboðsmaður Þykkvabækarklausturs í Skaftafellssýslu. Hann sleppti

umboðinu 1847 og fór til Reykjavíkur. Fékk Strandasýslu 1849, fyrst sem settur. Anna Sigríður fór ekki með honum norður. Hún varð eftir hjá móðurbróður sínum, Sigurði Melsteð (1819-1895) og konu hans Ástríði Helgadóttur (1825-1897). Hún var dóttir Helga G. Thordersen biskups. Sigurður var skólastjóri prestaskólans.

Foreldrar langömmu voru systkinabörn. Þau áttu alls 14 börn, þar af tvö andvana fædd. Níu komust a fullordinsaldur. Var því verið að létta undir með þeim þegar Anna Sigríður var tekin í fóstur. Sýslumaður dó á besta aldry, 39 ára (1854), en sýslumannsfrúin lifði lengi. Hún dó á Hæli í Gnúpverjahreppi 9/2 1914 (f. 1816). Það var langur ekkjudómur, nálega 60 ár.

Fósturforeldrar Önnu Sigríðar bjuggu í svonefndu Melsteðshúsi á Lækjartorgi (Austurstræti 19/Lækjartorg 1). Þarna var seinna byggður Útvegsbankinn. Á gömlum myndum má sjá að þetta var myndarlegt hús á sínum tíma með gafl út að Lækjartorgi (Lækjartorg fékk sitt nafn 1848). Fyrir framan húsið var stór garður út að Austurstræti. Stóð húsið og garðurinn aðeins skáhallt til nordurs miðað við stefnu Austurstrætis. Ólst langamma þarna upp í besta yfirlæti. Á heimilinu voru fósturdæturnar tvær, langamma og Ragnheiður, bróðurdóttir Ástríðar. Hún giftist seinna (1889) Hannesi Hafstein ráðherra. Verulegur aldursmunur var á fóstursystrunum en Ragnheiður var fædd 1871. Ungu stúlkurnar tvær fengu góða menntun á heimilinu. m.a. í ensku, þýsku og frónsku. Ástríður Melsteð hafði lært að spila á pianó erlendis og kenndi stúlkunum þá list. Anna Sigríður hafði löngun til að kenna á pianó og byrjaði á því 15 ára gömul. Kom í ljós að hún hafði bæði þá þolinmæði og hæfni sem kennslustarfíð krefst.

Olufa Finsen (f. 1835-d. 1908) var dansk kona gift Hilmari Finsen, stiftamtmanni á Íslandi og seinna landshöfðingja (1865-1883). Þau bjuggu í embættishúsinu við Lækjartorg þar sem nú er Stjórnarráðið. Melsteðshús var beint á móti. Var því skammt á milli þessa vinafólks, Finsen og Melsteð. Í gömlu Reykjavík var ekki langt að fara til vina eða í vinnuna. Þetta svokallaða

fyrirfólk hnappaðist allt saman í kvosinni og miðbænum. Fátæklingarnir og kotin þeirra lágu hins vegar á dreif í jaðri Reykjavíkurlandsins. Olufa Finsen var merk kona. Hún var Kaupmannahafnarstúlka (fædd Bojesen) sem kom til Íslands þritug árið 1865. Hún var þá þegar viðurkennt tónskáld í Danmörku og hafði lært sérstaklega að kenna á píanó. Anna Sigriður var hennar aðalnemandi og kenndi seinna sjálf í rúma hálfa öld. Olufa dvaldi á Íslandi í 17 ár og átti þar tvö börn. Henni var hlýtt til Íslendinga og stuðlaði að mörgum framfaramálum eins og að koma á fót starfandi sjúkrahúsi í Reykjavík 1866. Var það til húsa í gamla Klúbbnum þar sem nú er Herkastali Hjálpræðishersins. Þá vann hún að stofnun Kvennaskóla 1874. En hljómlistin var hennar stóra áhugamál og þar kom hún miklu til leiðar í Reykjavík. Það er ótrúlegt hvað svona eldhugar geta gert í litlu, daufu bæjarfélagi eins og Reykjavík var þá.

Olufa kenndi Önnu Sigriði í 3 ár. Var kennslan bæði fræðileg og verkleg. Sem kennslunemandi var Sigriður, yngsta dóttir Jóns Péturssonar háyfirdómara.

Langamma Anna Sigriður var hinn mesti harðjaxl. Hún kenndi að jafnaði 10 tíma á dag. Og það er þolraun. Anna, sonardóttir hennar, kenndi líka en aldrei meira en 5-6 tíma á dag. Ég var oft í næsta herbergi og hlustaði á þetta ótrúlega þreytandi stagl. Þegar síðasti nemandi var farinn kastaði Anna sér yfir píanóið og spilaði nú ákaflega kraftmikil og ástriðufull lög. Það var eins og hún væri að spila úr sér glamrið. Anna Sigriður hlýtur að hafa haft vinnukonu og fleiri en eina, en ég hef aldrei heyrta neina nafngreinda. 1884 fór langamma til Kaupmannahafnar til að kynna sér nýjungar í píanókennslu. Tók hún þar fræðilegt kennarapróf í hljómlist. Hafði enginn áður frá Íslandi tekið það próf. Var hún þá hvött til að setjast að í Kaupmannahöfn og kenna. En það kom ekki til mála. Má vera að hún hafi í þessari ferð líka lært að krúsa (eða strauja) prestakraga. Til þess var notað sérstakt járn. Í Dansk-Íslenska ríkinu voru prestakragar ákaflega flókið fyrirbæri. Fyrirmund þeirra kom frá spónskum aðalsmönnum um árið 1600. Þetta voru þykkir hvítir kragar eins og harmóníkubelgir um hálsinn. Ég sé þá ekki hér í Noregi. Langamma tók 50 aura fyrir að

krúsa. Pabbi sagði mér og hló við, að hún hefði alltaf tekið sömu greiðslu þrátt fyrir hækkandi verðlag. En hún vann mikið og auramir komu inn. Í bókinni *Æviminningar* læknis estir Sigurð Magnússon (1939) segir að aðalmúsíkantinn (sic) á dansleikjum í bænum hafi um langan aldur verið frú Anna Petersen. Þess er getið í heimildum að dansleikirnir hafi staðið alveg til kl. 5 á sunnudagsmorgni. Sjalfur spilaði Sigurður á trommur á þessum dansleikjum og fékk fyrir 2 krónur.

Um Önnu Pétursson í Kvennablaðinu 1901 segir ritstjóri, Briet Bjarnhéðinsdóttir, að hún hafi fullkomlega unnið að sinum hluta fyrir heimilinu framan af þó hún hafi haft bæði börn og heimilishald í sinni umsjá. Í heimildum gengur langamma undir ýmsum nöfnum : Oftast nefnd Anna Pétursson en stundum Anna Petersen eða þá Anna Thorarensen og stundum Melsteð.

Þegar fósturforeldrar Önnu Sigríðar voru orðin mjög hrug og lasburða, þá flutti hún og Pétur aftur inn í Melsteðshús til að annast þau (1894). Sigurður, blindur og veikur af krabbameini, deyr 1895 og Ástríður svo 1897. Meðan á þessu stóð smiðaði Pétur nokkurs konar bæjarskrifstofu úr náðhúsinu. Þá á langamma að hafa sagt :

„Þeir borga þér skitalaun Pétur og því er það bara réttmætt að þeir komi á kamarinn og borgi gjöldin sín.”

Þegar Ástríður, fósturmóðir, dó var Ragnheiður Hafstein gerð að einkaerfingja en ekki er þess getið að hin fósturdóttirin, Anna Sigríður, hafi erft nokkuð. Eignirnar ásamt Melsteðhúsi voru allmiklar.

Anna Sigríður fékk eftir miðjan aldur beinþynningu og varð bogin í baki. Sagði pabbi mér að hún vildi helst sitja með borð fyrir framan sig þar sem hún gæti hvilt á armana. Hún var annars mjög heilsugóð og sinn síðasta dag vann hún allan. Lést í svefní um miðnætti 6. júní 1921. Hún dó í þakherberginu í gamla húsinu. Í sama herbergi svaf þá pabbi, nærrí 13 ára. Hann var þá á

heimili sínu en var þó oftast hjá öðrum og átti eftir að fara aftur. Ég hef grun um að amma hans hafi kennt í brjósti um þennan dreng sem alltaf var síðastur í röðinni þegar deilt var út gæðunum. Hún arfleiddi hann að jörð, Eyri í Svínadal, þar sem líka voru laxveiðiréttindi. Pabbi átti þessa jörð þar til hann og félagar hans í leigubílarekstrinum urðu gjaldþrota (1929?). Hann sagði mér að afrakstur af jörðinni hafí hann aldrei fengið því pabbi hans, afi Helgi, hefði hirt allt saman.

Þau voru sannarlega sæmdarhjón, Anna Sigríður og Pétur. Þau lögðu grundvöll að eignum sem seinni kynslóðir eyddu en bættu ekki við. Anna Sigríður er tvímælalaust einn af frumkvöðlum tónlistar á Íslandi. Hún kenndi mörg hundruð nemendum. Á sjötugsafmæli hennar, 6. mars 1915, héldu þeir henni heiðurssamkvæmi. Guðmundur skólastáld Guðmundsson orti afmælisljóð sem sungið var i veislunni og haldnar voru margar ræður.

Ég sé þau fyrir mér : Anna Sigríður, litil og fingerð, við hliðina á stóra manninum sínum. En hún er ákveðin á svip. Kannske réð hún mestu í þessu hjónabandi. En hann er sterkur og traustur og lætur hana ráða en er fastur fyrir ef á reynir, held ég. Það stendur eftir að samlif þeirra var gott og þar féll ekki skuggi á.

5

Börn sæmdarhjóna

Anna Sigriður og Pétur eignuðust 6 börn. Elstur var Helgi (f. 31/3 1872-d. 28/1 1949) svo kom Sigurður (f. 25/5 1873-d. 6/10 1952) Ástriður (Ásta) (f. 5/10 1876-d. 12/6 1958) og Kristin Sigriður (f. 16/2 1880-d. 26/3 1923). Tvö önnur börn fæddust en heimildir um þau eru fátaeklegar. Kannski hafa þau fæðst andvana eða lifað skammt og ekki verið skírð. Helgi og Sigurður eru sennilega fæddir í húsi Ingibjargar Johnson við Lækjargötu en Ásta og Kristín í gamla húsinu, Smiðjustig 5 a. Í stóra húsinu fæddist Þórarinn Brandur, bróðir minn, og Anna frænka segist líka vera fædd þar, en ég veit ekki um Pétur Hamar. Væntanlega er hann fæddur þar líka.

Sjálfur er ég fæddur á fæðingardeildinni í gamla Landspitalahúsinu. Fæðingin var sitjandi og ekki hættulaus hjá konu sem var að fæða í fyrsta sinn. 1964 var ég að vinna á þessari sömu deild en þá var hún orðin að barnadeild.

Í stóra húsinu dóu Pétur (1909), Anna Sigriður (1921) og Helgi (1949).

Helgi var snemma kotroskinn eins og sést af sögunni þegar hann ávarpaði Kristján IX 1874. Konungur reið eftir Lækjargötu en aði Helgi var á svölunum á annarri hæð í húsi Ingibjargar Johnson.

„Sæll kóngur“ sagði drengurinn.

Konungur svaraði ekki.

„Sæll kóngur segi ég.“

Ekki segir þessi saga úr ættinni hvort konungur hafi þá svarað. Sennilega hesur hann gert það. Konungur var annars mjög vingjarnlegur í þessari ferð sinni. Hann hafði tal af fólkí á förnun vegi og jafnvel leit inn á heimili þeirra.

Það er til mynd af systkinum fjórum, sennilega tekin 1884. Bræðurnir eru fyrir miðju, Ásta til vinstri, Kristin til hægri. Bræðurnir eru eins klæddir í svörtum jökkum og gráum buxum. Engin brot voru í buxum á þeim tímum. Þeir eru í hvítum skyrtum með þverslaufur. Helgi er á góðu vaxtarskeiði, því jakkinn er fremur ermastuttur og óhnepptur. Hann heldur í hönd Ástu. Sigurður skakkar höfðinu einkennilega frá stóra bróður. Báðir bræðurnir eru ljóshærðir en eiginlega ekki likir. Helgi er eins og Stefán bróðir minn var ungar. Svip Sigurðar þekki ég ekki. Ásta er í dökkum fallegum kjól með men, sem líkist krossi, um hálsinn. Hárið greitt aftur. Það er ljóst en ívið dekkra en hár bræðranna. Hún horfir stolt inn í myndavélina og reigir sig aðeins meir en hin systkinin. Hún virðist öruggust í fasi af þeim systkinum. Vissi greinilega snemma að hún var prinsessa. Kristín er í ljósum kjól, aðeins of stórum. Hárið er ljóst og skift hægra megin. Hún horfir feimin og niðurlút inn í myndavélina. Báðar eru systurnar í hálfháum, reimuðum stigvélum. Ásta í dökkum sokkum, Kristín í ljósum. Kristin heldur í hönd Sigurðar.

Mér finnst þessi mynd segja mér mikið um systkinin og innbyrðis afstöðu þeirra. Ég held að það hafi verið gert upp á milli þeirra. Kannski ekki viljandi. Anna Sigríður og Pétur voru áreiðanlega góðir foreldrar sem vildu allt fyrir börn sín gera. En þetta var samt einhvers konar A og B lið. Helgi var frumburðurinn. Honum stóðu allir vegir færir. Varð sem fullorðinn ákafléga friður og vel vaxinn. Það voru aldrei neinar efasemdir um að hann yrði sendur til Kaupmannahafnar til æðra náms. Tafðist aldrei frá námi af efnahagslegum eða öðrum ástæðum.

Hafði fullan stuðning foreldra sinna. Náði markmiði sínu með miklum heiðri. Varð fyrsti fullmenntaði jarðfræðingurinn á Íslandi. Doktor í jarðfræði við Kaupmannahafnarháskóla 16. des. 1905.

Sigurður fór líka í Lærða skólann en varð fótaskortur og lauk ekki stúdentsprófi. Byrjaði að drekka mikið og sóa fé. Ógnaði óreglan jafnvel fjárhag allrar fjölskyldunnar. Sigurður hélt ekki áfram námi en fór á sjóinn og stundaði fiskveiðar. 1895 skýtur honum svo allslausum upp í Kaupmannahöfn þar sem Helgi, bróðir hans, hafði verið við nám frá haustinu 1891. Hélt Sigurður uppi syrra líferni með drabbi og drykkjuskap. Fékk hann fé frá bróður sínum. Prátt fyrir allt slepptu foreldrar Sigurðar aldrei hendi af honum og Anna Sigríður lofaði að bæta Helga það sem hann gaf bróður sinum. Eftir dapurlegt jólakvöld þeirra tveggja 1895, fylgir Helgi bróður sinum til skips. Sigurður er nú háseti á dönsku Ameríkufari. Hann hyggur á nám í sjómannaskóla á Fanö og ætlar Anna Sigríður að styrkja hann. En óreglan eyðileggur þetta allt. Í nóvember 1896 fer hann svo vestur um haf og sest að í Kanada. Þar vegnaði honum vel, eignast góða konu og lifir lengi í farsælu og ástríku hjónabandi. Gegndi trúnaðarstörfum í smábænum þar sem þau settust að. Þegar hann frétti lát bróður síns 1949, skrifsaði hann Önnu frænku bréf 2/5 1949 :

„Sonur minn (hann hét Helgi) sem var hjá okkur um tíma í veturna mætti gömlum landa upp í bæ sem sagði honum, að hann hefði sjeð í blöðunum að Helgi bróðir væri látin og bætti því við að þar væri fallinn í valinn vitrasti íslenskur rítsmillingur síns tíma, og ég bæti við óvenjulega góður maður í orðsins besta skilningi. Mér þótti ákaflega vænt um Helga.“

Ásta (Astriður) var prinsessan frá fyrstu stund. Hún var af sumum talin fallegasta stúlkani í Reykjavík. Hún var glaðvær, hnyttin og skemmtileg og hafði mikla persónutöfra eins og sumt af

þessu fólk eins og til dæmis Þórarinn pabbi minn. Ég heyrði Önnu frænku segja frá því hve henni mislikaði mikið þegar pabbi skreið upp í sangið á kerlingunum og heillaði þær upp úr skónum. Þetta táknað sennilega að Anna hefur farið halloka í persónutöfraleiknum.

Sumarið 1897 kom til Reykjavíkur Hans, barón von Jaden, stundum kallaður freiherr von Jaden. Hann var búsettur í Vínborg, doktor í lögfræði og varð hæstaréttardómari. Hann kom með þrem félögum sínum. Þetta voru allt áhugamenn um Ísland og germönsk fræði og þess vegna voru þeir þarna komnir. Það var hald manna í hinum þýskumælandi heimi að síðustu leifar upphaflegra Germana væru á Íslandi. Í munnum aðum fjölskyldunnar segir að Ásta og baróninn hafi fyrst séð hvort annað á útisamkomu við Rauðará 2. ágúst 1897. En til er önnur saga þar sem hann sér hana úti í glugga á Smiðjustígnum. Einhver velviljaður (sennilega móðir viðkomandi stúlku) vildi kynna hann fyrir fallegustu stúlku í Reykjavík en þá sagði barón :

„Pess þarf ekki, ég hef þegar séð hana.“

Trúlofunarhringur þeirra er enn til. Í honum stendur ártalið 1897. Þau giftu sig í Frúarkirkju í Kaupmannahöfn 1899 og var þá komin fyrsta og kannski síðasta barónessa á Íslandi. Helgi, bróðir hennar, var viðstaddir en ekki foreldrar. Sennilega hafa þau gift sig í Kaupmannahöfn svo að ættingjar hans ættu hægar með að vera viðstaddir.

Áki sagði mér að ætt barónsins væri ekki gömul sem aðalsætt heldur frá um 1800. Þetta var traust embættismannaætt sem fékk aðalsnafnbót likt og menn á Íslandi fá nú fálkaorðuna fyrir að stunda sín embættisstörf. Með öðrum orðum, engin útnesning á blóðugum vígvelli estir glæstan sigur.

Baróninn var dökkhærður og dökkleitur með yfirvaraskegg og hökutopp. Notaði gleraugu af pinz nez gerðinni. Ef Ásta var fallegasta stúlkan í Reykjavík þá var Hans barón ekki sá fallegasti í Vínborg. En ég held að hann hafi verið góður maður og farið vel með þetta fallega fiðrildi frá Íslandi. Þau eignuðust engin börn. Hans barón var völundur mikill. Skar út og smiðaði. Eftir hann

lágú til dæmis um 50 eldspýtustokkar þar sem hann hafði smíðað inn örlítil líkön af byggingum. Sumt af þessu, sagði Áki mér, var af hans eigin húseignum í Austurríki og Ungverjalandi. Í fyrri heimstyrjöldinni urðu þau, eins og svo margir í Austurríki, fyrir miklu efnahagstjóni. Töpuðu þau öllum eignum í Ungverjalandi við byltinguna þar 1919. Anna gaf mér 4 af þessum sérkennilegu eldspýtustokkum og á ég þá enn. Ég veit ekki hvað varð af öllum hinum. Ég á hins vegar björbük barónsins, Bierbuch. Bókin er sérlega vandlega innbundin með látni á spjaldarhornum og skjaldarmerki barónsins úr emaléraðum málmi að framan. Svo virðist sem baróninn og vinir (allt karlar) hans hafi komið saman reglulega og drukkið bjór. Þetta bjórsamkomulag eða félag var stofnað 29. ágúst 1896 samkvæmt bókinni. Eru færslur inn i bókina fram til 24. janúar 1927. Skrifuð er fundargerð hverju sinni og er hún undirrituð af þáttakendum. Þeir eru misjafnlega margir, frá 5-6 til 16-17. Það sem sérkennir bók barónsins er að þar eru viða skoplegar, ákaflega fingerðar og vel teiknaðar blyantsmyndir. Maðurinn hefur haft listræna hæfileika í besta lagi. Svo var hann ritsær vel og nokkuð skáldmæltur.

En það var ekki einfalt mál að koma til höfuðborgarinnar í keisaradæmi Habsborgaranna með einhverja stúlku, þótt falleg væri, frá litlu landi sem enginn vissi neitt um eða hafði séð. Baróninum þótti sem hans folk og vinir litu niður á konu hans vegna ættsmæðar. Baróninn fékk nú ættfræðing til að rekja ættir konu sinnar. Gerði hann það ö tullega aftur til Noregskonunga og þaðan af lengra. Endaði hann á Eneas sem slapp úr Trójubardaga og komst til Rómaborgar. Varð hann forsaðir Júliusarættarinnar en þar er kunnastur Július Caesar. Var þetta allt auðrakið. Umsátrið um Tróju er talið hafa verið um 1260 f. Krist og var það Helena fagra sem kom af stað þessum ósköpum. Þess vegna skírði ég dóttur mína Helenu svo nafnið færi ekki úr ættinni.

Þetta tiltak barónsins hefur sennilega virkað því svo segja ættarmunnmæli að Ásta hafi verið kynnt formlega fyrir Frans Jósef, keisara, á hirðballi 1912.

Það er annars gaman að skoða árið 1912 í þessari töfrandi heimsborg eins og hún var og er enn. Þá voru „allir þarna”. Adolf Hitler malaði hús. Jósif Broz, seinna Tito, gerði við bíla. Lenin sat á kaffihúsi eins og venjulega og Stalín og Trotsky komu í heimsókn. Sigmund Freud var með bekinn sinn og sálgreindi betri borgara. Laxness segir einhvers staðar að hvergi hefði sálgreiningin getað kviknað annars staðar en þarna í sjúklegu gróðurhúsaandrúmslofti í ofskreyttum íbúðum Vínarbúanna á þessum árum fyrir stríðið stóra.

Ásta og baróninn voru ákaflega gestrisin og létu sér sérlega annt um alla íslenska námsmenn í Vínarborg. Þeir voru börnin þeirra. Ég hef séð gestabók þeirra og þar eru mörg nöfn Íslendinga sem seinna urðu þjóðkunnir. Í Uppsöldum, 1971, kynntumst við Hrafnhildur Sigurði Steingrímssyni guðfræðingi. Hann var sonur Steingríms ráðherra Steinþórssonar. Sigurður var við framhaldsnám í guðfræði og hugðist taka þetta alveg frá rótum. Var hann því að læra assýrisku. Í Uppsöldum voru þá um 1000 prfessorar þaraf einn i assýrisku. Hann hafði einn nemanda. En Sigurður var líka hjómlistarmaður og hafði spilað í symfoníuhljómsveitinni. Hljómlistarnámið stundaði hann í Vínarborg. Og auðvitað hafði hann kynnst Ástu. Hún var þá ekkja og þetta var fáeinum árum fyrir lát hennar (1958). Ásta hélt sem fyrr sunnudagaboð fyrir namsmenn en nú fór hún með þá á útiveitingastaði. Hún var kát og töfrandi eins og aður og hrókur alls fagnaðar. Mundi Sigurður eftir því að eitt sinn sagði hún :

„Drekkið þið strákar, bara drekkið þið. Það er nóg vín hérna í kjallaranum.”

Þegar bróðir Ástu, Helgi, komst í vandræði með börn sín eftir brotthlaup Kristínar ömmu, skrifaði hann systur sinni og spurði hana hvort þau hjónin vildu taka Þórarin, pabba minn, til sín. Það vildi Ásta ekki.

Við Hrafnhildur höfum verið að leika okkur að hugmyndinni ef það hefði skeð. Þá hefði hann kannski kallað sig Thor Brand, baron von Jaden. Hann hefði áreiðanlega sómt sér vel þarna hjá Vínarbúum.

Þegar Ásta dó fór Anna frænka til Vínarborgar til að vitja arfs. Fékk hún kaldar viðtökur frá aettingjum hans sem vildu taka arfinn. Stóð hún í miklu stappi í two mánuði. Kom til réttarhalds þar sem Anna varði sig fimlega á góðri þýsku. Hvað hún fékk út úr þessu í krónum og aurum veit ég ekki. Hún var alltaf mjög þögul um beinharða peninga. Eitthvað hafði horfið úr búinu og ásakaði Anna þessa Austurríkismenn um þjófnað. En þeir brostu bara á sinn venjulega töfrandi hátt og sögðu :

„Nei nei. Við stelum ekki. Sjáðu bara Ítalina. Þeir stela miklu meira.“

En Anna kom með margt heim. Þar á meðal stórt og fallegt málverk af Ástu og embættissverð barónsins. Stóla sem baróninn hafði smíðað og skorið út listilega. Þarna var líka mjög sérstæður skápur sem ég hélt alltaf að væri kínverskur. En svo sá ég frumgerð skápsins í Bæjarsafni Vínarborgar. Handiðnaðarsambandið í Vínarborg hafði látið gera þennan skáp sem gjöf til Frans Jósefs, keisara, 1856. Þá var þarna stór og glæsileg borðklukka. Hún var eftirmynnd af klukku sem Napóleon hafði gefið Frans I, tengdaföður sinum, pabba Mariu Lovísu. Frumgerð hennar sá ég á safninu í Hofburg, hinni geysistóru höll Habsborgarkeisaranna. Þar höfðu þeir safnað að sér alls konar dótí. Meðal annars var þarna sverð Karlamagnúsar, framhandleggurinn af Önnu, móður Mariu meyjar, og vagga konungsins af Róm (Napóleon II).

Ég veit ekki hvernig Ástu og baróninum vegnaði í seinni heimsstyrjöldinni en Vínarborg varð fyrir talsverðum loftárásum. Baróninn hélt dagbók. Hana sá ég bara einu sinni þegar Áki las úr henni fyrir mig. Var það þegar Rússar tóku Vínarborg í apríl 1945. Komu þá tveir rússneskir hermenn inn í íbúð þeirra. Lýsti baróninn þeim sem undirmálsfólk (Untermenschen). Að sögn barónsins urðu þeir svo agndofa yfir að sjá fullar bókahillur hans að þeir skildu strax að þarna hefðu þeir ekkert að gera. Fóru þeir án þess að gera óskunda. Baróninn átti þá ekki langt ólifað og lést í striðslok. Þau bjuggu síðast í Wallrisstrasse 72 og eru grafn í Grinzingen Friedhof.

Þegar ég svo lit astur yfir líf Ástu á Íslandi og í Vinarborg þá er þetta eiginlega allt saman ein Vínaróperetta.

Öðru máli gegndi um Kristínu Sigríði. Hún var í B flokknum. Fremur lágvaxin, hnelli og búlduleit. Blíð og vingjarnleg og ekki ólagleg en náði þar ekki stóru systur sinni. Hélt frábær afmælisboð fyrir börnin er haft eftir Önnu frænku. Hún varð fyrir því óláni að eignast barn með Guðmundi Eggerz sagði pabbi mér. Var hún send til Kaupmannahafnar til að fæða eins og þá var síður hjá svokölluðum betri borgurum. Barnið var gefið. Það var hennar einasta barn. Guðmundur Eggerz var fæddur 1873. Hann var greinilega heimilisvinur því að í ferðabréfi 1891 um borð í Láru á leið til Kaupmannahafnar, skrifar afí Helgi um Mumma sem var með og áttu allir að skilja við hvern var átt. Hann varð kand. júr. frá Kaupmannahafnarháskóla 1902 og kom heim 1905 með danska konu sina. Sýslumaður á Akureyri.

Kristín giftist dr. Hermann Thurnwald. Hann var þýskur jarðfræðingur sem hafði stundað mikið rannsóknir í þýsku Austur-Afríku þar sem nú heitir Tansanía. Pabbi lýsir honum sem drykkfelldum leiðindagaur. Honum var laus höndin og misþyrmdi hann konu sinni. Kristín fékk krabbamein í brjóst og var það fjarlægt. Hún fékk geislameðferð í Halle í Þýskalandi en þar áttu hjónin heima. Eitthvað voru þjóðverjarnir slakir í tækninni því hún fékk slæm brunasár sem ekki gréru. Hún hlaut þar ömurlegan dauðdaga en er jörðuð í Reykjavík. Þetta hef ég allt frá pabba.

Í heimildum er sagt að Helgi og Ásta hafi verið góð og þæg börn en Sigurður og Kristín óþekk. Nú vitum við meira um að innbyrðis röðun systkina getur haft mikil áhrif. Það getur ekki hafa verið auðvelt að stöðugt þurfa að lita upp til stóru systkinanna og kannske heyra :

„Vertu nú eins og Helgi, vertu nú eins og Ásta.”

Sigurður virðist hafa haft eitthvað samband við Önnu en ekki við aðra í ættinni hvað ég veit. Frá henni er komið að hann hafi einu sinni skrifað :

„Tvennt hef ég haft umfram Helga, bróður minn. Langt og gott hjónaband og góða
heilsu.“

6

Hún og hann

Þetta sem nú kemur er viðkvæmt mál. Hér reyni ég að fara inn í huga og innsta sálarkrika hjá tveim persónum. Ég þekkti þau vel, en ég var ungar og varla fullvaxinn, þegar bæði voru dáin. Þetta verða því miklar getgátur. Ég nefni þau ekki með nafni og hef helst engin mannanöfn í frásögninni. Ég kalla þau bara hún og hann og reyni að lýsa hugsunum þeirra. Í lok kaflans koma svo nauðsynlegar skýringar og líka heilabrot. Staðurinn er Reykjavík rétt eftir 1900.

HÚN (1901)

Ég vil burt héðan. Ég vil fara suður og fara í skóla, Kvennaskólann. Ég vil ekki, vil ekki verða sveitakelling hérna við fjörðinn með marga krakka og þreytusvip. Ég vil ekki verða eins og mamma, alltaf leið og niðurdregin af því að pabbi er svo mikið hjá ekkjunni. Hvað sér hann í henni? Vist hlær hún mikið og á fallegan upphlut, en hvað svo? Nei, ég vil komast héðan. Ég ætla að hamast í pabba. Ég er nú augasteinninn hans af því að ég er svo falleg. Það segja allir.

Að geta búið svona eins og við gerum. Við erum svo mörg og það er svo þróngt. Það batnaði mikið þegar pabbi byggði útíkamarinn. Það var hræðilegt að verða alltaf að fara út í fjósið. En

mér er alltaf kalt á vetrum og mér finnst þakið leka meir og meir. Af hverju getum við ekki átt hús eins og þeir hafa í Reykjavík? Pabbi fiskar vel og hann er nú orðinn frægur eftir að hann bjargaði öllum sínum fjórum hásetum aleinn þegar þeim hvolfdi í lendingunni. En hann er líka svo rosalega sterkur. Nú róa ekki hinir formennirnir nema pabbi rói fyrst. Þeir halda að hann sé svo veðurglöggi. Nei, ég verð að komast suður. Ég gæti búið hjá frænku og manninum hennar. Þau hafa áreiðanlega nóg pláss svona barnlaus. Ég ætla að vera afargóð við pabba í kvöld og svo sjá til.

HANN (1903)

Það er ljóst mál að ég get ekki heldur kennt við skólann hennar frænku næsta vetur. Ég verð að halda áfram að skrifa doktorsritgerðina, en hún skal verða sú besta í jarðfræði sem nokkru sinni hefur verið varin við Hafnarháskóla. Annars var gaman að kenna. Stúlkurnar prúðar og námfúsar. Svo var gaman að tala við gömlu kennarana í langahléi. Skólinn er í ágætishúsi við Austurvöll. Það gat stundum verið erfitt að ganga niður Bakarabrekku. Ýmist var hún glerhál eða eitt forarsvað. Og svo lækurinn úr tjörninni. Hann er bestur frosinn. Á sumrin óþolandí óþefur. Þessir landar mínir henda alls konar rusli og hræum í lækinn. Hvenær geta þeir lært hreinlæti? Austurvöllur er alltaf til prýði eftir að hann var girtur af og skepnurnar hættu að ryðjast þar um. Nú eru víst um 6000 íbúar í Reykjavík og má segja að hér sé vísir að borg.

Nei, ég verð að herða mig við ritgerðina en mig vantar fé. Allur Carlsbergstyrkurinn fór í að byggja nýja húsið. Það kostaði heilar 5000 krónur. Kannski hún frænka geti sent mér aftur nemendur í einkatíma. Þetta var ágætt í vetur sem leið, en það mega ekki vera fleiri en 4-5 nemendur. Fer vel á því að ég kenni náttúrufræði og landafræði uppi, en mamma kennir á pianó

niðri. Pabbi er svo í litlu skrifstofunni sinni í gamla húsinu og tekur gjöld af bæjarbúum. Allt er á sínum stað.

HÚN (1902)

Nú spyr ég pabba í kvöld hvort ég megi fara suður í skóla. Ég skal vera svo góð við hann. Draga af honum sokkana og láta hann hafa þurra. Og svo kaffibolla með kandísmola.

HÚN sama kvöld

Þetta var skrítíð. Þessu hefði ég aldrei trúáð. Pabbi varð reiður og sagði að ég myndi ekki fara suður. Ég yrði send í vist hérna í sveitinni. En þá gerðist undrið. Mamma varð ennpá reiðari en pabbi. Ég hef aldrei séð hana svona. Hún sagði:

„Dóttir míن skal fara suður til að læra. Hún skal fá það sem ég ekki fékk.”

Og pabbi, sem er vanur að öskra á kallana sina og stundum lemja þá, hann lúffaði. Og nú fer ég suður.

HANN (1903)

Það er laugardagur en mamma ætlar ekki að spila á hótelinu í kvöld. Hún er búin að bjóða kaupmannshjónunum heim. Þau koma með dóttur sinni sem er bæði falleg og gjafvaxta. Efstir matinn spila þau gömlu vist, en við unga fólkid eigum að tala saman. Ég veit hvað mamma vill. Henni finnst ég ekki ganga út, en ég hef engan tíma til að standa í hjónabandi. Ég þarf að skrifa, ekki bara doktorsritgerðina, heldur líka ferðapistla og greinar. Ekki má heldur gleyma

rannsóknarferðunum. En mamma er alltaf svo ákveðin. Hún hættir ekki. Pabbi er nú drjúgur líka en fer betur með það.

HÚN (1902)

Hvílikt ævintýri að sigla með strandferðaskipinu frá Stykkishólmi. Skipið er svo fallegt. Allt fágað og fint, maturinn góður. Mamma var með mér, enda er það frænka hennar sem ég á að búa hjá. Pabbi er alltaf svo upptekinn og lítið heima hjá okkur.

Mikið er gaman að vera komin suður. Og hvað bærinn er stór! Allt þetta fólk á götunum. Svo eru meira að segja fortó (gangstétt) sem maður gengur á, alveg þurr á fótunum. Og öll ljósin í gluggunum. Það eru líka ljós á götunum, auðvitað kölluð götuljós.

Það er gott að vera hjá frænku. Þau eru svo góð við mig. Eins og ég væri dóttir þeirra. Ég hef herbergi fyrir mig eina . Það er fremur lítið og undir súð, en svo mun betra en heima . Þar sváfum við systurnar þrjár í smá kytru. Skólinn var settur í dag. Það var mjög hátíðlegt. Forstöðukonan sýnist mjög ströng, en afar virðuleg með heiðursmerki í barmi. Það er verið að sauma á mig peysuföt. Við verðum allar að eiga peysuföt sem við notum við hátíðleg tækifæri. Ég vona að þau verði tilbúin fyrir sunnudag en skólastúlkurnar fara alltaf í kirkju á sunnudögum. Þá ætla ég að líta vel út. Mér finnst ég vera falleg miðað við hinar stelpurnar. Sumar eru ennþá eins og fermingarstelpur. Ég er miklu fullorðnari og þroskaðri..

HÚN (1903)

Jæja, þá er skólaárið liðið. Þetta var mjög gaman og ég hef eignast góðar vinkonur. Ég hef líka kynnst góðu fólk hjá frænku og manni hennar. Verst að einkunnirnar voru ekki betri. Ég verð að herða mig næsta vetur. Nú ætla ég að vera dugleg við að hjálpa mömmu og pabba.

HANN (1903)

Ég er næsta ánægður með þessar tvær rannsóknarferðir í summar. Nú verð ég að herða mig við að vinna úr þeim og senda ritgerðina utan. Ég hef heldur ekki tíma í veturn til að kenna hjá frænku. Kannski hún sendi mér aftur einkanemendur.

HÚN (1903)

Þetta hefur verið gott summar. Ég eignaðist fjölgur lömb og pabbi ætlar að leggja þau inn í reikning hjá kaupmanninum í Stykkishólmi. Þannig fæ ég vasapeninga í veturn. Ég hlakka svo mikið til að byrja í skólanum.

Það er mikið talað hérla í sveitinni um unga jardfræðinginn sem er við rannsóknir í Búlandshöfða. Stúlkurnar á bæjunum segja að hann sé svo fallegur og glæsilegur. Svo er hann mjög kurteis og vingjarnlegur. Ég hef bara séð hann álengdar þegar hann reið framhjá, en pabbi hefur nokkrum sinnum talað við hann og lætur vel af honum.

HÚN seinna

Það er svo gaman að ferðast með skipinu frá Stykkishólmi. Það er allt svo hreint og fint um bord. Maturinn alveg dásamlegur. Mamma fylgdi mér suður. Hún ætlar að búa hjá frænku, en hjá henni

verð ég aftur í vetur. Mamma ætlar að hitta fólk og útréttá eins og það er kallað. Fer svo aftur með skipinu eftir tvær vikur.

Ungi stýrimaðurinn er alltaf að reyna að tala við mig þegar mamma er ekki nálægt. Hann er svo glæsilegur í einkennisbúningi sínum. Hann kann svolitið í íslensku en mest tölum við dönsku.

Það er skritið að vera komin aftur til Reykjavíkur. Hér finnst mér ég eiga heima. Forstöðukonan kallaði mig inn á skrifstofu í dag. Hún var ansi ströng á svipinn. Einkunnirnar minar eru í lakari endanum sagði hún og lagði til að ég fengi einkatíma. Ég á að tala um þetta við frænku. Ég sagði henni að mamma væri hérra ennþá og skyldi ég þá ræða þetta við þær báðar. Forstöðukonan sagði að ungar frændi hennar taki nemendur í einkatíma. Svo nefnir hún nafnið og það er jarðfræðingurinn friði. Mamma og frænka voru sammála um að ég þyrfti einkatíma. Kennarinn er vel þekktur sómamaður sögðu þær. Svo er ekki langt fyrir mig að fara héðan úr Þingholtinu þangað sem hann býr í nýju húsi ásamt foreldrum sínum. Hvað ég hlakka til. Loks fæ ég að hitta hann. Hann er ekki trúlofaður eða orðaður við neina stúlkuna segja stúlkurnar í skólanum. Þær, sem hafa verið hjá honum í einkatíma, segja að hann sé alveg dásamlegur. Guð hvað ég hlakka til.

HANN (1903)

Í dag kemur sú fyrsta af fjórum stúlkum sem ég tek í einkatíma. Hún kemur kl. 15. Þetta verða ekki nema tveir tímar á dag sem gefur mér góðan tíma til að skrifa og fara í göngutúra í Öskjuhlíð. Hérra á skrifstofunni minni laga ég til sjálfur. Ég vil ekki að vinnukonan rugli bókum og blöðum. En hún þvær.

HANN seinna

Hvað þetta er falleg og glæsileg stúlka. Og hvað hún ber sig vel. Engin skosk hefðamær eiginlega, en miklu fallegri. Hún er fallegasta stúlkan sem ég hef séð í Reykjavík. Röddin blæbrigðarík og þýð.

HÚN (1903)

Enn hvað hann er glæsilegur. Og yfirskeggið fyrirmannlegt. Hann er svo bliðlegur og röddin falleg. Mér finnst hann vera fallegasti maður sem ég hef séð og fallegri en væntanlegur ráðherra okkar sem mamma segir að sé glæsilegasti maður á Íslandi. Ég held hann hafi roðnað svoltið þegar hann tók í höndina á mér.

HANN

Hún hlær lágt, en þegar hún gleðst, verða augun í henni dökkfjólublá. Þetta hef ég aldrei séð áður.

HÚN

Hann er alltaf svo vel klæddur og svo lyktar hann svo vel. Reykir ekki og tyggur ekki skro. Hann gerir leikfimisæfingar á hverjum degi eftir einhverju Möllerskerfi sem hann lærði í Kaupmannahöfn. Mér finnst hann frábærlega vel vaxinn. Enga fitu að sjá.

HANN

Það er erfitt að kenna henni. Hún er ekki sérlega námfús. Og svo horfir hún svona underlega á mig. Það truflar mig.

HÚN

Mig langar til að kyssa hann. Ég kann vel að kyssa. Það lærði ég í vetur sem leið.

HÚN seinna

Ég gerði það. Hann hrökk svo við. Svo tók hann svo hræðilega fast utan um mig. Ég hélt hann ætlaði að kremja hjartað úr brjósti mínu. En hann sagði ekkert.

HANN (1903)

Hvað er hún að gera? Ég verð að hætta að kenna henni. Nei, það get ég ekki. Ég verð að fá að sjá hana.

HANN seinna

Hvernig gat þetta skeð? Þetta mátti aldrei verða. En hvað hún var falleg og likami hennar eins og musteri. Þetta var himnaríkið sjálft. Eithvað annað en þessar kaupakonur í Kaupmannahöfn með sitt tveggja manna alkort sem kostar eina krónu eins og Eiríkur á Brúnum segir svo vel frá.

HÚN

Var þetta allt? Það var ekkert gott og eiginlega dálitið sárt. Svo blæddi svolitið. En ég elsko hann. Ég vona að hann hætti ekki við mig eftir þetta. Það skeður svo oft segja stelpurnar í skólanum. Ég vona að ég fái að vera áfram hjá honum. Þetta verður okkar leyndarmál.

HANN(1903)

Nei, þetta gengur ekki. Hún verður að fara. Ég get ekki staðist hana ef hún er nálaegt mér. Hún getur ekki orðið konan mínn. Hún er of ung, nánast barn. Þó vil ég enga nema hana. Og þessar stúlkur sem mamma og góða konan í Skotlandi voru að sýna mér. Ég get ekki hugsað mér neina þeirra.

Hún (1903)

Guð almáttugur. Það koma engar blæðingar. Hvað á ég að gera? Ég verð að segja honum frá þessu. Það verður erfitt. Mér þykir svo vænt um hann en ég veit ekki hvort ég elsko hann.

HANN (1903)

Betta var nú verri sagan. Og hún bara 16 ára. Hér verður maður að standa við sitt og giftast henni. Til þess þarf konungsleyfi. Ég veit að hún getur orðið góð eiginkona og módir. Ég er ákaflega hrifin af henni en þessi ást. Er hún hér? Það verður ekki létt að segja mómmu frá þessu. Hún vildi handa mér gott kvonfang. Ekki alveg eins og hjá systur sem fékk sinn barón, en góða konu af stöndugri fjölskyldu, eignafjölskyldu. Nei, henni kemur til að líka þetta illa. Ættlaus bónadstúlka

að vestan sem ekki hefur náð giftingaraldri. Það verður betra að eiga við pabba. Hann er alltaf svo rólegur og æðrulaus. En mamma hefur alltaf ráðið mestu.

HÚN (1904)

Þetta eru verstu jól sem ég hef lifað. Pabbi og mamma komu að sækja mig. Pabbi var ógurlega reiður. Ég er viss um að hann hefði slegið mig ef mamma hefði ekki verið þarna. Forstöðukonan kvaddi mig mjög kuldalega. Í þennan skóla fer ég aldrei astur. Elsku frænka hefur grátið mikið, en ég græt ekki lengur. Við eignum að heita trúlofuð. Það var ákaflega erfitt að heimsækja foreldra hans í nýja húsinu. Það virtist þó fara vel á með pabba hans og pabba mínum. Mamma hans horfði á mig ískoldum augum og brosti aldrei. Það á að sækja um konungsleyfi. Mér fannst hann eins og hálf viðutan. Hann hefði þó getað haldið í höndina á mér.

Sjóferðin heim var hrædileg. Það var vont i sjóinn og ég var svo sjóveik. Ekki bætti þar úr ógleðin sem hefur verið að hrjá mig. Stýrimaðurinn, fallegi, virti mig ekki viðlits. Hann gæti hafa heyrت eitthvað eða kannski var hann bara hræddur við pabba. Hann sat ófrýnilegur og talaði ekki við neinn. Það var gott að elsku mamma var með. Hún er mér svo hlý og góð. Hér í sveitinni er mikið pískrað og alltaf verið að spyrja mig hvers vegna ég hafi hætt í skólanum. Ég tala helst ekki við neinn. Það sér ekkert á mér ennþá.

HÚN seinna

Jæja, loks er konungsleyfið komið. Nú geta allir fengið að vita að ég er að fara suður til að giftast jarðfræðingnum glæsilega, sem allir voru svo hrifnir af heima í sveitinni í sumar sem leið. Mamma og vinnukonurnar hafa verið að útbúa heimanmundinn minn. Brúðarkjóllinn verður

saumaður fyrir sunnan. Við mamma búum hjá frænku eins og venjulega. Hann og ég höfum skrifast mikið á í veturnar. Bréfin hans eru svo góð. Hann segist elskalig og sé fullviss um að ég verði heimsins besta eiginkona. Ég held ég elski hann líka.

HANN (1904)

Þá er komið að þessu. Þetta er nú kannski ekki alveg eins og ég hafði hugsað mér. Eiginlega er sannleikurinn sá að ég hef aldrei almennilega hugsað úti hvernig eða hverri ég myndi giftast. En hún verður góð eiginkona. Við munum hafa það gott hérna á efri hæðinni með eigið eldhús og stórt svefnherbergi. Ég flyt skrifstofuna mína inn í litla herbergið. Stóri bókaskápurinn getur vel verið áfram í stofunni. Það er prýði af honum. Stofan er stór og getur líka notast sem borðstofa.

HÚN (1904)

Á morgun, 30. mars, verðum við gefin saman hjá borgarfógeta. Daginn eftir verður hann 32 ára. Svo, 2. apríl, verð ég 17 ára. Ég er kannski svöltið ung en er alveg orðin fullvaxta og lit út sem fullorðin kona, falleg fullorðin kona. Svo förum við að búa á efri hæðinni í nýja húsinu. Það er búið að láta smíða heilmikið af húsgögnum. Stóð tengdapabbi fyrir því, en pabbi sendi líka peninga. Við höfum alla efri hæðina fyrir okkur en tengdamamma er búin að leigja út gamla húsið. Við ætlum ekki að hafa neina vinnukonu. Ég kann að elda og get séð um heimilið sjálf. Við fáum lánaða vöggu hjá frænku. Hún er talsvert gömul og hafa legið í henni nokkur börn. Það verður svo gaman að geta kallað sig frú. Nú verða þær skrítnar í framan, stelpurnar í skólanum. Ég vona að ég sjái ekki forstöðukonuna framar. Það varð ekkert af að ég fengi hvitan brúðarkjöl. En ég sékk það sem betra var, þjoðbúning með nýja laginu úr svörtu silki með gylltum útsaumi í

kraga og belti. Hvítan fald á höfði og gullna ennisspöng. Hann á kjólföt. Hann er alltaf svo vel klæddur, enda fataði hann sig upp þegar hann var í Skotlandi. Ég er viss um að gamla kellingin þar hefur bara verið skotin í honum. Það verður engin stórveisla. Bara þeir nánustu hérna í nýja húsinu.

HANN seinna

Loks er farið að voru. Ég er byrjaður á að undirbúa rannsóknarferðina í sumar. Nú vantar aðeins herslumuninn á að efni doktorsritgerðarinnar sé tilbúið. Næsta veturn skrifa ég hana í heild. Ég ætla að reyna að fá minn gamla leiðsögumann með mér einu sinni enn. Reyndar var hann tregur til síðast og þetta verður löng ferð, 7-8 vikur. Það er von að hann vilji ekki hverfa svona frá bústörfunum. Svo er líka að við leggjum af stað seinna en venjulega. Annars er gott að vera giftur. Hún er bæði rösk og dugleg í heimilisstörfum. Henni heilsast mjög vel og geislar af hreysti og segurð. Á kvöldin les ég fyrir hana úr góðum bókum en hún prjónar. Hún er farin að venjast þessu sífellda píanóglamri hjá misgóðum nemendum en það truflaði hana mjög í fyrstu. En þegar mamma spilar ein uppáhaldsverkin sín, þá nýtur hún þess. Það gerum við reyndar öll.

HÚN (1904)

Ég er orðin svo þung á mér. Samt er ég ekki þreytt. Ég er sterk. Hann er alltaf að undirbúa rannsóknarleiðangurinn og er tilbúinn að fara strax eftir fæðinguna. Þarf hann endilega að fara? Getur þetta ekki beðið til næsta sumars? Hann hefur nóg efni sem hann getur skrifat um. Hann hlustar ekki á mig. Segist vera búinn að fá styrki sem verði að nota í sumar. Hann er svo metnaðargjarn og duglegur.

HANN (1904)

Ef vel tekst með leiðangurinn í summar, þá get ég gengið frá ritgerðinni í vetur og haft hana tilbúna næsta vor. Hún er mjög leið yfir því að ég fer en ég verð að fara. Nú er góður gangur í málínu og ég hef margar stuðningsmenn. Mamma og hún hafa ekki alveg náð saman. Mamma er líka alltaf svo upptekin. Hins vegar fer vel á með pabba og henni. Þau sitja stundum saman og ræðast við á kvöldin. Ekki veit ég hvað þau tala um.

HÚN (1904)

Nú er alveg komið að þessu. Það er gott að mamma er komin. Hún er svo blið og góð og ásakar mig aldrei. Pabbi sendir góðar kveðjur og svoltla peningagjöf. Bráðum verður hann afi, rúmlega fertugur. Mamma og tengdamamma hafa lítið að tala um. Tengdamamma gleymir því aldrei að hún er af svo finum ættum. Tendapabbi er góður maður og hughreystir mig stöðugt.

HÚN seinna

Loksins er þetta búið. Það var ekki eins erfitt og vont og konurnar allar sögðu mér. Ljósmóðirin sagði mér að ég væri góð til að eiga börn og gæti átt mörg. Hann sonur okkar er svo fallegur. Er með nærri hvítan hárdún og þau fallegustu bláu augu sem ég hef séð. Ég hef nóga mjólk. Hann fór strax eftir fæðinguna 14. júlí og við sjáumst víst ekki aftur fyrr en í september. Þetta verður hræðilega lengi að líða. En svo kemur hann og þá skírum við drenginn og verðum loks ein fjölskylda. Ég er viss um að við verðum svo hamingjusöm.

SKÝRINGAR OG HEILABROT.

„Hjá ekkjunni “. Langafi hélt við konu á næsta bæ. Þetta vissu allir. Pabbi sagði mér frá þessu oftar en einu sinni.

„Ég er svo falleg “. Tvær fallegustu stúlkur við Breiðafjörð voru amma og önnur til. Þetta sagði mér Eiríkur Bjarnason, læknir, 1969 þá nýskorinn upp af mági sínum, Friðrik Einarssyni, og ég var að reyna að láta hann halda í lifsneistann með að spjalla við hann um fallegar konur þegar ég var á vakt á skurðdeildinni.

„Bjargaði öllum sínum fjórum mönnum “. 1969, þegar ég var að vinna við krufsningar á Landspítalanum, var þar eldri maður sem gekk gleiður eins og gamall sjóari. Hann var ófaglærður en hafði sem verkefni að opna hausa og hreinsa garnir. Þegar hann vissi hver ég var sagði hann mér söguna af Brandi langafa. Hann var bóndi, hreppstjóri og smáútgerðarmaður. Var með opinн bát með fjórum hásetum. Þeim hvolfdi í lendingu enda engin höfnin. Langafi komst á sker og þegar kallanir flutu framhjá dró hann þá upp á hárinu. Þessa sögu hafði pabbi aldrei heyrт.

„Ekki heldur kennt við skólann “. Það segir í bókinni Kvennaskólinn í Reykjavík 1874-1974, að Helgi Petursson (hann tók sér nafni Pjeturss 1908) hafi kennt náttúru og landafræði 1898-1899 og 1900-1901. Kristín Brandsdóttir (f. 2/4 1887) var nemandi við skólann 1902-1903. Afi kenndi því ömmu aldrei í skólanum. Það er engin skólamynd af ömmu í ritinu, því miður.

„Varin við Hafnarháskóla”. Hún var varin í desember 1905. Afí fékk undanþágu frá munnlegri vörn.

„Bakarabrekka”. Nú Bankastræti.

„Heiðursmerki”. Hún var Dannebrogskona, hafði sengið danskt heiðursmerki. Karlar voru kallaðir Dannebrogsmenn. Mér finnst hæfa að kalla hana Dannebrogskonu.

„Engin skosk hefðarmær”. Afí dvaldi hjá frú Disney Leith veturinn 1899-1900.

„Augun í henni dökkfjólublá”. Munnmæli í ættinni.

„Lyktar hann svo vel”. Þetta á amma að hafa sagt.

„Kaupakonur í Kaupmannahöfn”. Afí skrifar á einum stað um stúdentana two sem föru til vændiskonu saman. Ekki er minnst á verjur. Annar hafði engan viðbúnað á eftir en hinn hélt fyrir forhúðina og pissaði svo af krafti. Sá fyrrí veiktist og átti seinna engin börn. Hinn var friskur og átti börn. Hér virðist afí vera að tala um eigin reynslu.

„Gamla leiðsögumann”. Páll Lýðsson í Hlíð í Gnúpverjahreppi.

„Við verðum svo hamingjusöm”. Hamingjan stóð ekki lengi. Eftir 5 ár var allt búið. Aldursmunurinn var of mikill. Það er ekki sama á hvaða tímabili aldursmunurinn er. Ef hún hefði verið 25 ára og hann 40 ára, þá hefði kannski öðruvísi farið. En hann giftist barni, 16 ára,

verðandi 17 ára. Það voru 6 ár á milli hans og tengdamömmu (Ólina f. 1866) og 11 ár milli hans og tengdapabba (Brandur f. 1861). Var nauðsynlegt að fara í rannsóknarferðina 1904 þegar amma lá á sæng með sitt fyrsta barn, 17 ára gömul? Ekki gott að segja. Konur eru ákaflega viðkvæmar á þessu tímabili, liggjandi á sæng með sitt fyrsta barn. Þetta hef ég reynt sjálfur. Þegar Pétur fæddist (1957) fór ég nokkrum dögum seinna í margra daga veiðitúr með félögum mínum. Hrafnhildur fyrirgaf mér þetta seint. Vildi hann giftast henni? Hann var búinn að koma sér upp sæmdarorði og gat ekki annað gert til að halda sóma sínum. Elskaði hann hana? Það er erfíð spurning. Vist er að engin önnur kona kom inn í líf hans eftir að amma fór 1909. Þetta tók ég sem merki þess að hún væri eina ástin og eina konan í lífi hans. Nú er ég ekki svo viss. En þurfti hann nokkuð á konum að halda? Áður en hann kynntist ömmu fréttist ekki mikið af konum í lífi hans. Hann virðist ekki hafa verið að leita sér að kvonfangi og var þó kominn á fertugsaldur. En svo er hin dularfulla frú Disney Leith, hefðarkonan auðuga, Íslandsvinurinn, margra barna móðir og ekkja eftir gamla skoska hershöfðingjann. Afi og hún kynntust á skipsfjöl 1894 hann þá 22 ára. Ég veit ekki nákvæmlega hve gömul hún var þá. E.t.v. var 30 ára aldursmunur. Veturinn 1899-1900 er hann hjá henni. Örlagaárið 1908 fer hann í febrúar út til hennar. Hann er úti fram á haust. Pabbi fædist 9. ágúst í Stykkishólmi. Afi viðs fjarri. Þá var amma búin að fá nóg. Var eitthvað á milli afa og frú Disney Leith? Hann leitaði til hennar og fékkst nánast ekki til að fara heim. Hvaða nauðsynleg erindi átti hann í útlöndum sem kröfðust 7-8 mánaða viðveru?

Algernon Swinburne (1837-1909) var mikið skáld en honum þótti gott að láta flengja sig. Þess vegna, og vegna annarra afbrigða í kynferðismálum, varð hann illa þokkaður. Enska gamanritið Punch kallaði hann Swine-Born. Frænka hans, Mary Gordon (seinna Disney Leith), var æskuvinkona hans og hann bað hennar en hún giftist öðrum. Hann tók því þunglega. Hún neitaði því alltaf seinna að þau hafi verið elskhugar. Hins vegar á henni að hafa líkað vel flengingar en ekki gert meira en að ræða um þær (The Intimate Sex Life of Famous People, Wallace 1976).

Þetta var þá konan sem að heimsótti og bjó hjá . Eitthvað annað en reynslulaus og fáfróð skólastúlka heima á Íslandi. En hann var líka stundum heimavið og þau voru frjósöm. Börnin komu : Pétur Hamar 1904, Anna 1906, pabbi 1908 og Stella (Helga Kristín)1909. Svo virðist sem að amma hafi orðið ófrísk nálega strax eftir að hún hætti að hafa barn á brjósti. En nú var henni nóg boðið. Hún hélt að heiman, 22 ára gömul, mánuði eftir Stella fæddist (2. október 1909). Það var hennar fyrsta en líka síðasta utanför.

7

H.G.Wells og amma Kristín

H.G.Welles fæddist 1866 og er 6 árum eldri en afi. Hann var af fátaku bergi brotinn en tókst að ná sér í liffrædimenntun (B.sci. í biologi) frá Lundúnarháskóla. Útskrifaðist 1890. Hugðist hann stunda kennslu en varð að hætta vegna lélegrar heilsu. Hann fékk blóðspýting. Sennilega hesur hann haft lungnaberklu.

Hann snéri sér að skriftum sér til lífsviðurværис, fyrst kennslubók í liffræði (1893), en svo framtíðarsögur og vísindaskáldsögur. *The Time Machine* (1895) *The Wonderful Visit* (1895) og *The War of The Worlds* (1898). Varð hann brátt frægur mjög og sæmilega esnaður. Ég las sumar af þessum sögum á árunum 1955-1960 og þótti þær góðar, en nokkuð gamaldags miðað við aðrar visinda og framtíðarsögur sem ég las þá líka. Ég hætti því að gefa bókum hans gaum.

Afi hreifst mikið af bókum hans og svo seint sem 1923 hrósar hann bók *Wells, Men like Gods*, um líf á öðrum stjörnum (Ennyáll nót. 1923). Wells hélt áfram að skrifa bækur í þessum dír, en frægustu bækur hans á seinna skeiði ferilsins voru þó ekki skáldverk, heldur bækur eins og *The Outline of History* (1920) og *The Science of Life* (1933). Hann var skrifandi og gefandi út bækur nálega til dauðadags (ágúst 1946, nærri 80 ára).

En það var líka til önnur hlið á H.G.Wells. Það var baráttumaðurinn fyrir breyttum háttum í samfélagi nútímans. Hann gerðist jafnaðarmaður og gekk í The Fabian Society (1903) og var þar mjög framarlega, en var ekki leiðitamur og gekk úr félagini 1908. Hann byrjaði að skrifa skáldsögur sem vopn í baráttunni fyrir betra þjóðfélagi. Love and Mr. Lewisham (1901) var sú fyrsta af þessum bókum. Hann vildi frelsa konur úr viðjum Viktoríutímabilsins. Hann vildi frjálsar ástir og fullt sjálfstæði kvenna. Bókin Ann Veronica var einn liður í þessari baráttu. H.G.Wells er sennilega cinn af fyrstu kvenréttindabaráttumönnunum.

Það sem virðist hafa heillað afa mest við H.G.Wells var vísindaleg framtíðarsýn hans en þar átti hann til mikla bjartsýni en einnig tölverða bölsýni. En afi vissi líka vel af kvenréttinda og þjóðfélagsbaráttu Wells.

Sumarið 1908 er afi í Lundúnum. Fer hann með Sterling til Edinborgar í febrúar og svo seinna til Lundúna. Í ferðabók hans er skráð að 9. júlí sé hann að bíða eftir glíumönnum frá Íslandi sem eigi að glíma laugardaginn 11. júlí á Olympíuleikunum. Á afi að vera þeim til aðstoðar. Þá eru 4 vikur til fæðingar pabba (9. ágúst). Afi hefur þá verið erlendis í um 6 mánuði. Hann hefur haft tal af háttsettum merkismönnum. Hvernig fór hann að því? Jarðfræðingurinn frá fátaeka, fjarlæga Íslandi. Hann hlýtur að hafa haft meðmælabréf. Annars hefði það tæplega verið hægt. Að hafa meðmælabréf og svo að panta viðtalið. Það var eina leiðin til að hafa tal af þessum körlum. Og jafnvel það var ekki alltaf öruggt. Hvar fékk hann meðmælabréf? Það var enginn á Íslandi sem gat skrifad svona bréf. Allir óþekktir litlir kallar í danskri nýlendu með 7000 manna höfuðstað. Mér datt í hug ein persóna sem gæti hafa skrifad svona meðmælabréf. Hin dularfulla hershöfðingjaekkjá, lady Disney Leith. Þau höfðu þekkst lengi. Munnmæli segja að hún hafi komið 28 sinnum til Íslands. Í einni ferðinni tók hún heim með sér altaristöfluna úr

Þingvallakirkju sem bændamálarinn Ófeigur Jónsson hafði málað. Þessa altaristöflu fann svo, löngu seinna, Magnús Magnússon fréttamaður hjá BBC. Var það í Shorwell á eynni Wight en þar átti frúin höll. Taflan var send til Íslands og þar gerði Aage Nielsen-Edwin eftirmynnd af henni. Er hún nú í Þingvallakirkju þar sem öll þessi saga stendur á veggþöflu.

Áki (Aage), sem grúskaði mikið í gömlum bréfum og skjölum hjá Önnu frænku, sagði mér að lady Disney Leith hafi lært íslensku. Ekki var hún þó fullnema, því þegar pabbi fæddist, þá skrifar hún afa og segir: „Ég samhryggist þér vegna fæðingar sonarins.“ Villtist hún þarna á samhryggjast og samgleðjast.

Lady Disney Leith var háættuð. Afi hennar var jarlinn af Ashburnham og átti að vera hægt að rekja þessa ætt til Haraldar Guðnasonar sem barðist við Harald Harðráða 1066 og hafði sigur.

Pessi kona gæti vel hafa greitt götu afa í Lundúnum svona verandi af háaðlinum og með öll samböndin.

Afi fékk því að hitta H.G. Wells sem tók honum afsarvel en allir, sem um hann skrifa, eru sammála um hve hlýlegur og vingjarnlegur hann var. Virðast þeir hittast í Lundúnum því Wells býður honum að heimsækja sig í Kent og gerði afi það. Þegar Wells fór að efnast byggði hann sér hús í Sandgate í Kent þar sem sést yfir Ermasund. Eru til myndir af húsinu í byggingu, stor og reisuleg bygging. Þar má líka sjá á myndunum seinni konu Wells, Amy Catherine Robbins, sem Wells kallaði alltaf Jane. Þessa konu hitti afi hjá Wells og spurðu þau hjónin hversu langt kvenréttindamálið væri komið áleiðis á Íslandi. Ekki nefnir afi í ferðabók sinni hverju var svarað en þeir Wells héldu sambandi í mörg ár með bréfaskriftum. Hef ég ekki séð þessi bréf og veit ekki hvort þau eru enn til, en mynd af póstkorti frá Wells hef ég séð í grein í Morgunblaðinu þar sem safnari nokkur sýndi póstkort frá Wells og Arthur Conan Doyle (höfundur Sherlock Holmes) til afa.

Víkur nú sögunni heim til Íslands. Kristín, amma, gengur með sitt þriðja barn. Hún er 21 árs. Þegar hér var komið sögu eru ungu hjónin flutt úr stóra húsinu þvert yfir Hverfisgötu í lítið timburhús sem stóð næst austan við stóra steinhús Jóns Magnússonar forsætisráðherra. Það hús var reist 1912, að mig minnir, en litla húsið er nú horfið. Ömmu kom illa saman við tengdamömmu og þær gátu ekki búið í sama húsi. Þarna var unga konan komin með tvö smábörn og háólétt af því þriðja en hvar var afi? Hann kom um haustið en amma var farin í Stykkishólm til foreldra sinna sem bjuggu þá þar. Fæddist pabbi þar síðla sumars. Amma kom þó aftur til Reykjavíkur og líka pabbi.

Þá var það veturninn 1908-1909. Amma verður fljótt aftur ófrísk. Nú er fjórða barnið á leiðinni. Hún er 22 ára. Hvað gerðu þau á kvöldin þegar börnin (væntanlega) voru sofnuð? Lásu blöðin, Ísafold og Þjóðolf? Lásu bækur og tímarit? Ég held að amma hafi aldrei verið mikill lestrarhestur en það var hann. Þau töludu saman. Hann, margsigldur maðurinn, hefur sagt henni frá ævintýrum sínum í útlandinu og öllum finu vinunum. Hún hafði aldrei farið neitt.

Hann hefur sagt henni frá heimboði H.G.Wells og skoðunum hans og þeirra hjóna á frjálsum ástum og réttlætisbaráttu kvenna. Nú hefur amma lagt við hlustirnar. Réttlæti fyrir konur! Hvað með réttlæti fyrir hana? Þarna var hún 22 ára ólétt að fjórða barninu á fimm árum. Átti þetta að verða svona? Var þetta framtíðin? Sifelldar barneignir og eiginmaður sem var fjarri heimilinu mánuðum saman. Stöðugt strið við tengdamömmu. Engin hjálp í Pétri tengdaföður (hann dó 1909). Hennar fólk fyrir vestan. Hvað með að hún tæki þennan herra Wells á orðinu? Nóg var eiginmaðurinn hrifinn af honum.

Amma var falleg, kát og lifsglöð. Svona persóna er aldrei vinalaus. Og nú var hún komin inn í hinn glaða hóp umhverfis Kristólinu Kragh, hárkollumeistara. Þetta voru aðallega Danir og þarna

var einn ungur Dani. Ég veit ekki nafn hans. Pabbi hélt að hann hafi aðeins verið hér (á Íslandi) stuttan stans við eithvað verkefni. Var hann maðurinn sem afi sló niður uppi á 2. hæð a Hótel Íslandi og ætlaði svo að henda út um gluggann?

Svo fæddist Stella. Mánuði seinna var amma horfin til Danmerkur með þessum unga Dana.

Þetta hefur orðið að fara laumulega. Skipaferðir voru fáar og alveg fram á minn dag (fæddur 1939) var það fréttæfni í blöðunum hverjir ætluðu að fara út og hvers vegna. Var farþegalistinn birtur? Hvar fékk hún peninga? Varla hjá sínum ættingjum. Kannski hjá nágrannanum sem bjó hinu megin á horni Smiðjustígs og Hverfisgötu. Það var Ludvig Kaaber bankastjóri. Hann var ríkur, danskur og með góð sambönd í Kaupmannahöfn og á Íslandi. Hjálpaði hann flóttaparinu eða bara henni? Afi hafði alltaf óskiljanlegt hatur á Ludvig Kaaber, bæði lifandi og dauðum, og för aldrei í felur með það.

Hvað um það. Þarna sigldi amma burt með sínum nýja elskhuga og skildi eftir fjögur lítil börn og niðurbrotinn eiginmann. Þarna var framkvæmt og útfært nákvæmlega eftir kenningum herra Wells. Ævintýri ömmu á erlendri grund voru mörg og lágu viða um lönd (meira um það seinna). Ungi Daniinn datt fljótlega út úr myndinni.

Þáttaskil urðu 1940. Þá var amma flutt aftur til Kaupmannahafnar orðin ekkja eftir seinni mann sinn, Arnet. Danmörk var hertekin af Þjóðverjum (apríl 1940) og miklar blikur á lofti. Íslendingum í Kaupmannahöfn tókst að herja út leyfi hjá Þjóðverjum til að fara aftur til Íslands. Þetta finnst mér merkilegt. Þjóðverjar voru annars ekki svo bongóðir. Kannski héldu þeir að striðið væri unnið. Fleiri Íslendingar frá Noregi og Svíþjóð bættust í hópinn. Alls fóru rúmlega 250 og þar með amma. Fyrst var farið með ferju yfir til Málmeyjar og svo með lest norður Svíþjóð og yfir til Finnlands. Var oft skipt um lest og urðu þær æ frumstæðari sem norðar dró. Áfangastaðurinn var finnski bærinn Petsamó sem lá við Norður-Íshafsið. Bæinn tóku Rússar af Finnum í striðinu og heitir hann nú Pechenga. Íslenska skipið Esjan kom og sótti þetta fólk og

þræddi svo lænurnar gegnum tunduruflagirðingar aftur til Reykjavíkur. Kom fólkid til Reykjavíkur haustið 1940 og hefur hópurinn alla tíð síðan heitið Petsamófararnir.

Nú var amma komin heim eftir rúmlega 30 ár erlendis.

Á einn hátt voru þeir aði og H.G.Wells ólíkir. Wells var tvigiftur og stöðugt á höttum eftir kvenfólki. Trúnaður í hjónabandi var honum framandi og halldlaus kvöð. Stundum hljópst hann á brott með þessum konum. Sumar barnaði hann. Hann hélt áfram kynlifi nánast til æviloka þrátt fyrir fremur slæma heilsu (The Intimate Sex Life of Famous People, Wallace 1976). Aði var aldrei við aðra konu kenndur en ömmu.

Amma fór aldrei út aftur en marga laugardaga tók hún mig með sér niður á höfn þar sem danska skipið Dronning Alexandrine var að búast til brottferðar. Við þekktum engan sem var að fara en veifuðum samt og héldum áfram að veifa skipinu þar sem það sigldi út úr höfninni á leið til Kaupmannahafnar.

EFTIRMÁLI: Þegar amma hvarf á brott frá afa og börnum hafði hún geigvænleg áhrif á líf þeirra. Hefur það kastað skugga fram á þennan dag. Aði Helgi fékk taugaáfall og var geðveikur um tíma. Lá á Kleppi 1910. Langafi dó sama ár og amma fór (1909). Langamma reyndi að halda heimilinu saman en það tókst ekki. Börnin dreifðust.

Í öll ár hefur skuldinni verið skellt á ömmu. Þannig hugsaði ég og þannig hugsar pabbi enn. Það var fyrst á síðustu árum að ég fór að sjá málið frá hlið ömmu. Staðreyndirnar í málinu tala fyrir sig, en hvað hún hugsaði, það veit enginn nú. Ég hef reynt að setja mig í hennar spor og sá þá þessa fjötra sem hún var komin í. Hvort herra Wells hafði þessi áhrif á lif hennar veit ég ekki. Það eru getgátur mínar. Hins vegar gæti hann hafa gert það. Möguleikarnir voru fyrir hendi.

Kannski var herra Wells og skoðanir hans á frjálsum ástum og réttlæti fyrir konur síðasti dropinn í þegar fullan bikar.

Skrifað á páskum 1998 en nú stytt og lagað.

8

Amma á ferð

Í bókinni Kristnihald undir jöklí skrifar Laxness um Úu, konuna með fallegu fæturna, sem var erlendis í 30 ár. Ég hef alltaf haldið að þar hafi hann notað ömmu sem fyrirmynd, enda notaði hann afa og nýyrði hans í sömu bók. Hann þekkti þau bædi persónulega.

Í nóvember 1909 siglir hún með unga Dananum til Kaupmannahafnar. Hún virðist bara hafa búið í Kaupmannahöfn þau tímabil sem hún bjó í Danaveldi. Í október 1912 fór afi út á heilsuhælið Skodsborg fyrir utan Kaupmannahöfn og er þar fram á vor. Hann átti eftir að koma aftur þangað. Ættarmunnmæli herma að þarna 1912 hafi hann hitt ömmu á sama heilsuhæli en með öðrum manni. Á hún að hafa reynt að róa þá báða. Amma og afi sáust ekki aftur fyrr en 1940.

1917 er amma á leið til Vesturheims með manni sem hét Anton Jensen. Hann var það sem þá var nýtískulegt, semsé auglýsingamaður. Hann virðist hafa verið nokkuð fjáður. Þau settust að í Rutherford, ekki langt frá New York, og bjuggu þar vel. Eru til margar ljósmyndir frá þessu tímabili. Ég á gamla máða mynd af ömmu, sem var tekin vestanhafs (1917-1918), þar sem hún er í hvítum hjúkrunareinkennisbúningi með krossum á. Hún vann þá á hermannasjúkrahúsi. Ég var

stundum að grínast með þetta og sagði að ég hafi átt ömmu sem var í „ástandinu” í bádum heimsstyrjöldum. Fyrirgefið, þetta er kjánalegt grín. Svona á maður ekki að tala um ömmu sína.

1919 kemur amma til Íslands þeirra erinda að taka tvö yngstu börnin með sér til Ameríku. Pabbi var þá í sveit eins og venjulega, sennilega í Hruna frekar en í Hlíð í Hreppum. Bíllinn, sem keyrði ömmu austur, komst ekki lengra en að Skeiðum. Svo var riðið á hestum áfram. Þá sá pabbi mömmu sína í fyrsta sinn, 11 ára gamall. Þetta sagði pabbi mér þegar ég spurði hann beint um hvenær hann sá mömmu sína fyrst. Þá var Svava, mamma mína, dáið og við sáum einir að tali sem oftar. Ég gat ekki fengið af mér að spryrra meir hvernig honum hafi liðið, 11 ára gömlum.

Nú kom tengdamamma, Anna Sigriður, inn í málið og bannaði ömmu að taka börnin en þau eldri, Pétur Hamar og Önnu, gæti hún fengið. Varð það svo. Bjuggu þau í Rutherford og gengu í skóla þar. Ég á mjög fallega mynd af ömmu og börnumum tveim sem tekin er af atvinnuljósmyndara í Rutherford eða New York 1921. Sambúðin í Rutherford virðist hafa gengið vel. Nokkrir landar komu í heimsókn og á Guðmundur Kamban að hafa verið eim af þeim.

Anton Jensen átti tvær systur. Þær komu nú út til þeirra. Svo segir ættarsagan að þeim hafi þótt kona Jensen bróður, (þau voru aldrei gift), honum ekki sæmandi. Tóku þær það ráð, og fengu Jensen bróður með sér, að segja ömmu að nú ætluðu þau öll að flytja aftur til Danmerkur. Væri best að amma færi fyrst með sín börn til Kaupmannahafnar og svo kæmu hin á eftir. Fór amma en Jensen systkinin komu ekki.

Amma hafði mjög sterka og jákvæða skapgerð. Hún tók þetta ekki nærrí sér. Mun þetta hafa verið um 1923. Pétur Hamar hélt áfram til Íslands og er þetta siðasta árið sem hann lifði. Amma og Anna settust að í Kaupmannahöfn og Anna byrjaði við Konservatórið á námi í pianóleik. Meðal kennara hennar var Carl Nielsen, hið fræga tónskáld Dana, sagði hún mér einu sinni. Seinna hélt hún áfram til Leipzig í meira nám.

Amma er í Kaupmannahöfn og lærir nudd og vinnur við það. Það virðist hafa verið allgott samband við Ísland á þessum árum. Ég á mynd af þeim saman í Kaupmannahöfn, Ólinu langömmu, Önnu og ömmu. Myndin er tekin um 1930.

Svo kemur dularfullt tímabil í ævi ömmu. Hvar og hvenær kynntist hún Arnet? Ég er ekki viss um hvað hann hét fullu nafni. Hugsanlega var það Paul Arnet. Þessi maður reyndist ömmu vel og giftist henni. Hét hún síðan frú Arnet.

9

Leitin að Arnet

Þegar amma Kristín kom heim aftur eftir rúmlega 30 ára dvöl erlendis, þá hét hún frú Arnet. Þetta nafn hélt hún fast við og var aldrei kölluð Kristín Brandsdóttir. Það má ímynda sér að nafnið hafi verið henni sem skjöldur og útskýring við umtali í Reykjavík, sem vafalaust hefur verið talsvert. Reykjavík var þá 38000 manna bær. Með nafninu gat hún sýnt fram á að hún hafi ekki verið að þvaelast ógift þarna úti í öll þessi ár. Einnig afmarkaði þetta stöðu hennar gagnvart Helga afa. Hún var ekki komin aftur til hans þótt hún byggi í húsi frá honum. Nú var hún Arnet og hann hafði sitt Pjeturss.

Hver var svo þessi Arnet sem kom inn í líf ömmu í tæka tíð? Ég vissi sáralítið um Arnet. Eins og fyrri daginn var ég of seinn að spyrja ömmu og mömmu í þau. Pabbi og Anna töluðu aldrei um þennanmann. Brandur bróðir og ég töluðum oft um manninn en gættum þess ekki að spyrja þá sem kannski vissu meira. Sú saga var orðin föst í huga mér, alveg frá unglingsaldri, að hann hafi verið Austurríkismaður og skinnakaupmaður. Hann og amma hafi búið í Vínborg. Þetta var nokkuð eftir 1930. Svo dó hann, en amma var áfram í Vínborg þar til Adolf Hitler kom með sína sveit í mars 1938. Þá flutti hún aftur til Kaupmannahafnar. Ég spurði eitt sinn austurríkska

konu hér í Kongsvinger hvort hún kannaðist við nafnið Arnet. Já, hana rámaði í skinnaverslun með þessu nafni í Vín. Svo var ég í Vín og leitaði eftir þessu í símaskránni en fann ekki. Brandur hélt jafnvel að hann hafi verið Þjóðverji. Ef amma hefur búið í Vinarborg, þá fara engar sögur af samskiftum þeirra ömmu og Ástu barónessu. En það er ekki óeðlilegt, því Ásta elskarði bróður sinn og hefur sjálfsagt haft litlar mætur á konunni semför svona með hann.

Eftir að amma dó 1959 sýndi mamma mér þykkan bunka af ljósmyndum. Þær voru skýrar og vel tekna og sýndu allar það sama. Þær voru tekna í hermannafangabúðum að vetrarlagi. Fangarnir voru í austurrískum liðsforingjabúningum. Mennirnir virtust vel haldnir og voru sumir brosandi. Herbúningarnir í besta lagi. Umhverfið var bjálkahús, grenitré og gaddavírsgirðingar. Tel ég að þetta hafi verið austurrískir fangar hjá Rússum í byrjun fyrra stríðs. Fyrsta stríðsveturinn, 1914-1915, voru harðir bardagar milli Rússa og Austurríkismanna á austurvígstöðvunum þar sem þá hét Galicia og var hluti af Austurríki, en mun nú tilheyra Úkraínu og Póllandi. Rússnesku hershöfðingjarnir voru góðir og rússnesku hermennirnir höfðu ennþá byssur og skó. Fóru Austurríkismenn mjög halloka. Rússar tóku 100.000 fanga og Austurríkismenn urðu að biðja Þjóðverja um hjálp. Var Arnet þá austurrískur hermaður? Það hélt ég.

Ég hef haft auga með nafninu Arnet alveg frá því ég var ungar maður en aldrei séð það. Svo kom fyrsta stríð Írak og Bandaríkjanna, Desert Storm, 1990. Þegar loftárásir Bandaríkjamanna á Bagdad hófust, var þar á Hótel Rashid blaðamaður með upptökuvél og gervitunglasíma. Hann var úti í glugga og lýsti árásinni fyrstur manna. Varð hann af því frægur mjög. Hann heitir Peter Arnet. Þarna þóttist ég vera kominn í feitt og reyndi fyrir mér á internetinu en komst ekki langt. Þetta Arnet nafn virtist ákaflega sjaldgæft.

Þannig stóðu málin þegar ég byrjaði að skrifa þessa bók haustið 2004.

„Bókin kallar til þín þegar hún vill þér eitthvað” sagði Sveinn Ásgeirsson, seinni maður Hrafnhildar. Hann var mikill bókamaður og vandaður rithöfundur. Það kom fyrir, þegar hann var að brjóta eitthvert vandamál til mergjar, að bókin kallaði til hans úr bókaskápnum og þar fann hann lausnina. Hrafnhildur sagði mér frá þessu eftir ævintýri mitt þegar við vorum inni í stóru, nýju bokaverslun Pennans á Akureyri sumarið 2004. Þar var margt að sjá. Ég stóð ca. 5 metra frá einum bókaskápnum og þar voru 3 eintök af bók sem stóðu fremur ósjálega til hliðar í bókaskápnum. Ég gat ekki lesið á kilina en fannst endilega að ég yrði að skoða þessa bók. Hún reyndist vera Ísland í sjónmáli. Franskir ljósmyndarar á Íslandi 1845-1900. Opnaði ég bókina og datt þá niður á síðu 124. Þar var myndin af Ástu úti á túni á Smiðjustíg 5 sem áður er getið. Hún var tekin 29. maí 1893. Ég ákvað undireins að kaupa bókina, en ekki þarna heldur fyrir sunnan hjá Eymundsson. Þar sögðust þeir aldrei hafa heyrт um þessa bók og loksins eftir hrингingar fékk ég bókina.

Svo gerðist þetta aftur og nú var það Hrafnhildur sem átti hlut að máli. Sveinn Ásgeirsson hafði skilið eftir sig hjá Hrafnhildi stórt bókasafn og mikið af alls konar skjölum. Svo var það að Hrafnhildur, án sérstaks tilefnis, fór að grufla í skjalabunka. Fann hún þar minningargrein í Morgunblaði 24/11 1992 um Evu Sigurðardóttur (16/5 1923-15/11 1992). Sveinn geymdi greinina því bróðir hans, Birgir, hafði þekkt Eva þessa. Eva var fædd í Reykjavík, címkabarn. Rakfaðir hennar verslun Brynjólfss Bjarnasonar í Aðalstræti 7. Þar var verslað með búsáhöld. Eva giftist 1949 Willy Olav Franz Arnet, sútara. Hann var fæddur í Rússlandi 18. júní 1915 og var af þýskum, prússneskum og frönskum ættum (Hugenottaætt?). Willy er sagður hafa verið glæsilegur maður og mikið snyrtimenni. Þau bjuggu í Reykjavík og eignuðust fjóra syni. Seinna (1963) fluttust þau til Akureyrar þar sem Willy lést mjög snögglega (1968). Willy tók sér naðnið Vilhjálmur Ríkharðsson þegar hann fékk íslenskan ríkisborgarárétt. Hann var fæddur í bænum Kainsk í Vestur-Síberíu og skírður í bænum Tobolsk, líka í Síberíu, og sem stendur við samnefnt

fljót. Í Tobolsk var rússneska keisarafjölskyldan í haldi um tima. Seinna voru þau flutt til Ekaterinburg og myrt.

Móðir Willy var Mathilde Olavsen, dönsk kona, en faðir hans var Richard Adolf Georg Arnet, sútari og skinnakaupmaður hjá Kgl. dönsku skinnaverksmiðjunum. Þau voru í Síberíu því þar voru bestu skinnin. Í byltingunni 1917, þegar Rússakeisara var steypt af stóli, flúði Mathilde með son sinn til Danmerkur, en Richard Arnet týndist og kom ekki heim fyrr en löngu seinna. Sennilega hefur hann flúið austur Síberíu til Vladivostok og þaðan til dæmis til Japan. Leiðin gegnum Evrópu-Rússland var illfær vegna hinnar mjög hördú innanlandsstyrjaldar sem þar geisaði.

Willy ólst upp í Danmörku og Þýskalandi og gerðist sútari eins og faðir hans. Var að sögn mjög góður fagmaður. Willy giftist danskri konu og áttu þau heima á Jótlandi þar sem Willy hafði eigið fyrirtæki. Þau eignuðust Flemming, f. 42, og Birgit, f. 43, en slitu svo samvistir. Á árunum eftir stríð kom Willy til Íslands til að vinna við og kenna Íslendingum sútun. Þar kynntist hann Evu.

Er þá Richard Arnet sá sem giftist ömmu? Já, sennilega. Hér er margt sem fellur vel saman. Hann var ekki sá austurríski hermaður sem ég hélt, en hefur haft vinsamlegt samband við austurrísku stríðsfangana, enda af þýskum ættum. Það er ósemmilegt að amma og hann hafi búið í Vínarborg, en samt hefur sú saga fylgt mér alveg frá unglingsaldri. Er leitinni að Arnet hennar ömmu lokið? Nei, henni er ekki lokið. Enn eru spurningar, til dæmis : Hvar og hvenær gengu þau í hjónaband? Hvar bjuggu þau? Hvar og hvenær dó hann?

Í minningargreininni um Evu Sigurðardóttur koma fyrir ýmis nöfn, t.d. Edda Finn bogadóttir, sem hafði verið starfsfélagi hennar í Útvegsbankanum og skrifaði í hennar minningu. Hún var í símaskránni svo ég hringdi í hana. Það kom í ljós að við höfðum verið nábuar sem krakkar. Hún er fædd 1937 og man vel eftir Helga afa og Smiðjustignum. Svo vorum við bæði í

Austurbæjarskólanum. Við reyndum að rifja upp sameiginlega leikfélaga, en fundum bara Magga og Sæma, fræga tvíbura með danshæfileika. Hún vissi sáralítið um Arnetættina en benti mér á son Willy, Má Vilhjálmsson (f. 56), sem líklegan sögumann.

Ég hringdi í hann og var vel tekið. Már vissi ekki mikið um afa sinn, Richard. Amma hans, Mathilde Olavsen, flúði frá rússnesku byltingunni 1917 með Willy, pabba hans, sem þá var 2 ára. Þau voru lengi á leiðinni til Danmerkur. Richard hvarf hins vegar og var að lokum talinn af. Kvæntist þá Mathildur aftur. En þá birtist Richard að lokum. Hann hafði verið fangi í Síberíu.

Richard var Þjóðverji og bjó svo í Þýskalandi til dauðadags. Var togstreita milli hans og Mathilde um Willy. Mathilde vann það strið. Ekki vissi Már hvenær afí Richard dó, en hann hafði heyrt að Richard hefði tekið saman við fyrrum konu dr. Helga Pjeturss. Hann vissi ekki hvort þau voru formlega gift. Ömmu sína, Mathilde, sá hann sem litill strákur. Hún hefur þá lifað fram yfir 1960. Hálfsystir hans í Danmörku, Birgit (f. 43), er áhugasöm um ættfræði. Ætlaði Már að skrifa henni og hafa svo samband við mig.

Seinna. Því miður gátu Már og Birgit ekki frætt mig meira um afa sinn, Richard Arnet. Trúlega voru deilurnar milli Mathilde og hans um litla Willy svo hatrammar að það var lokað á Richard og hann gerður að „ekki persónu” í fjölskyldunni. Og svo bjó hann líka í öðru landi.

Gunnar, sonur, sem veit svo mikið um tölvur, reyndi að finna Richard á netinu en tókst ekki. Ég er viss um að Richard er þarna einhvers staðar. Hugsanlega í einhverri gamalli, rússneskri fangaskýrslu. Og alveg örugglega í skattaskýrslu frá Þýskalandi Hitlers.

En leitinni að Arnet er lokið. Í bili.

10

Kristín, amma mín

Það er til falleg jólamynd frá 1940 af ömmu og mér (f. 39). Ég sit á handriði stóra brúna hægindastólsins sem foreldrar mínr áttu. Mér á hægri hönd stendur Matti frændi (f. 37), sonur Stellu og Matthíasar. Bak við okkur er tímanna tákni, jólatré úr spýtum og kreppappír, þó með jólaljósum. Amma situr í stólnum. Hún er 53 ára. Hún er gullfallegr með ljóst hár og brosir svo skín í sterkar hvítar tennur.

Þegar hún kom, létt afi hana undireins fá litla húsið á lóðinni sem verið hafði svefnhús hans. Hann átti stöðugt erfitt með svefn. Hann gat aldrei neitað henni um neitt, sagði Anna dóttir þeirra. Hvort afi gaf henni húsið veit ég ekki, en hitt veit ég að hún seldi það þegar að því var komið. Hún kom með nýtt stórt Telefunkenútvarp.

„Ég keypti það með afborgunum í Kaupmannahöfn og hef aðeins greitt af því einu sinni“ sagði amma og var bara kát.
Svona var hún, broshýr og jákvæð og var ekki að gera sér rellu út af smámunum. Hún gat notað sína síðustu peninga til að fara í fótasnyrtingu, sagði Anna frænka, dóttir hennar.
Okkar kynni hófust þegar ég var u.þ.b. 3 ára. Pabbi sagði mér að hún hafi þegar gripið inn í uppeldi mitt sem henni þótti slælegt. Varð pabbi að biðja hana að taka þessu með ró.

Það fyrsta sem ég man, 3 ára, um okkur, var að hún ætlaði að „herða” mig. Fór það fram í gömlu sundlaugum í Laugardal. Var það fólgíð í að kaffæra mig ótt og tit. Seinni hálfleikur var svo að skutla mér undir ískalda sturtu mörgum sinnum.

Við borðuðum oft saman foreldrar mírir, hún og ég en aði var aldrei með. Við borðið kenndi hún mér að börn ættu aldrei að ávarpa fullorðna að fyrra bragði. Við matarborðið, þegar pabbi var farinn, skiftust amma og mamma á leyndarmálum á enskri tungu. Ég sat áfram við borðið og eyrun á mér stækkuðu og stækkuðu. Þetta sá amma og sagði þá :

„Don't talk, somebody is listening.”

Skildi ég að mikilvægar fréttir væru nú í nánd. Þarna neyddist ég því að tileinka mér þetta framandi tungumál og náði svo langt að þegar liðsforingjarnir komu og spurðu eftir ömmu, þá gat ég svarað :

„Sorry, mrs. Arnet is not at home.”

Fóru þeir þá.

Liðsforingjarnir voru alltaf að koma. Enginn var lægra settur en kafteinn. Einu sinni sem oftar fór ég út í litla húsið til að heimsækja ömmu. Var ég þá sennilega farinn að nálgast fjögur ár. Þegar ég kom inn í stofuna, þá sátu þar fjórir liðsforingjar. Svo gerðust hlutirnir mjög hratt og það næsta sem ég man þá er ég kominn út á ganginn aftur og held á epli. Það var svo fallegt, skinandi rautt með mörgum smáum hvítum deplum. Fallegasta epli sem ég hafði séð, enda þau þá ekki algeng á Íslandi.

Ég var um það bil þriggja ára þegar amma fór fyrst með mig í Sundhöll Reykjavíkur. Við fórum auðvitað kvennamegin. Það voru (og eru e.t.v. enn) opnir flísaklæddir sturtuklefar meðfram báðum veggjum og gluggar í enda herbergisins. Eftir miðju gólfí var röð af smá kerlaugum, fótaböd. Ég stóð við kerlaugaröðina og varmátulega stór til að sjá yfir kantinn í sturtuklefana hinum megin. Þar voru filar að þvo sér. Stórir filar með vambir og þykk læri eins og filar eru

jafnan. Þeir voru með hvíta sléttu húð sem er fremur óvenjulegt hjá filum. Svona reynir litli barnsheilinn að koma einhverju skipulagi á það sem hann sér, en áttar sig ekki á.

Þegar amma kom frá Kaupmannahöfn, þá hafði hún með sér hund, labradortík sem hét Beauty. Hún var brún að lit. Hún eignaðist brátt Kóru, sem var svört tík. Hana fékk ég en ég held að Beauty hafi verið gefin burt. Við Kóra áttum nokkur góð ár saman. Hún var auðvitað neðanjarðarhundur því hundahald var stranglega bannað í Reykjavík á þessum árum. En þegar hún hafði fengitíð, þá safnaðist stór hópur af öðrum neðanjarðarhundum inn á lóðina hjá okkur. Ég skreið upp á stóran kassa til að vera á öruggum stað en fylgdist glögglega með öllu. Þarna voru hundar af öllum gerðum. Sá myndarlegasti var grand danois frá Danska Sendiráðinu, gríðarlega stór skepna fannst mér. Eftir hæfilegan tíma för Kóra að þykna undir belti. Enginn sagði mér neitt. Svo kom að því að ég fann Kóru undir tröppunum á vesturhlíð hússins. Lá hún á hliðinni með bakið í austurátt en fyrir framan kviðinn hlupu rottur, sumar brúnar aðrar svartar. Voru þær allar með skritinn streng út úr maganum. Hljóp ég strax inn til öðru og sagði henni þessi illu tíðindi. Þarna fékk ég snarlega kennslustund í staðreyndum sem mig hafði ekki órað fyrir. Kóra hafði eignast 12 hvolpa. Þessir hvolpar hurfu auðvitað eftir nokkurn tíma. Voru gefnir vona ég.

Ég var svona barn sem gott var að fara með í hús. Fríður og velklaeddur (það sá mamma um), hreinn í framan og undir nöglunum, stilltur og móþróalaus. Amma för því með mig viða. Ein besta vinkona öðmu var Áslaug í hárgreiðslustofunni Perlunni. Hún var módir Alfreðs Eliassonar sem var einn af stofnendum Loftleiða enda var Áslaug stundum kölluð „mamma Loftleiðir“. Til hennar var gott að koma því þar hitti ég stundum mína stóru hetju, Alfreð Eliasson. Glæsilegri manni man ég ekki eftir þegar hann kom þarna og heimsótti móður sína klæddur eins og flugmenn eiga að vera í mittissíðum leðurjakka með loðkraga og með einkennishúfu á höfði. Ég ætlaði að sjálfsögðu að verða flugmaður.

Eitt sinn í mai 1945 tók Alfreð okkur ömmu með í flugferð frá Vatnagörðum í flugbátnum Grumman Goose. Það var stórkostlegt ævintýri. Veður var hið besta og flugum við yfir flóann og sundin. Sérstakt var að fljúga yfir kanadiska tundurspillinn sem þá lá strandaður í Viðey.

Kóra mín fór seinna til Áslaugar og átti þar náðuga daga, varð eldgömul og mjög feit.

Ég var alltaf hreykinn af ömmu minni. Hún var jafnan létt í skapi og kát. Klæddi sig unglega, synti mikið. Þegar hún var sjötug leit hún út eins og fímm tug kona. Eldri konur á þessum tíma, eins og t.d. Stefania amma, klæddu sig í peysufót og settu upp skotthúfu. Engin kona getur verið ungleg í peysufötum.

Amma vann sem nuddkona hjá Björgvin Finnssyni nuddlækni. Hann bjó á Laufásvegi móti barnaskólanum. Hafði hann heilt hús undir. Þar vann amma til dauðadags. Ömmu var mjög annt um heilsu okkar barnanna. Á þessum árum var mikil hræðsla við beinkröm (rakitis) með tilheyrandi bognum fóttleggjum og afmynduðum brjóstkössum. Var þess vegna gefið lýsi í skólunum. Amma setti okkur líka í „ljós“ þar sem hún vann. Man ég eftir okkur berum smákrökkum með dökk gleraugu í fjólbláu ljósi og kæfandi ósónfýlu. Er ég þakklátur fyrir þetta framtak ömmu og nýt þess sjálfsgagt enn. Annað framtak ömmu var ef til vill ekki svo gott. Á þessum árum kom penisillin. Þegar ég eða hún fengum kvef, þá fékk hún Björgvin lækni til að skrifa upp á penisillin og svo sugum við þetta upp í nefið eins og neftobak. Alröng og jafnvel háskaleg aðferð, sem gat skapað penisillinofnæmi. Aðferðin var líka gagnslaus.

Einn dag í vinnunni skrikaði ömmu fótur og datt hún í gólfíð. Brotnaði lærhálsinn. Prófessor Snorri Hallgrímsson skar hana upp og gerði það frábærlega eins og hans var von og vísa. Ömmu heilsaðist vel eftir enda af mikilli hreysti að taka. Fór fljótlega á fætur og tók að æfa göngu. Svo kom mikill sársauki, brotið hafði skekkst. Komið hafði igerð í brotið og sárið. Skrúfurnar voru fjarlægðar, en það dugði ekki til. Ígerðin hélt áfram.

Þegar hér var komið (1959) voru til sýklahópar sem voru ónæmir fyrir venjulegu penisillíni. Kenna menn um rangri notkun penisillins t.d. í of litlum skömmum. Að sjúga penisillín upp í nefið, varla hefur nokkur læknir mælt með því. 1963, þegar ég var sjálfur farinn að vinna á Landspítalanum, voru komin ný ensk sýklalyf sem unnu á þessum harðgerðu sýklahópum.

Dauðastríð hennar ömmu tók átta mánuði. Breyttist hún úr hraustlegri fimmtugri konu sem geislaði af lífsgleði, í gamla, gráa, hrjáða konu sem hafði tekið út sinn eðlilega aldur og vel það.

Hún dó 17/4 1959.



Anna Sigríður Thorarensen



Pétur Pétursson



Amma Kristín



Afi Helgi og amma Kristín
(sennilega 1904)



Sigurður Pétursson
í Kanada



Baróninn og vinir hans á Vesturgötu 1897



Ásta barónessa



Hans von Jaden



Afi, Ásta, von Jaden, Kristín og langamma árið 1902



Pabbi, afi, Stella, Pétur og Anna í júní 1912



Pétur Hamar 19 ára



Anna frænka



Pabbi um tvítugt



Stella



Anna, afi og pabbi um 1930



Pabbi og Ásta í Reykjavík 1911




Mamma 19 ára



Matti frændi, ég og amma
jólin 1940



Áki og Anna (um 1950?)



Afi og ég



Kóra og ég



Ég, Anna og Þórarinn Brandur



Dánarbeð afa á Smiðjustíg
5 b í janúar 1949



Niður Kamba



Pabbi með sinni sveit
í Fossvogi

11

Afi nafni

Ég ætla ekki að reyna að segja sögu afa nafna. Það hefur þegar verið gert og á sennilega eftir að gerast aftur í enn fyllra formi. Nei, afi nafni er of stór í sniðum fyrir mig. Ég ætla heldur að segja frá okkar kynnum. Ég hef hérna fyrir framan mig mynd af okkur báðum saman tekin af Önnu frænku. Við stöndum á Hverfisgötugangstéttinni rétt vestan við Smiðjustíg 5 b. Afi, grannur og glæsilegur í jakkafótum með bindi, horfir brosandí út á Hverfisgötu. Ég, á að giska þriggja ára, stand aðeins austar og horfi skáhallt út á götuna. Er með prjónahúfu á höfði og í prjónagalla sem Kristín amma hafði prjónað. Mjótt leðurbelti um mittið. Hvít stígvél, sem einhvær tíma hefðu verið kölluð stelpustígvél, og þannig gersamlega ónothæf fyrir stráka, en á þessum árum varð allt að gagni. Ég brosi líka og er greinilega geysilega stoltur yfir að vera með afa og talinn maður með mönnum.

Það sem ég man fyrst greinilega, en þá var ég sennilega að nálgast fjögur ár, er upplestur afa úr bók Jules Verne, Umhverfis jörðina á 80 dögum. Það voru verðlaun sem ég fékk á kvöldin, nýþeginn og kominn í náttföt. Þá hljóp ég upp stigann til afa í skrifstofunni. Það mætti kannski heldur segja bókaherbergi, því þarna voru bækur um alla veggi og á borðum, stólum og á gólfí. Afi sat í ruggustólnum og ég í fangi hans. Svo las hann söguna. Hún var á frönsku. Það var mynd

á efri hluta hvernarr síðu, koparstungumynd. Neðri hlutinn texti. Þetta var gömul bók, sennilega frá 1880 til 1890 og ef til vill úr eigu langömmu. Afi þýddi jafnóðum.

Skrifborð afa var nánast á miðju gólfí, þó aðeins nær suðurveggnum. Stóllinn var við skrifborðið norðanmegin. Ljósíð kom frá vinstri gegnum gluggana sem snéru út að Smiðjustígnum. Mér fannst afi nota mjög sterka peru í bordlampað. Á suðurveggnum, framan við skrifborðið, var einkennileg mynd. Hún var mjög löng (ca. 2 metrar) en mjó (ca. 15 centimetrar). Hún var af hafi með hafis, bara tveir litir, blátt og hvitt. Herbergisveggir voru máladir bláir, svokallað kóngablátt. Loftið hvitt. Þarna voru fleiri myndir á veggjunum. Koparstungumyndir af Páli Melsteð, amtmanni, og af Birni Gunnlaugssyni yfirkennara. Einnig stór ljósmynd af Búlandshöfða. Við austurvegginn, milli glugga, var venjulegt borð. Hægindastóll og venjulegur stóll við norðurvegg.

Afi var mikill áhugamaður um likamsrækt. Hann hafði nokkur lyftingarlóð á skrifstofunni. Þau voru gamaldags að gerð með kúlu á endanum. Þetta voru bæði einna handar og tveggja handar lóð. Í svefnherbergisdyrunum voru festingar fyrir færarlegar tréslár. Þar stundaði afi sláarleikfimi og för í hring á slánum þótt kominn væri á átræðisaldur.

Þegar ég eltit fór ég að verða afa að gagni. Fókk ég hjá honum skrifáðan miða og fór út á Landsbókasafn sem var skammt undan í fallega hvítá safnhúsini. Bókavörður létt mig hafa tvær til þrjár bækur, sem ég svo seinna skilaði. Einnig fór ég með skrif frá afa til prentsmiðjunnar. Var hún til húsa inn af sundi frá Hverfisgötu fyrir ofan hús dr. Claessen (Ingólfssstræti 12). Þarna var Visir prentaður um tíma. Afi skrifáði alltaf með blekpenna á ljósblaar ræmur, ca. 30-40 cm. langar og ca. 15 cm. breiðar. Þetta voru sennilega aðklippur frá prentsmiðjunni og hafði afi jafnan þykkan bunka af þeim. Ég reyndi stundum að lesa hvað hann skrifáði en gekk illa að túlka skriftina. Svo kom ég til baka með texta til prófarkalesturs. Ég hafði mikla ánægju af þessu og þótti heiður að hjálpa afa.

Annars vorum við afi ekki mikið saman. Við fórum ekki í sund saman og ekki man ég eftir göngutúrum í Reykjavík. Annað var á Arnarfelli við Þingvallavatn. Þá gengum við mikið um og hann fræddi mig um plöntur og steina. Var hann þá stundum að styrkja þrekið með að lyfta móbergshellum.

Mamma var einu sinni spurð hvort það væri ekki hrædilega erfitt að búa undir sama þaki og dr. Helgi. Hann var aldrei kallaður annað en dr. Helgi eða bara Doktorinn. Hún svaraði, eins og satt var, að það færi ákaflega lítið syrir honum. Anna frænka, dóttir hans, sá um hann og hafði um það mörg orð, en hann kom þó til mömmu og bað hana að festa tölu á skyrtu eða strauja buxur. Var hann þá mjög hógvær í kröfum sinum. Anna eldaði ofan í þau bæði, en hann var asar matgrannur og borðaði bara einu sinni til tvisvar á dag. Ekki reykti hann eða drakk. En hann elskaði kakaó með miklum sykri þannig að bollinn var hálffullur af sykri. Á nálega hverjum degi fór hann í sund og alltaf í gömlu sundlaugarnar í Laugarnesi. Fór hann þá gangandi eða hlaupandi. Alltaf var hann berhöfðaður. Áður í Reykjavík gengu allir með höfuðfat og var það i frásögur færandi og jafnvel tortryggilegt, ef maður gerði það ekki. Afi hefur stundum verið kallaður fyrsti „joggarinn“ á Íslandi. Hann var tággrannur, en stæltur og vel á sig kominn, teinréttur og bar sig vel. Heima á Smiðjustígnum var hann jafnan á skrifstofu sinni en kom ekki niður til að spjalla yfir kaffibolla. Kaffi drakk hann reyndar ekki.

Hann fékk ekki marga gesti og þeir sem komu voru oftast þeir sömu. Oftast kom Erlingur Pálsson yfirlöggregluþjónn.

Í eina langferð fórum við saman, afi, Anna frænka og ég. Var haldið austur í Hreppa og ferðast í leigubíl. Eru til nokkrar myndir úr þessari ferð sem Anna tók. Það var stuttu eftir slysíð 1944 á gömlu hengibrúnni yfir Ölfusá. Höfðu tveir mjólkurbílar ekið samtímis út á brúna en það holdi hún ekki. Snérist hún þá um ca. 90 gráður í átt mótt straumi og báðir bílarnir fóru í ána. Bílstjórarnir björguðust.

Við vorum ferjuð yfir ána fyrir neðan brúna. Áin var ákaflega straumhörd og bárumst við langt niður eftir ánni. Mér þótti gaman að sjá brúarbotninn með öllum þverbitunum. Svona hef ég ekki séð síðan. Veðrið var mjög gott. Á Selfossi heimsóttum við frænda okkar, Egil Thorarensen í Sigtúnnum, jarlinn í Sigtúnnum, eins og þeir kölluðu hann þarna. Mér þótti hann búa ákaflega vel í stóru steinhúsi í miðjum bænum.

Svo fengum við nýjan bíl og ekið var austur að Hæli þar sem frændur okkar bjuggu mjög höfðinglega. Þar bjó áður hinn glæsilegi Gestur Einarsson. Hann var þekktur fyrir m.a. nokkuð skondin tilsvör. Dæmi : Maður nokkur spurði með þjósti hver hann væri og hvað hann þættist vera.

„Ég heiti Gestur og er frá Hæli. Étið þér skít og verið þér sælir.“

Annað sinn ávitaði biskupinn yfir Íslandi hann fyrir að nota ekki þéringar við sig.

„Ég þúa Guð og góða menn en þéra yður og andskotann.“

Gestur átti mikla framtíð fyrir sér sem stjórmálaforingi bænda, en dó í Spönsku veikinni 1918.

Þeir á Hæli áttu marga hesta og þarna sá ég hestastóð, ca. 40 til 50 hesta, sem hlupu saman yfir hæð eins og í bestu kúrekamyndum. Þetta hafði ég aldrei séð áður en nú eru hestastóð algeng á Íslandi.

Svo var ekið að Hlíð í Gnúpverjahreppi. Þar bjó vina og frændfolk okkar. Hlíð er ekki í alfaraleið, en umhverfið mjög fallegt, eins og þar sem Stóra- Laxá rennur fram með sínum gljúfrum, fossum og djúpu hyljum. Þar réði ríkjum Lýður Pálsson, en Páll, faðir hans, hafði verið mjög velmetinn leiðsögumaður afa í vísindaferðum áður syrr. Lýður var alveg dæmigerður fyrir bændur og aðra útivinnumenn á þessum árum. Þeir gengu venjulega í samfestingum og með leðurbelti. Oftast í gummistígvélum og alltaf með sixpensara (húsu). Svo þegar þeir tóku ofan húsfuna, þá sást í mjög sólbrent niðurandlit en ennið var náhvitt. Svona er nú fáttit.

Mér er einna minnisstæðast að við Anna frænka veiddum silunga á maðk og öngul í litilli á sem rann við bæinn. Seinna var ég, 9 ára, sendur í sveit í Hlíð. Þá var allt svo miklu minna en ég mundi það og áin smá bæjarlækjarspræna.

Veturinn 1947-1948 veiktist afi af krabbameini í blöðruhálskirtli. Uppgötvaðist það á hinn versta hátt með sjúklegu beinbroti í hægra lærlegg ofarlega. Sjúklegt brot er það kallað þegar beinið er veiklað staðbundið, t.d. eftir meinvarp frá krabbameini, og brotnar þá án teljandi áverka. Svona brot verður að negla og margir komast á fætur en horfur eru slæmar. Afi fór á Landspítalann, þar sem professor Snorri Hallgrímsson gerði að brotinu. Lágu þeir tveir saman, afi og séra Þorsteinn Briem. Foreldrar mírir og við bræður bjuggum þá ennþá á Smiðjustígnum en fluttum haustið 1948. Ég heimsótti afa mjög oft (sennilega hvattur til þess af mömmu). Mér er sérstaklega minnisstæð þessi sterka spítalalykt sem ég fann aldrei seinna þegar ég fór sjálfur að vinna á spítolum. Ég man ekki hvað við afi töludum um í þessum heimsóknum. Mig grunar að hann hafi ekki tekið eftir að ég hafði stækkað og var nú 9 ára drengur sem hugsaði margt. Oft var þarna í heimsókn þáverandi biskup yfir Íslandi, séra Sigurgeir Sigurðsson. Við vorum venjulega samferða heim og gengum saman niður Skólavörðustíginn. Við þennan mann var gott að tala.

1965-1966 vann ég á Landspítalanum sem læknakandidat. Fór ég einu sinni upp á háaloft í gömlu byggingunni. Þar var stórt og nokkuð rykfallið herbergi sem hafði að geyma gömlu sjúkraskrárnar. Fann ég sjúkraskrá afa frá 1948. Hún var ekki merkileg, aðeins samanbrotið A-4 blað. Hún var handskrifluð, fremur illa, á allar fjórar síður. Hún sagði mér ekkert sem ég vissi ekki áður.

Afi komst á fætur og var útskrifaður. Fékk hann sjúkrarúm sem lá við suðurvegg í svefnherbergi hans. Honum hrakaði brátt astur og var svo alveg rúmliggjandi. Er til mjög góð andlitsmynd af honum, teiknuð af Aage Nielsen-Edwin, þar sem hann liggar banaleguna. Á veggnum, móti höfðagafli, voru sjö myndir. Fyrst þrjár og þrjár í röð af börnum hans fjórum og

svo teiknuð mynd eftir Aage af okkur bræðrum og frændum okkar, Matthiasi og Einari. Svo mynd af konu frá endurreisnartímabilinu. Efsta og stærsta myndin var af ömmu í venjulegum peysufötum, afar falleg mynd af fallegrí konu. Með hana sýrir augum kvaddi hann lifið.

Afi lést 28. janúar 1949 og var brenndur eins og venjan er í okkar fjólskyldu. Vorum við þá flutt í Lönguhlíð 25 og er mér enn mjög minnistætt þegar við bræður vorum kallaðir inn í stofu og fengum að heyra um andlátíð frá foreldrum okkar.

Afi var brenndur eins og fyrr er sagt. Komst fljótlega sá orðrómur á kreik í Reykjavík, að leyndarmálið um samband afa við stjörnurnar, væri nú fundið. Var það sendistöð úr málmi sem fannst í öskunni. En það var auðvitað platan og skrúfurnar sem prófessor Snorri festi með beinbrotið.

12

Börn dr. Helga Pjeturss

Börn Kristínar Brandsdóttur og dr. Helga Pjeturss voru fjögur : Pétur Hamar (f. 14/7 1904- d. 3/10 1923), Anna Sigriður (f. 16/4- 1906 d. 27/5 1988), Þórarinn Brandur (f. 9/8 1908- d. 8/12 1999) og Helga Kristín (f. 2/10 1909- d. 24/8 1944). Tvö þau elstu hafa sennilega fæðst í stóra húsinu. Pabbi fæddist í Stykkishólmi og Helga Kristín væntanlega í húsinu við Hverfisgötu sem foreldrar hennar leigðu þá. Amma Kristín var ólétt að Pétri Hamar þegar hún giftist, nálega 17 ára. Þegar hún fór 1909 var hann 5 ára.

Ég á mynd af börnunum fjórum og pabba þeirra sem var tekin 1912. Afi Helgi heldur á Þórarni og Helgu Kristinu (Stellu) í fanginu. Pétur stendur við hlið hans og Anna situr á ská fyrir framan Pétur. Þau eru öll svo salleg og vel klædd. Afi Helgi er þarna einstaklega friður. En þau eru öll svo döpur á svipinn. Enginn brosir. Engin gleði í augunum.

Til er önnur mynd af Pétri Hamar. Þar er hann ca. 18-19 ára. Hún sýnir mjög fríðan ungan mann með óharðnað andlit. Ljóshærður er hann og skiftir hægra megin. Hann hafði þennan hársveip sem og fleiri í ættinni. Þar á meðal ég um tima. Hann er vel klæddur. Hvít skyrta, jakkaföt og þverslaufa. Myndin er tekin af fagmanni og er sennilega sú síðasta sem tekin er af honum.

Það var lítið talað um Pétur Hamar í ættinni áður. Ég var þó með einhverjar spurningar sem unglungur. Svör voru heldur dræm. Mér skildist þó að hann hafi verið hæfileikaríkur ungar maður, bæði ljóðelskur og hagmæltur, sem dáði mjög fòður sinn. Hann hneigðist að náttúrufræði, einkum grasafræði. Og enn kemur Áki til sögunnar. Hann sýndi mér einu sinni grasabók Péturs Hamars sem var þá 10-12 ára þegar hann gerði hana. Hann hafði safnað íslenskum jurtum og skráð vendilega með fallegri rithönd. Allur var frágangurinn hinn besti. 1919 verða þáttaskil í lífi hans þegar hann fer vestur til Ameríku með Önnu og mömmu sinni. Þessi tími í Bandaríkjunum virðist hafa verið þeim öllum góður. Tækifærismyndir sýna bara hlæjandi glaðar manneskjur. Þegar heim var komið, hugðist Pétur halda áfram menntaskólanámi, en Menntaskólinn í Reykjavík viðurkenndi ekki nám hans í Bandaríkjunum. Féll Pétri þetta mjög þungt. Hvort það hefur verið öll ástæðan er ekki gott að segja nú, en svo fór að Pétur veiklaðist á geði og var lagður inn á Klepp. Lá hann á Litla Kleppi svokölluðum, sem var róleg deild og aðskilin frá hinum.

Nú var svo áliðið í lífi pabba að hann vildi tala um þetta við mig. Ég hafði aldrei heyrت um þessa hlið málsins fyrr. Sagði hann mér að forstöðumaður deildarinnar, þar sem Pétur var, hefði misnotað hann kynferðislega. Loguðu augu hans af heift undir frásögninni. Sagði hann að forstöðumaðurinn hafi verið alræmdur fyrir þetta. Hann var seinna dæmdur í margra ára fangelsi en náðaður 1930.

Ekki hefur þetta hræðilega atvik hjálpað unga manninum til að ná geðheilsunni aftur en hann var þó útskrifaður. Samanbrotinn frakki Péturs Hamars fannst svo við austur hafnarvitann. Hann varð 19 ára.

Þegar pabbi minn sagði mér frá þessu voru tár í augum hans. Hann vildi ekki trúa því að stóri bróðir hans væri dáinn. Það var þýskur togari í höfninni þetta kvöld sem fór út um nóttina. Pétur Hamar komst um bord i hann sagði pabbi. Likið fannst aldrei.

Það var annað með Önnu frænku. Hér kom enn ein prinsessan. Hún var, eins og margt af þessu fólk, mjög frið með mikið ljóst hár sem hélt segurð sinni fram á háan aldur. 1909-1910 dundu öll ósköpin yfir. Amma Kristín hljópst á brott. Langafí Pétur dó og afi Helgi veiktist á geði og var lagður inn á Klepp. Og þarna voru fjögur lítil börn. Langamma Anna Sigríður var orðin gömul og réði ekki við þetta allt. Hún var nýorðin ekkja og var líka í raun útvinnandi húsmóðir með sína löngu kennsludaga þótt hún ynni á heimilinu. Og einhver varð að vinna inn peninga til heimilishaldsins.

Þá hlupu skólabræður afa undir bagga. Anna var tekin í föstur um tíma af Magnúsi Einarsyni, dýralækni, og hafði það mjög gott að eigin sögn. Svo var það tónlistarnámið. Fyrst hjá Önnu Sigríði og svo í Kaupmannahöfn. Síðan kom svo Leipzig. Þar eru til margar myndir af Önnu í góðum félagsskap um bord í skipum á leið milli Íslands og útlanda. Stundum voru ferðirnar fleiri en ein á ári. Hvernig var þetta fjármagnað? Afi hafði engin laun, bara styrki. Kannski fékk Anna einhverja styrki lika en það þurfti áreiðanlega meira til. Anna kom svo heim 1927, þá sem fullnema konsertpíanisti, fyrst islenskra kvenna. Hún hélt tónleika í Gamla Bíó við komuna og þótti takast vel. Gamla Bíó var þá og lengi seinna aðal tónlistarsalur í Reykjavík. Anna tók nú þátt í íslenska tónlistarlífinu, sem þá var heldur fátæklegt. Það fór þó að styrkjast með komu hámenntaðra útlendinga, sem sumir voru á flóttu undan nasistum. En hróður Önnu fór þó minnkandi þegar árin liðu. Allir voru sammála um að hún hefði frábæra tónlistarhæfileika, en hún var ómyrk í máli við hvern sem var og sagði mönnum óspart til syndanna og vann allar kappræður. Um eigið ágæti vildi hún ekki heyra neinar efasemdir. Einn var þó verstur gallinn. Hún var óstundvis. Frægt var þegar Karlakórinn í Reykjavík ætlaði að halda tónleika í Gamla Bíó. Undirleikarinn, Anna, kom hálfstíma of seint. Allir biðu. Þetta varð til þess að Önnu var smám saman ýtt út úr þessum litla hópi sem var tónlistarheimurinn á Íslandi þá. Anna tók þessu mjög illa og og létt hvern þann sem hlusta vildi fá að heyra það. Um svipað leyti fór að bera á

sjúkdómi sem lýsti sér í liðverkjum í fingrum og úlnliðum. Læknavisindin náðu aldrei að greina þetta og meðferð dugði illa. Anna var annars mjög heilsuhraust eins og margt af þessu fólki.

Hún sékk tvisvar brjóstakrabbamein og missti bæði brjóstin. Í fyrra skiftið, 1963, hringdi hún í mig og sagðist hafa hnút í brjóstinu. Hvort ég gæti komið. Hún hafði ca. mandarínustóran harðan hnút í hægra brjósti sem hún hafði þuklað á í tvö ár.

„Anna, þetta er krabbamein” sagði ég. „Þú verður að láta skera þig upp.”

„Æ, ég vil hafa gott sumar” sagði hún. „Og, Helgi minn, ég hef skift um bleyjur á þér.”

Hvað segir læknaneminn ungi þá? Ég fór til Péturs Jakobssonar, prófessors á Landspítala. Hann bekkti Önnu vel og gat lokkað hana inn á sjúkrahúsið. Allt fór vel og líka í seinna skiftið. Hún talaði nær aldrei um þessa sína alvarlegu sjúkdóma, en þeim mun meir um þennan dularfulla, ógreinanlega sjúkdóm sinn.

Í lífi þessarar fallegu stúlkur voru margir menn, en enginn var nógu góður þá. En tíminn leið og svo hurfu þeir. Þó man ég að á árunum 1944-1945 var ég oft að opna fyrir Steiní Steinarr, skáldi, sem kom og heimsótti Önnu. En svo kom Áki inn í líf Önnu og reyndar líf okkar allra. Það var góður gestur frá Danmörku og skrifð ég meira um hann seinna.

Anna eignaðist engin börn en var ákaflega barngóð. Hún taldi sig vera einstakan sérfræðing í uppledri barna, en það reyndi aldrei á það.

Hún lét sér mjög annt um mig á mínum fyrstu árum (og reyndar alla tíð). Hún tók svo margar myndir af mér litlum, að það hefur áreiðanlega verið einsdæmi á þessum árum.

Eftir að Anna flutti úr stóra húsinu við Smiðjustíg, bjó hún á Kaplaskjólsvegi 41 í góðri ibúð til æviloka.

Stella (Helga Kristín) var yndisleg persóna. Ég man eftir henni sem mjög fallegrí, bliðlyndri konu sem ég hændist mjög að. Morgunstundirnar hjá henni í eldhúsinu á Arnarfelli eru mér

ógleymenlegar. Ég sé það enn fyrir mér þegar hún skar handa mér rúgbrauð og setti á síróp og morgunsólin skein inn um austurgluggann og litaði allt með gullnum lit.

Þær voru ólíkar, systurnar. Stella hæg og ljúf og vann ekki kappræður. Hún hafði gengið í Kvennaskólann. Hennar heitmaður var Jörgen Pjetur Hafstein (f. 15/11 1905). Hann var bróðursonur Hannesar Hafsteini, ráðherra. Stúdent 1925 og kand. júr. 1929. Hann dvaldi eitt ár í Englandi og tók sér far með íslenska togaranum April til að komast heim um jólin, en togarinn sökk á leið til Íslands 1/12 1930. Allir fórust.

Þetta var skelfilegt áfall fyrir Stellu. Hún var þá nýorðin 21 árs. En hún átti eftir að giftast góðum manni, Matthíasi Matthíassyni (f. 12/3 1907-d. 28/11 1969) og eignuðust þau Matthíass (f. 14/10 1937) og Einar (f. 10/3 1942).

Matthíás var sonur Matthiasar Einarssonar sem var læknir á Landakoti og einn færasti skurðlæknir á Íslandi á þeim tínum. Ég var alltaf hálfhræddur við gamla Matthias. Hann var stórvikur og mikill með alskegg. Hrjúfur og fremur harðneskjulegur á svip. Fámæltur og fáskiftinn við okkur smástrákana. Ég man ekki eftir honum brosandi eða hlæjandi. En kjörin settu á manninn mark eins og sagt er. Það var ekkert gamanmál að vera skurðlæknir á Íslandi hérrna á árunum aður. Mér líkaði ákaflega vel við Matthíás, son hans. Hann var hressilegur, hispurslaus og kátur. Ákaflega góður félagi í þessu stórkostlega ævintýri sem var sumardvöl á Arnarfelli í Þingvallasveit. Þar vorum við hafðir, litlu strákarnir, vegna ótta við loftárasir Þjóðverja á Reykjavík.

Stella dó 1944. Skyndilega var hún farin og ég saknaði hennar mjög. Löngu seinna, þegar mamma var dán og við pabbi sáum í eldhúsinu, þá spurði ég hann nánar um dauða Stellu.

„Hún dó úr lungnabólgu” sagði hann. Það hafði ég líka heyrt.

„En var hún lögð inn á sjúkrahús?” Ekki mundi hann það.

„Komst þú að banabeði hennar?”

„Nei, það man ég ekki.“

Þarna var Stella horfin, tæplega 35 ára, og eftir sátu frændur mírir Matthias, 7 ára, og Einar, 2 ára.

Þórarinn, pabbi minn, var næstyngsta barn foreldra sinna en samt alltaf síðastur í röðinni. Hann fæddist í Stykkishólmi eins og fyrr er sagt. Þangað var amma flúin til foreldra sinna. Þá var kominn lokabrestur í hjónaband þeirra Kristínar og Helga.

„Ég var fluttur suður til Reykjavíkur í skókassa“ sagði pabbi, en þarna eru kannski kunnir frásagnarhæfileikar Thorarensenættarinnar að verki.

Það var greinilega togstreita um strákinn milli Önnu Sigríðar og móðurfólksins, Ólinu og Brands. Hann virðist hafa flækst milli staða og segist hann oft hafa verið svangur og blautur í fæturna. Á Fljótshólum átti hann illa dvöl. Þar barði bóneddinn hann með reiðsvipu. Þá var hann 8 ára. Honum leið vel í Hruna hjá séra Kjartani Helgasyni sem var höfðingi mikill. Séra Kjartan kom honum til mennta og varð pabbi búfræðingur frá Bændaskólanum á Hvannayri 1928. Talaði pabbi seinna alltaf um séra Kjartan með mikilli hlýju og virðingu.

13

Áki

Við kölluðum hann alltaf Áka en hann hét Aage Nielsen –Edwin og var danskur maður (f. 17/7 1898 -d. 19/10 1985). Það var frábær blessun að hann kom inn í líf okkar á Smiðjustígnum. Hann var eins og töfravera í Disneymynd sem svífur um og fær allt til að glóa með galdrasprota sínum.

Eftir heimstyrjöldina hafði Áki hrökklast frá Danmörku, ásamt Baldri syni sinum, því hann var talinn hlynntur nasistum. En ég verð að segja að þessi mildi, hógværi, lágmælti maður er eitt það lélegasta efni í góðan nasista sem ég hef séð. Og aldrei heyrði ég hann segja nokkuð i líkingu við skoðanir nasista. En þó var þarna eithváð. Baldur gekk í menntaskóla í Austurriki 1944. Og Áki sagði mér einu sinni, þá orðinn fjörgamall, að hann hefði verið í Berlin í apríl 1945 og heyrт drunurnar í fallbyssum Rússa. Þá hefðu þessir óforbetranlegu Berlinarbúar, sem báru enga virðingu hvorki fyrir Hitler né Stalin, málað á húsveggi : „Lærið strax rússnesku”.

Hvað var hann að gera þarna þegar allir voru að reyna að koma sér burt frá Berlin? Því miður spurði ég hann ekki í þaula.

Áki var myndlistarmaður. Hann var myndhöggvari, málari og teiknari. Hann gerði margar höggmyndir í Danmörku fyrir strið og voru sumar steyptar í eir og settar upp opinberlega. Eftir strið var hann neyddur til að setja verk sin í vonda geymslu þar sem þau eyðilögðust.

Það fór lítið fyrir þessum hógværa manni í íslenska listaheiminum. Þó skildi hann eftir sig djúp spor. Hann var hrifinn af Reykjavík og sögu Reykjavíkur. 1966 byrjaði hann að teikna yfirlitsmyndir af Reykjavík frá árunum 1786, 1801, 1836 og 1876. Notaði hann til þess gömul kort og myndir. Myndirnar voru vísindalega teiknaðar og svo nákvæmar að það mátti sjá hverjar dyr og hvern glugga. Húsín voru merkt og skýring undir hver ætti þau. Á hverri teikningu valdi hann sér ákveðinn útsýnisstað. Til dæmis sagði hann mér að á einni myndinni væri hann 50 metra fyrir ofan turninn á Landakotskirkju. Pessar myndir (smækkaðar) eru til sölu á skrifstofu Árbæjarsafns.

Það er underlegt hvernig þessi útlendingur sér og dáist að Reykjavík og gerir af henni myndir sem enginn hefur leikið eftir. En þess eru dæmi. Fyrirrennari hans í þessu er til dæmis Wenceslaus Hollar frá Bæheimi. Hann kom til London 1636 sem fullnuma listamaður og eftir hann liggja margar mjög nákvæmar myndir af London eins og myndirnar hans Áka. Ef maður sér í bók frábæra mynd af London frá 17. öld, þá er það oftast en ekki mynd eftir Wenceslaus Hollar og oft er nafns ekki getið undir teikningunni.

Áki tók þátt í samkeppni um skreytingu Háskólalóðarinnar fyrir framan Háskólann, svokallaðri Skeifu. Mér fannst hans lausn smilldarleg. Hún var stór hringlaga gosbrunnur í lóðarmiðju með Miðgarðsorminum og Þór sem lyfti honum upp að nokkru. Vatnið gusast út um kjaft Miðgarðsormsins. Æg held að þessi gosbrunnur hefði slagað upp í gosbrunninn fræga á Löngulinu í Kaupmannahöfn þar sem tröllkonan Gefion plægir með uxum sinum Sjáland frá Svíþjóð. Á stallana, þar sem tröppurnar liggja niður að miðsvæðinu, vildi hann setja styttur af okkar stóru andans mönnum, Snorra Sturlusyni, Árna Magnússyni og þeim hinum. Hann gerði módel af þessu öllu, líka af styttunum á stöllunum. Þær voru vandlega gerðar og mátti þekkja hvern mann af séreinkenni (attribut) hans. Áki, Ásmundur Sveinsson og Guðmundur frá Miðdal

skiftu fyrstu verðlaunum milli sín, en nálega ekkert var gert og hímir þarna nú höggmynd af Sæmundi á selnum og eru þeir tveir einir.

En verkin hans Áka leynast víða. Fyrir tveim árum vorum við Hrafnhildur á gangi í góðu veðri og skoðuðum þá gömlu Elliðaárstöðina. Þar að húsabaki var brjóstmynd á stalli. Hún var af Steingrími Jónssyni rafmagnsstjóra. Ég þekkti hann allvel og sá að myndin var mjög lík. Svo gáðum við að nafni listamannsins og þar stóð : Aage Nielsen-Edwin 1953. Þessa mynd höfðum við aldrei heyrt um og voru þó samskiði okkar Hrafnhildar við Áka mjög nái.

En var þá ekki til skrá yfir verk Áka? Ég hafði ekki heyrt um slika skrá. Þá komu Hrafnhildur og börin okkar, Pétur og Helena, til hjálpar. Fundu þau á „netinu“ Kunst Indeks Danmark+Weilbacks Kunstnerleksikon. Þar var skráin og mikill fróðleikur um Áka. Var þarna mynd af frægasta verki hans. Það er drengurinn með fuglsungana, sem stendur í Östre Anlæg í Kaupmannahöfn. Skráin er löng og ítarleg og sýnir mikil afköst. En hún er ekki fullkomin. Það vantar í hana. Þarna er ekki getið um brjóstmynd af Önnu eða lágmynd (vangamynd) af Helga afa sem ég hef undir höndum. Þá gerði hann tvö góð olíumálverk af Önnu. Hann teiknaði og málendaði margar myndir af okkar fjölskyldu. Af þeim myndum hef ég 6 teikningar, allar mjög góðar. Hann var sivinnandi og sigfandi. Ég veit ekki hvort hann fékk nokkurn tíma borgað fyrir þessi listaverk.

Síðasta stóra listaverkið hans samkvæmt póntun var „Sjóferðabæn“, minnismerki um drukknaða sjómenn. Það var sett upp á Eskifirði 1982. Þessa stytta gerði Áki í litlu kjallaraíbúðinni sinni á Skeggjagötu 12. Þá undraðist ég stórlega sköpunarkraft listamanna. Þarna var þessi maður á níræðisaldri enn að skapa. Heilsuhraustur hafði hann aldrei verið. Í fyrri heimsstyrjöldinni töldu dönsku liðsforingjarnir hann ónothæfan í fallbyssufóður og sendu hann heim. Þegar ég sá hann vinna af ákefð við styttuna undir þessum slæmu skilyrðum, þá datt mér í

hug Tizian, málarinn frægi frá Feneyjum. Hann málaði fram á sinn síðasta dag (varð ca. 86 ára og d. 1576). Það var á þeim árum þegar það þótti nokkuð gott að verða fimmtugur. Hvað er þetta með listamenn? Er það þessi mikla sköpunarþrá sem heldur þeim gangandi?

Áki gerði lágmyndir og nokkrar þeirra voru settar á hús í Danmörku. Hann gerði líka lágmynd á hús foreldra minna í Garðabæ, Lindarflöt 7. Það var mynd úr íslenskri sveit. Hún er þarna ennþá og sómir sér vel.

Þá gerði hann margar smástyttur sem voru sumar fjölfaldaðar og seldar. E.t.v.eru þær enn til sölu erlendis. Ein sú frægasta er af fil og krökódil eftir sögu Kiplings hvernig fillinn fékk sinn langa rana.

Áki hóf sitt nám sem 14 ára lærlingur hjá Konunglegu dönsku postulínsverksmiðjunni. Seinna var það Tækni-skólinn í Kaupmannahöfn og svo Listaakademían. Kennarar hans þar voru Aarsleff og Utzon-Frank. Fyrsta stóra verkið hans var stytta af Telemachos. Það var 1920 og þá var hann 22 ára. Þegar sama ár byrjaði hann að taka þátt í sýningum í Kaupmannahöfn, síðan í Berlín, Oslo og París. Sem sé, dágóður listamannsferill og hann gat framfleytt sér og fjölskyldu sinni. Svo kom striðið og allt varð öðruvísi.

Hann flæktist ekki bara í net nasistanna, heldur varð hann líka ekkjumaður 1940. Kona hans var íslensk, Valgerður Ásmundsdóttir ljósmóðir. Þau áttu eitt barn, Baldur. Þarna kemur íslenska sambandið inn í þessa sögu.

Hvar kynntist hann Önnu? Það er nokkuð óljóst. Nú var hann meðal íslenskra í Kaupmannahöfn. Hann gerði til dæmis brjóstmynd af Ásmundi Sveinssyni, myndhöggrávara, 1937. Hrafnhildur hefur það eftir Önnu að Áki hafi fyrst séð hana spila á Íslendingasamkomu í Kaupmannahöfn fyrir strið.

Hve mikið þekktust þau? Því verður ekki svarað nú. Þegar öll sund lokaðust fyrir Áka í stríðslok 1945, þá valdi hann að flytjast til Íslands. Það var 1946. Hvers vegna Íslands? Það lá betur við að flytjast til Svíþjóðar eða jafnvel Noregs. Hann hafði áður unnið i Svíþjóð (1917-1918). En hann valdi Ísland og íslensku kunni hann. Honum var mjög í mun að bæta íslenskuna sína og var oft með íslenska málfræðibók í höndnum. Það kom í ljós, þegar ég fór að berjast við málfræðina, að hann kunni meira en ég. Þó talaði hann alltaf með þungum dönskum hreim og allir heyrðu að þar fór danskur maður. Anna var dugleg að hjálpa honum með íslenskuna, en á sinn dálitið hryssingslega hátt.

Svo er það 1946 að Áki er fluttur inn til Önnu. Ég veitti þessu ekki nógú góða athygli fyrr en allt var um gard gengið. Það hlýtur að hafa verið einhver undansfari, nokkurs konar millilending annars staðar í Reykjavík. En skyndilega er hann orðinn einn af fjölskyldunni og var það alla tið síðan. Baldur, sonur hans, bjó á örðrum stað og kom sjaldan í heimsókn.

Það fór lítið fyrir Áka á heimili. Hann var rólegur og mjög kurteis. Sennilega sá síðasti sem kyssti á hönd kvenna á Íslandi eftir því sem Helena, dóttir míin, segir. Hann hækkaði aldrei röddina. Hann var sannur fulltrúi meginlandsmenningarinnar. Öllum í fjölskyldunni féll vel við hann. Við bræður vorum mjög hændir að honum. Hann var svo rólegur og traustur og hafði tíma til að tala við okkur og lika hlusta á hvað við höfðum að segja. Hann gaf okkur stórkostlegt dansk brúðuleikhús með leikritum eftir H.C. Andersen. Ég efast um að annað eins hafi verið til á Íslandi þá. Hann teiknaði okkur og eru til margar myndir af okkur braðrum. Hann var sífellt að fræða okkur og kenna. Hann var mjög vel lesinn og seinna, þegar ég þóttist orðinn nokkur bógar í mannkynssögu og við töluðum saman, þá var það samt hann sem fræddi mig, ekki öfugt. Vel mæltur var hann á ensku, frónsku og þýsku. Hann fór nokkuð oft utan og skoðaði söfn í stórborgunum. Kom hann aftur og aftur á sömu staðina og eignaðist kunningja meðal

starfsfólksins. Í þessum ferðum var hann jafnan einn og ég man ekki eftir að Anna hafi farið með. Ég hef grun um það nú, að hann hafi viljað njóta heimslistarinnar einn og að Anna hafi ekki verið hans félagi í að meta myndlist.

Honum fell ekki verk úr hendi eins og sagt var í gamla daga. Hann setti upp vinnustofu í eldhúsínu uppi eftir að afi dó. Þar gerði hann brjóstmyndir úr leir, sem seinna voru steyptar í gips eða brons. Það var gaman að horfa á hann vinna. Hann vann alltaf standandi og leirinn mátti aldrei þorna fyrr en verkinu var lokið. Hann var í viðri listamannamusu sem var fremur blettótt. Stundum með alpahúfu á höfði að hætti listamanna, en með hana gekk hann alltaf úti.

Hann kenndi mér dálitið að teikna og gaf mér danskar listaverkabækur. Ein af þeim fylgir mér enn, Hverdagskunst-Verdenskunst eftir Broby-Johansen. Á sinn hógværa hátt var Áki stöðugt að innræta okkur menningu, meginlandsmenningu. Við Hrafnhildur fundum fyrir þessu í Kaupmannahöfn í fyrra (2005). Það var þá langt um liðið frá því við vorum þar síðast, en nú fannst okkur Áki stöðugt vera með í förinni og við minntust þess sem hann hafði reynt að kenna okkur. Hann gaf mér ást á Danmörku sem aldrei hefur dofnað.

Þegar stóra húsið var rifið um 1960, flutti Anna á Kaplaskjólsveg 41 og Áki með henni. En sambúðin var ekki góð. Hún hafði raunar aldrei verið slétt og felld. Það sa ég sjálfur sem barn á Smiðjustíg 5 b. Anna var ofsafengin og uppvöðslusöm en hann, eins og áður er sagt, ákaflega hógvær og kurteis. Sambúðin á Kaplaskjólsvegi fór illa og Anna rak Áka út. Áki harmaði mjög þessi leikslok.

Áki fekk inni hjá Einari Baldwin Guðmundssyni, hæstaréttarlögmanni, sem bjó stórmannlega í annarri af svokölluðum „kanslarahöllum“ á Víðimel. Urðu þeir góðir vinir og samskiðti Áka við

þá fjölskyldu voru mjög góð. Við Hrafnhildur áttum þá heima á Hringbraut 43 sem var beint á móti. Seinna flutti Áki á Skeggjagötu 12, en það húsnæði átti Einar Baldvin.

En Anna gat ekki án Áka verið og var stöðugt að heimsækja hann. En þarna var ekki aftur snúið. Þau bjuggu aldrei saman aftur. Anna sagði við Hrafnhildi þegar Áki dó, að nú hringdi enginn framar. Áki hafði hringt í hana á hverjum degi.

Þau voru eftir sem áður meðhöndluð sem par hjá okkur og boðið saman í öll fjölskylduboð.

Við Áki stóðum í bréfaskriftum eftir að ég fluttist til útlanda. Ég hef aldrei fengið, eða reyndar séð, fallegri bréf en hans. Þau voru eins og síða úr fornu handriti.

Áki undi glaður við sitt á Skeggjagötu 12. Þar hafði hann bíðið saman sína og bækur. Og svo var hann alltaf að skapa. Baldur, sonur hans, bjó stundum hjá honum. Hann málaði falleg málverk í klassiskum stíl. Baldur fluttist til Danmerkur eftir að Áki dó, en varð ekki langlífur.

14

Pabbi og bíramídarnir

Pabbi minn var bílstjóri. Hann elskaði bíla og elskaði að keyra. Hann hætti akstri, 89 ára gamall, fyrir þrábeiðni læknis síns á Hrafnistu í Hafnarfirði, sem reyndar var minn gamli skólabróðir, Birgir Guðjónsson. Pabbi hafði þá um tíma ekið eftir gamla gatnakerfinu í Reykjavík, sem var að vísu lagt niður. Sat ég einu sinni í með honum þegar hann furðaði sig á öllum þessum bílum sem við mættum en enginn keyrði eins og við.

Öðru sinni vorum við á leið til Hveragerðis þar sem hægt var að kaupa buxur á mjög hagstæðu verði hjá kunningja pabba. Fórum við hratt yfir.

„Pabbi” sagði ég varlega því hann var ekki hrifinn af gagnrýni „við keyrum ansi hratt.”

„Nú, hvað mikil?”

„Vel yfir 100 km.”

„Æ, ég sé núorðið svo illa.”

Heim frá Hveragerði keyrði ég. Eftir að pabbi hætti að keyra lagði hann sínum síðasta bíl, Daihatsu, fyrir utan elliheimilið þar sem hægt var að komast að honum til að þvo og bóna.

Pabbi fékk ökuleyfi 1928. Bilstjórar í gamla daga voru meiri háttar persónur og gengu þannig til fara. Þeir voru í hálfssíðum leðurjökkum, svipuðum og útsendarar Stalins notuðu. Þeir báru svokallað „kaskeiti” sem var einkennishúfa með deri. Buxurnar voru með reiðfatasniði og leðurstígvelin hněhá og reimuð. Oft voru þeir með hlífðargleraugu og alltaf með leðurhanska með hlifum upp á framhandleggi. Það var skylda að keyra með leðurhanska og það stóð í íslensku bifreiðalögnum alveg fram til 1963. Hugsunin var sú að maður fengi ekki í sig tréflís úr stýrinu.

Pabbi átti allan þennan útbúnað og meira að segja öklasíðan, ljósan rykfrakka, en ryk á gömlu vegunum var gríðarlegt. Sást vel til bilferða í margra kilómetra fjarlægð.

Pabbi ætlaði sér að verða atvinnubílstjóri og vann reyndar við bíla alla sína starfsævi. Fljótlega, eftir að pabbi fékk ökuleyfi, stofnaði hann leigubílastöð ásamt fjórum félögum. Reykjavík var þá um 30 þúsund manna bær. Rekstur stöðvarinnar gekk illa og fór hún á hausinn. Missti pabbi þá jörðina góðu sem hann hafði erft eftir ömmu sína því félagar hans áttu ekkert sem lögtak var í. Sármaði pabba þetta alla ævi og talaði um það síðast við mig nokkrum árum fyrir andlát sitt. Lásum við í blaði um sölu jarðarinnar fyrir drjúgan pening, enda laxveiðijörð.

Fór pabbi nú að vinna á leigubílastöð Steindórs og sagði stundum sögur af mikilli keyrslu á Alþingishátiðinni 1930. „Hann er ekki svo slæmur þessi rasssiði silakeppur” hafði Steindór sagt um pabba að hans eigin sögn. Seinna fór pabbi að keyra ráðherrabilinn og var þá gert sérstakt hlið á Hverfisgötugirðinguna. Gat hann þá lagt ráðherrabilnum á góðan stað við húsið.

En í ráðherrabilnum sat Jónas frá Hriflu, framsóknarmaðurinn frægi, og dag nokkurn sagði han við pabba: „Yðar menn sjá um yður” en pabbi var þá, og alla tíð, ákveðinn sjálfstæðismaður. Nú var pabbi atvinnulaus.

Þetta var á Kreppuárunum, sem enginn eldri Íslendingur minnist á, nema með hrolli.

Næstu sex mánuði lifði pabbi á að spila biljarð uppá peninga. Nú veit ég ekki. Þetta getur vel verið satt. Mér fannst pabbi minn ekki meira ýkinn en aðrir Íslendingar.

Eitt gott hafði þó þetta ráðherrabílstímabil í för með sér. Jónas frá Hriflu létt sér mjög annt um Laugarvatn (skólan og heimavistina) og var þar oft. Þar sá pabbi undursfagra stúlkum sem seinna varð móðir mín. Vann hún við greiðasölnu sem þarna var á sumrin. Var hún sex árum yngri en pabbi og er það býsna gott miðað við afa Helga og ömmu Kristínu eða þá Rósu og mig (15 ár).

Nú fékk pabbi vinnu og gerðist háseti á varðskipinu Óðni. Þar var hann í rúm tvö ár og líkaði vel. „Margt gerist á sæ” sagði selurinn í sögu Sverris konungs (d. 1202) og hafði pabbi frá mörgum ævintýrum að segja í ofsviðrum og svaðilfórum við björgun togara. Mest var þó gaman að skjóta úr fallbyssunni (47 mm, smiðuð 1897, dönsk). Þurftu þeir stundum að skjóta á togara, en var uppálagt að skjóta fyrir framan þá. Var þessu að mestu hlýtt en þó var einn (hver?) sem skaut í miðjan togara og gekk kúlan alveg inn að gufukatlinum og dældaði hann. Ef hann hefði sprungið, var skipið eyðilagt.

Svo kom ferðin til Bergen. Hafði Jónas frá Hriflu (Jónas enn !) selt skipið, gamla Óðinn, til Svíja fyrir ákavíti. Er pabbi minn að segja satt? Er kannske til í skjalavörslum ríkisins kvittun : „Móttekið 10 þúsund flóskur af ákavíti fyrir eitt varðskip (gamalt)?”

Þessi vist á varðskipi hafði gott í för með sér seinna. Pabbi var skilgreindur sem sjómaður og fékk því vist á Dvalarheimili aldraðra sjómanna á Hrafnistu í Hafnarfirði.

Nú var pabbi aftur atvinnulaus en fékk fljótlega vinnu hjá Rafveitu Reykjavíkur.

Hún hafði þá, og lengi seinna, aðstöðu í svokölluðu Barónsfjósi við Barónsstíg. Það hafði byggt franski baróninn á Hvítárvöllum sem kallaður var barón Bullujón af bændum í Borgarfirði, enda franska nafnið hans erfitt.

Seinna fékk ég, 14 ára gamall, summarinnu þarna á lagernum við að stafla dynamíti og svoleiðis. Þarna var geymt mikið dynamít.

Rafveitan var að sjálfsögðu fáliðuð á þessum fyrstu árum pabba. Ég veit bara um two bílstjóra þarna, Matthias Stefánsson og pabba. Matthias átti heima rétt hjá okkur í Traðarkotssundi. Ég var heilmikið heima hjá þeim hjónum sem stráklingur og man hve mér þótti merkilegt að sjá hann lækna hjá sér tanppinu með „kogara” (brennsluspritti) eða svo sagði hann mér. Hann hafði oft tanppinu. Matthias var aðeins eldri en pabbi og var hans yfirmaður. Til er góð mynd af Matthíasi og pabba frá 1937 við flutninga austur að Sogi. Þar keyrir Matthias og dregur aftanívagn með mörgum rafmagnsstaurum. Aftanívagninn er bara bílagrind með stýri. Pabbi situr á aftanívagninum og heldur um stýrið með ákefð og einbeitni í svipnum. Kannski sást þarna allur bílakostur Rafveitunnar á þessum tíma. Þetta var Ford að mig minnir. Svokallaður hálfkassabil. Þeir bílar voru með stóru heimabyggðu húsi sem tók bílstjóra og ca. 7-8 manns. Svo var vörupallur, fremur lítill. Engin „sturta”. Varð því að moka á og af.

Þessi bill var aldrei kallaður annað en „Kjammi”. Húsið á Kjamma endaði sem leikkofi fyrir okkur krakkana uppi í summarbústað við Lögberg. Húsið leit þá reyndar út eins og sviðakjammi. Pabbi var alla tið ansi duglegur við að nýta það sem frá fell. Til dæmis byggði hann, ásamt Guðmundi Nikulássyni, summarbústaðinn upp við Lögberg úr kassafjöldum frá Rafveitunni.

Svo kom hernámið. Bretar gengu á land 10. maí 1940. Þá breyttist allt. Pabbi hætti í bili hjá Rafveitunni og keypti í félagi við mág sinn, Matthias, vörubil af gerðinni Studebaker. Pabbi keyrði í „ballast” fyrir Bretann. Var það ofaniburður (venjulega rauðamöl og þarna föru Rauðhólarnir) í vedi og aðrar byggingaframkvæmdir. Nú var hægt að græða peninga og var keyrt dag og nött. Til dæmis tímði ekki einn af félögum pabba í þessu að fara út úr bílnum til að pissa, heldur sékk sér trakt og slöngu.

Matthias keyrði ekki. Hann vann hjá Sjóvá og gerði það alveg til starfsloka. Bíllinn var þó mikið notaður í aðflutningum til Arnarfells við Þingvallavatn. Þar höfðu Matthias Einarsson, læknir, og Matthias, sonur hans, byggt bæ nokkru eftir 1930. Þetta var myndarlegur steinsteyptur bær í burstastíl. Bærinn var notaður sem sumarbústaður en þarna hafði verið búskapur áður og tún voru góð. Hélt búskapurinn áfram í mörg ár. Seinna (1946) reisti Matthias yngri sér annan bústað. Hann var í braggastíl, tímanna tákna. Þá var ráðsmaður á Arnarfelli. Sonur hans, Þráinn Bertelsson, hesur skrifað um þetta í bók sinni : Einhvers konar ég (2003). Efnið úr hlöðunni, fjósinu og hesthúsínu á Smiðjustíg 5 b fór í Arnarfell.

Það var þá enginn bílfær vegur til Arnarfells og var efnið flutt á stórum bát frá Þingvöllum. Þessum bát man ég vel eftir. Þarna voru nokkrir bátar, en þessi var stærstur, 4 manna far. Hann var dálitið gamaldags í laginu eins og sjóbátur með stefni og afturmjóan skut. Man ég eftir haustferð í þessum bát. Ég hef verið á að giska 5 ára. Vorum við á leið í veg syrir rútu í Vatnskoti. Mikið rok var og gekk yfir bátinn. Gústi, fjósakall, sat í stafni og fékk hverja gusuna á fætur annarri. Vindur var á móti og mikill öldugangur. Það er undarlegt þegar maður er svona lítill og fullorðnir stýra og ráða, þá kemst engin hræðsla að. Það hvarflar ekki að manni að við gætum sokkið. Eins þegar bílar virtust vera að velta og þeir fullorðnu skræktu, þá var bara gaman. Þetta skeði á Arnarfellsveginum, því það var gerður vegur í Arnarfell. Hann var aldrei góður og verstur þar sem heitir Sláttulág. Þetta er skora í fjallinu sem liggar alveg niður að vatni. Hún breikkar mjög neðst með sléttu (lág) niður undir vatni. Mjög erfitt var að keyra þarna niður og upp, einkum Arnarfellsbæjarmegin. Þar hallaði vegurinn að vatninu og var ca. 10-15 metra fall niður. Á vörubilinn var stundum sett „boddi“ (hús) til mannflutninga. Það tók ca. 10-12 manns. Það var sett á pallinn og stóð hátt. Hallaði þá rosalega þegar keyrt var í hlíðinni og maður horfði nánast beint niður í vatnið. Þá var skrækt en mér var skemmt.

Eitt sinn fór þó bíllinn út af og hrataði alla leið niður í fjöru. Þetta var ca. 1943. Sem betur fór var bíllinn ekki kominn á versta staðinn. Annars hefði illa farið. Bíllinn var ekki skemmdur og miklar björgunaraðgerðir hófust. Bændur komu hvaðanæva að til að hjálpa því hér varð að beita vöðvaafli. Ég sat í brekkunni og hafði mikla ánægju af þessu.

Ég gekk þennan veg fyrir nokkrum árum. Hann var þá gersamlega ófær bílum.

Studebakervörubíllinn var fyrsti bill pabba, en hann átti eftir að eignast marga bíla og í hvert sinn var um ástarævintýri að ræða. Þessir bílar voru venjulega stórir, fallegir og amerískir. Sá fyrsti var svartur Buick model 1942, frameiddur í Canada. Þetta hefur verið um 1949. Við vorum nýflutt í Lönguhlið 25. Ég fekk 5 krónur fyrir að þvo og bóna bíllinn og þegar hann glampaði þarna í sólinni, þá var það fögur sjón. Seinna kom Oldsmobile '56 sem var tvílitur, hvítur að ofan blár að neðan. Nú var ég sjálfur farinn að keyra og fékk bíllinn stundum lánaðan. Ég held að þessi bíll, eða sama tegund, sé enn til. Sá mynd af honum á fornbílafundi. Svo kom perlan, Packard 1938 með 8 strokka vél. Tvílitur, beingulur að ofan en brúnn (maroon) með silfurslikju („sanseraður“) að neðan. Varahjól í frambrettum. Reglulegur Hollywood bíll. Svona gamall bill þurfti mikið viðhald og þar notaði pabbi aðstöðu sína hjá Rafveitunni í Nauthólvík. Svo seldi pabbi bíllinn fyrir 40 þúsund krónur. Tveim árum seinna var ég á ferð á Laugarvatni og sá þá bíllinn þar sem honum hafði verið lagt við ibúðarhús. Það var greinilegt að enginn myndi keyra þennan bíl framar.

Ekki voru öll ástarævintýrin góð. Eftirfarandi saga er dæmi um það :

Pabbi var að keyra okkur Gunnar (f. 81) til Hafnarfjarðar. Gunnar var þá 14 ára. Við vorum nýkomnir úr Garðabænum þegar Toyotatrukur ætlaði fram úr okkur. Pabbi hafði átt Toyota en það ástarævintýri endaði illa. Nú skyldi enginn Toyota fara fram úr honum. Höfst mikill

kappakstur og hafði pabbi betur. Við þutum á 80 km. hraða (löglegur hraði 50 km) yfir gatnamótin þar sem vegurinn liggur út á Álftanes. Þar eru umferðarljós.

„Afi, það var rautt ljós” sagði Gunnar ofur varlega.

„Umferðarljós, umferðarljós. Þessi helvítis umferðarljós virka aldrei.”

1945 var pabbi kominn aftur til Rafveitunnar. Stríðinu var lokið. Hermennirnir farnir heim. Eftirstöðvar hersins voru geysimiklar, flugvellir, hús, vegir og alls konar vélar. Þarna voru þáttaskil í Íslandssögunni. Nútíma Ísland var komið.

Pabbi fór nú og keypti bíla eftir herinn fyrir flutningadeild Rafveitunnar sem hann átti að veita forstöðu. Bílarnir voru ódýrir og hann keypti heilan flota. Þetta voru bilar af gerðinni Diamond, 10 hjóla, 10 tonna trukkar, allir með spil að framan. Flestir voru kranabílar með tvær bómur að aftan, hægra og vinstra megin. Lyftu bómurnar saman 5 tonnum. Einum var breytt seinna, og var þá með eina langa bómu. Sumir voru dráttarbílar með pönnufestingu að aftan. Einn var vörubíll. Á honum fór ég, 15 ára gamall, með Sigga Jóhanns með efni í Jökulheima á Vatnajökli. Mikil svaðilför. Ég á ennþá myndirnar. Seinna, 18 ára, keyrði ég einn þennan sama bíl með 7 tonn af dynamíti austur að Írafossvirkjun.

Í bílaflotanum voru líka Autocar, frambyggðir dráttarbílar. Svo voru margir olíutankar, enda var keyrð olía í Toppstöðina við Elliðaár. Þá kranabill með kranahúsi og tvær jarðytur, 7 og 16 tonna. Borvél á beltum og jafnvel snjóbíll. Þarna voru líka minni bílar, Dodge Weaponcarrier bílar, sem alltaf voru kallaðir Víbon á Íslandi. Dodge Cariol Staffcar með kortaborði aftur í. Þann bíl notaði pabbi mikil persónulega.

Þennan flota létt pabbi mála í sinnepsgulum lit. Hann fór mjög vel og var nú hér komin glæsilegasta vélaherdeild. Bílstjórnar allir gengu með einkennishúfu Rafveitunnar og pabbi átti það til að bregða sér í leðurjakka og há, reimuð leðurstígvél að hætti eldri bílstjóra, en það gerðu

hinir aldrei. Í Rafveitunni, sem nú var orðið mannmargt fyrirtæki, voru þeir oft kallaðir stórriddararnir af Fossvogi.

Það þurfti auðvitað aðstöðu fyrir allan þennan flota og hún fékkst í Fossvogi, inn af Nauthólvík, alveg inn við svæði Fossvogskirkjugarðs. Þar voru stórar skemmur og fleiri hús eftir herinn og mjög gott athafnasvæði. Þarna var því vélageymsla, verkstæði, lager, kaffistofa og góð skrifstofa fyrir pabba. Það var sagt að ein af þessum skemmum hafi verið notuð til að ganga frá líkum hermannna til heimsendingar til Bandaríkjanna. Höfðu þeir verið grafnir til bráðabirgða í koparkistum. Eftir frágang voru koparkisturnar skildar eftir og urðaðar fyrir neðan skemmurnar, nokkuð í átt að Nauthólvík. Þarna var því fjársjóður í kopar sem við töludum oft um að reyna að bjarga. Svo var talið reimt þarna og heyrði ég oft fótatak og hurðarskelli þegar ég var þarna einn. Sennilega voru þetta bara fylgjur.

Já, nú var ég kominn í þennan flokk. Voríð 1956, þá 17 ára, lauk ég ökuprófi. En það var ekki þar með sagt að meðbilstjórar mínir treystu mér. Í heilan mánuð var ég láttinn æfa mig, einn eða með eftirlitsmanni, að bakka með aftanívagn milli tunna. Þeir voru kröfuharðir kennarar. Seinna var ég tekinn í hópinn og minn stærsti sigur sem bílstjóra var þegar ég keyrði Diamond skriðrekabjörgunarþílinn. Hann var stærstur og með stórt spil að aftan til að draga upp skriðreka. Á pallinn settum við 10 tonn af steinlóðum til að auka dráttarkraftinn. Aftanívagninn var sá sterkesti og var 10 tonn að þyngd. Á honum var flutt svokölluð Hafnarskófla, stærsta grafa á Íslandi, 75 tonn. Samtals var þetta 105 tonn. Þetta keyrði ég einn frá höfni inn að Elliðaárstöð, ákaflega stoltur.

Í flutningadeildinni vann ég mörg sumur og hafði góðar tekjur. Þá voru sumarfrí skólakrakka 4 mánuðir. Svona var það ekki í nágrannalöndum okkar þar sem sumarfrí voru venjulega 6 vikur. En unga Ísland þurfti á öllum sínum „höndum” að halda og sumartekjurnar dugdu næstum til

vors. Og svo var þetta svo gaman. Starfið var svo fjölbreytt. Stundum var maður sendur út með jarðytu til að moka. Eða þá með borvélina til að bora fyrir staurum eða undirstöðum húsa. Einu sinni boruðum við Leifi frændi á Ægissíðunni og eyðilögðum símann á fjórum stöðum og það fyrir hádegi. Stundum var maður sendur út til að draga í kapal. Það var mikil heræfing. Fyrst voru grafnir langir skurðir með skóflu og haka. Enginn vissi almennilega hvað lá undir, pípur, rör, leiðslur. Teikningar voru engar eða illa gerðar samanber síminn á Ægissíðunni sem við Leifi skemmdum. Það voru því margir grafarar hjá Rafveitunni, allt að 300 á sumrin. Mér var sögð saga af einum sem hjó með haka í 6000 volta kapal. Hakinn leystist upp, kallinn kastaðist astur á bak, öllu heilli án áverka, og kapallinn brann sem stjörnuljós 10 metra í hvora átt.

Kapalrúllurnar fyrir 6000 volta innanbæjarkapal voru 3 tonn. Þær voru hafðar í sérstökum kapalvagni. Svo keyrði maður hægt samhliða skurðinum og kallarnir héldu í kapalinn og lögðu hann í skurðinn. Til að fylla í skurðina voru notaðar litlar ýtur. Önnur verkefni fyrir kranabílana voru margs konar lyftingar innanbæjar eða utan. Þá komu flutningar á til dæmis skurðgröfum eða jarðýtum. Oft var mjög þróngt fyrir þessi stóru tæki og kannski bara upp á fæina sentimetra að hlaupa. Gat tekið hálftíma eða meira að koma sér fyrir þróngt horn. Stýrin voru mjög þung, enda engar stýrishjálparvélar þá. Að skipta um sprungið dekk, en það gerðist oft, var þrælavinna. Dekkin niðþung. Þarna lærði ég að setja alltaf koppafeiti á skrúfgangana áður en maður byrjaði að herða að. Þetta geri ég enn.

Stundum var farið í hreinustu ævintýraferðir út á land. Ein slík var þegar við fluttum gömlu kirkjuna í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd inn í Vindáshlíð í fjarðarbotni þar sem hún stendur enn. Þetta var timburkirkja í hefðbundnum stíl, byggð um 1880 og tók 80 manns í sæti. Hún var á hlöðnum steingrunni. Við losuðum hana af grunnum og settum undir stálvira. Svo lyftu tveir kranabilar frá hvorum enda. Hún ætlaði aldrei að komast á loft og sögðu þeir eldri í flokknum að

þeir framliðnu vildu ekki sleppa henni. Sennilega var hún bara þyngri en þessi 10 tonna lyftikraflur sem við höfðum. En amerískir herbilar voru geysisterkir og alltaf mátti leggja meira á þá en upp var gefið. Svona voru ekki bílar frá Evrópu eins og til dæmis Mercedes Benz. Ef þeir voru gefnir upp fyrir 7 tonn, þá var það 7 tonn og ekki gramm meira.

Kirkjan hófst á loft að lokum og var þá bakkað undir hana aftanívagni og hún svo rammlega bundin á vagninn. Svo hélt hersingin af stað. Á undan og eftir fóru löggreglubílar og fremstir fóru menn frá síma og línumenn frá okkur, því klippa þurfti allar línar yfir veginn. Hvalfjarðarvegurinn var þá (1958) mjór, hlykkjóttur, malarvegur. Reyndar var vegurinn skafinn á undan lestinni. Viða voru krappar beygjur og ekki mikilupp á að hlaupa. Allt þetta tók svo langan tíma að við urðum að gista tvisvar á leiðinni. Pabbi stjórnaði þessu öllu eins og sá vélaherdeildarforingi sem hann var og kirkjan var sett á sinn stað. Það var tekin kvíkmynd af þessu en hana hef ég ekki séð. KUFM og K fengu kirkjuna gefins.

Þjóðvegir á Íslandi voru þá allir malarvegir. Besta mölin var talin vera rauðamöl, rauð eldgosamöl sem fannst viða. Ekki þó í Dalasýslu, þar sem notuð var moldarborin möl sem var mjög slæm í rigningu. Vegirnir voru mjóir, en Vegagerð Ríkisins hafði ráð við því eða svo sögðu gömlu bílstjórnarir. Vegirnir voru alltaf holöttir og þurfti þá að „velja veginn“ eins og kallað var. Reyndi maður að sveigja fram hjá holunum og var þá ökulagið eins og hjá druknum manni. Þessa vegi þurfti að skafa oft og oftar en gert var. Vegheflar voru því mjög mikilvægir. Það var trú Vegagerðarinnar, að ef vegirnir væru heflaðir nógu oft, myndi ruðningurinn til hliðanna gera þá breiða og góða. „Það er nýheflað“ þóttu ákaflega góðar fréttir í fararbyrjun. Seinna, þegar ég fór að keyra í útlöndum, þótti mér að keyra 100 km. íslenska eins og að keyra 200 km. erlenda.

Holræsi voru alltaf mjórrí en vegirnir og nálega aldrei merkt. Vegir með rauðamöl ofaniburð gátu orðið furðu harðir, en það var misjafnt. T.d. var vegurinn fram hjá Álfavatni til Ljósafoss og

Írafoss mjög mjúkur og þar sá ég hann svigna niður 20-30 cm. undan hjólum þungaflutningabilanna. Keyra varð löturhægt og helst mátti ekki stoppa.

Í Flóanum voru tvær gamlar steinbrýr með lágum, ávöllum handriðum. Þær voru svo mjóar að stóru bílarnir okkar rétt sluppu í gegn en þeir voru með 2m. 43cm. hámarksbreidd. Brúin yfir Sogið við Þrástarlund var fremur mjó en þoldi vel háan farm. Á öðrum stöðum, til dæmis yfir Rangárnar og Blöndu, voru brýr af gamalli gerð. Flestar brýr á Íslandi voru annaðhvort bogabrýr eins og brúin yfir Hvítá í Borgarfirði eða hengibrýr eins og Ölfusárbrúin. En svo voru þessar sérstöku gömlu brýr. Þær voru langir kassar með jöfnum hliðum gerðar úr stálbitum. Þær höfðu því lágt þak og ekki var hægt að hlaða ofan á rútuþökin eins og venjulega. „Hvaða spýtnabrabr er þetta í ánni?” spurði rútubilstjórinn þegar hann keyrði yfir Rangá Vestri. Það voru nýju húsgögnum frá Reykjavík sem flutt höfðu verið á þaki rútunnar.

Blöndubrúin bar hámark 25 tonn. Hún kom reyndar við sögu á striðsárunum þegar hún klippti höfuð af breskum hermanni sem teygði sig út um bígluggann til að kveðja.

Þarna vorum við á ferð í júní 1959 á tveim bílum með stálþil frá Sauðárkróki. Þetta var í sambandi við slysið mikla í Steingrímsstöð (meira um það seinna). Bílarnir og farmurinn vógu samtals 27 tonn hvor um sig. Sýslumaður á Blönduósi hafði frétt af okkur og ætlaði ekki að hleypa okkur yfir. Þess vegna biðum við til kl. 4 um nöttina. Þetta var ein af þessum gullfallegu íslensku sumarnóttum. Við skrúfuðum niður allar rúður og höfðum dyrnar opnar. Keyrðum yfir á jöfnum hægum hraða. Brúin virtist þola þetta vel og haggaðist ekki. Sýslumaður svaf.

Mestallur þungaflutningur í Rafveitunni var til Sogsvirkjananna, Ljósafoss, Írafoss og Steingrímsstöðvar. Við þessa flutninga giltu ákveðnar leikreglur sem ekki mátti brjóta. Til dæmis varð vegurinn að vera þurr. Þurfti minnst 2-3 sólarhringa þurkk til þess. Eitt sinn brutum við þessa reglu. Þá var talið mjög áriðandi að koma skurðgröfu (15 tonn) til Írafoss. Þetta var seint í mai og

vegirnir ekki þurrir. Þess vegna fórum við Hellisheiðina, sem venjulega þornaði fljótt, og svo niður í gegnum Almannagjá, en það mátti þá. Allt gekk vel þar til við Arnarfell. Þar var vegurinn blautur. Þá sukku þessi mörgu hjól á aftanivagninum þannig að vagninn varð eins og sleði. Við drögum með tveim bílum að framan og einn ýtti á að aftan. Vegurinn plægðist allur upp og nánast hvarf. Við komumst til Írafoss en vegaskemmdir voru miklar. Ég heyrði að pabbi hefði fengið skömm í hattinn hjá vegamálastjóra en hann nefndi aldrei neitt við mig. Því var fyrsta boðorð :
Þurr vegur.

Það þyngsta sem við fluttum voru spennar. Þeir komu frá ASEA í Svíþjóð. Þeir voru um 30 tonn, ca. 4-5 metra háir og langir . Breiddin um 1,5 metrar . Þá varð að flytja í lóðréttir stöðu. Undirbúnungur fyrir flutning hófst með að allur vegurinn austur að virkjunum var skafinn. Svo keyrði pabbi, ásamt nánustu samstarfsmönnum, alla leiðina. Hann var mjög nákvæmur varðandi halla á beygjum og hafði gott augnmál. Varð stundum að skafa beygjurnar aftur. Svo var litið á brýrnar og vegurinn almennt skoðaður. Spennarnir biðu á vögnum við Elliðaárstöðina. Þar var gott athafnasvæði. Oft var beðið dögum saman eftir færri. Venjulega var aðeins einn fluttur í einu. Alltaf var lagt af stað um kvöldmatarleyti og kom björt sumarnóttin sér þá vel. Svo var þá líka kominn næturtaxti og það var ekki slæmt.

Þetta var längt lest. Fyrst fór lögreglubill, svo veghefill. Þá einn eða tveir lausir bílar með mannskap. Við notuðum mikið Dodge Weaponcarrierbil (Vibon) með ábyggðu húsi sem tók 17 manns. Þennan bíl keyrði ég oft. Svo kom dráttarbillinn með flutninginn og á eftir tveir kranabílar. Að lokum annar lögreglubill. Ekið var hægt, að fara fetið eins og sagt er. Fyrir ofan Kamba var stoppað.

Malarvegurinn niður Kamba var númer tvö. Nú aka menn Kamba númer þrjú. Kambar númer tvö voru að nokkru byggðir yfir Kamba númer eitt (Gömlu Kamba), sem sögusagnir gengu um og

allir farþegar skelfdust og jafnvel sumir bílstjórar. Má enn sjá veg Gömlu Kamba hér og þar í brekkunni.

Var nú annar dráttarbíll tengdur aftan í vagninn með spenninum. Síðan var keyrt löturhægt niður Kambana í lægsta drifi og í lægsta gír. Ekki var hægt að treysta á bremsurnar, sem voru mjög góðar loftbremsur. Þunginn var of mikill. Ég reyndi það sjálfur eitt sinn þegar ég var að flytja farm af kapalrúllum (ca. 12 tonn) til Írafoss. Fór ég ekki nágu hægt og notaði bremsurnar. Það rauk af bremsunum á öllum hjólum þegar ég kom niður á sléttlendi. Við svona upphitun gátu bremsurnar svikið alveg og ekki var þá möguleiki að gíra niður. Gírkassarnir á þessum gömlu bílum voru með beintennt gírahjól og þurfti alltaf að tvíkúpla bæði upp og niður. Var það talsverð list, jafnvel við bestu aðstæður.

Næsti viðkvæmi áfangi var við litlu skriftnu brýrnar í Flóanum og svo við Sogsbrúna í Þrástarkógi. Síðan var ekið eins og leið lá til Írafossvirkjunar eða Steingrímsstöðvar. Var ekið inn í stöðvarnar og spennarnir teknir af. Þessar stöðvar voru og eru alltaf útbúnar með mjög sterku krönum í þaki, sem gátu lyft spennunum og flutt þá þangað í stöðvarhúsini þar sem þeir áttu að vera. Stundum voru þeir lagðir á vagna á járnbrautarteinum og keyrðir frá í bili.

Pannig var það þá, að á öllu landinu voru engir hreyfanlegir kranar sem gátu lyft svona þungum hlut sem 30 tonna spennir var. Spennarnir komu nokkrir saman með skipi frá ASEA í Svíþjóð. Skipskranarnir voru nágu sterkir til að lyfta spennunum og setja þá á aftanívagna okkar. En þeir voru ekki margir. Aðallega einn, sem var stærstur og sterkestur og mest notaður. Svo einn til. Það var eiginlega allt. Hvað svo? Nú þurfti kannski að losa vagninn fyrir annan spenni. Og enginn kraninn. Þá tók hugvit pabba við. Einhvers staðar hafði honum tekist að ná í sánska eikardrumba. Þetta voru svokallaðir „sviller“ eða „sleepers“. Eikardrumbar sem notaðir voru undir járnbrautarteina. Þetta var fyrsta flokks viður, enda ætlað að þola mikið. Þeir voru ca. 3,5-4 metra langir, 30 cm. breiðir og um 25 cm. þykkir.

Þegar komið var á áfangastað, venjulega við Elliðaárstöðina, voru tjakkarnir teknir fram. Þetta voru margir tjakkar af dálitið mismunandi gerð sem tóku þetta 3 tonn til 7 tonn. Fyrst var spennirinn tjakkaður upp á aftanívagninum og skotið undir hann drumbum sem stóðu út syri vagninn báðum megin. Síðan var byggt upp undir þessa drumba með fleiri drumbum og drumbarnir undir spenninum tjakkaðir upp. Aftanivagninn keyrður burt. Stóð þá spennirinn á drumbum og tjökkum og gnæfði hátt yfir okkur. Síðan voru settir tjakkar á næsta drumbalag og efsta drumbalagið, sem bar spenninn, tjakkað niður að þeim og efstu tjakkar fjarlægðir þegar þeir neðri báru. Þetta var svo endurtekið þar til spennirinn stóð á neðsta drumbalaginu á jörðinni. Þetta tók langan tíma og var geysilegt nákvæmnisverk. Pabbi var á ferðinni allan tímann með sitt góða augnmál og gaf fyrirskipanir: „Einn sentimetri hér og einn sentimetri þar.“ Við (ca. 10-12 kallar) vorum bognir í baki við að tjakka og flytja drumba. Ég áttáði mig ekki á þessu fyrr en seinna hvað þetta eiginlega var. Þetta var hrein bílmál. Þarna vorum við, bognir þrælar, í lendaskýlum. Rykugir og sveittir í eyðimörkinni við að draga stóra steina í sandinum. Síðan að rembast við að koma þeim upp á næstu steinaröð með frumstæðum verkfærum. Og svo bílmáldameistarinn sjálfur, pabbi, sem fylgdist glöggt með öllu og gaf fyrirskipanir.

Ég veit ekki hvaðan þessi lausn kom í kranalausu landi. Kannski frá honum sjálfum. Menn deila ennpá um byggingaraðferðir við bílmáldana. Ekki veit ég heldur hvort þetta var viðurkennd aðferð af yfirboðurum hans. Sennilega vissu þeir ekkert um þetta. Pabbi fór sem oftast sinu fram. En hefði farið illa, þá bar enginn ábyrgð nema hann.

Sænski verkfræðingurinn Gösta E. Sandström skrifði bókina Byggarna (Forum 1968). Hann heldur því fram að á öllum tímum hafi verið til menn sem höfðu náttúrugáfu hvað snertir flutning og meðferð á þungum steinum og öðrum þungum hlutum. Einn af þessum mönnum var pabbi.

Sem faðir hafði hann, eins og allir feður, mörg hlutverk. Sum rækta hann frábærlega, önnur miður. En að flytja þunga hluti, það kunni hann. Hann verður að telja sem forgöngumann í þungaflutningum á Íslandi við mjög frumstæð skilyrði.

Kaflaskil : Nú er ég svo vel á veg kominn að lýsa bílum og bílaflutningum að ég er að hugsa um að halda áfram í sama dúr og segja frá slysinu stóra í Steingrímsstöð 1959.

15

Slysið stóra í Steinþrimsstöð

Á striðsárunum og eftir striðið var rafmagnsskortur í Reykjavík. Til dæmis, þegar verið var að elda jólamatinn, fékk hvert hverfi rafmagn í two tíma. Hin voru myrkvuð á meðan. Rafmagnsveita Reykjavíkur átti þá Elliðaárstöðina (1921) og Ljósafossvirkjun frá 1937. Árið 1953 kom Írafossvirkjun í notkun í samnefndum fossi, þar sem Úlfljótsvatn rennur í Sogið. Um svipað leyti var byggð svonefnd toppstöð við Elliðaár. Var það oliukynnt rafstöð sem átti að taka álagstoppana. Átti ég eftir að keyra mikið af olíu í geyma þessarar stöðvar.

1960 var svo Steinþrimsstöð tekin í notkun og var þá Sogið fullnýtt. Mér finnst Steinþrimsstöð fallegust af þessum stöðvum. Hún stendur við Úlfljótshöfða vestan megin við Efra Sog. Eru aðrennslisgöngin frá Þingvallavatni grafin gegnum höfðann. Fyrir virkjun var Efra Sogið mikill urriðaveiðistaður með stórum urriðum. Í sjálfu Efra Sogi var mikill og striður straumur og algjörlega ósært venjulegum bátum. Til að veiða urriða þarna þurfti sérstaka tækni sem vinnufélagi minn, Tómas Ágústsson, kenndi mér. Þar sem Efra Sog rann í Úlfljótsvatn heitir Kaldárhöfði og þar voru afar góð bleikjumið. Frá bakkanum sá maður torfur af bleikjum, nánast eins og sildartorfur. Þetta voru 1-2 punda fiskar en lengra úti voru stærri bleikjurnar. Það var ekki

óvenjulegt að veiða 100 bleikjur á 3-4 tínum. Þetta voru dýrðlegir og fallegir veiðistaðir. Eini gallinn var mikið myð, einkum Þingvallavatnsmegin.

Það voráði vel 1959. Vegir þornuðu fljótt og við fluttum mikið af þungaflutningi til Steinþímsstöðvar. Þar gekk smíðin vel. Stöðvarhúsið var risið og búið að leggja niður túrbínur. Það var ótrúlegt hvað stöðin náði langt niður í jörðina. Hún var á mörgum hæðum. Göngin voru grafin gegnum höfðann og verið var að sóðra þau með steinsteypu. Til þess voru notuð mikil stálmót sem voru hreyfanleg. Búið var að steypa upp tvö tveggja hæða einbýlishús á bökkum Úlfljótsvatns. Voru þau ætluð stöðvarstjórum. Annars voru á bökkunum fjöldi timburhúsa, verkstæði, vinnuskúrar og geymslur fyrir verksfæri og vörur.

Ég hafði tekið þátt í öllum flutningunum af kappi og þótti gaman. Í vikunni fyrir 17. júní, sem bar upp á sunnudag, var ég sendur austur með stóran stálhring, sennilega túrbínuhring. Hann var 8 tonn, ca. 4 metri í þvermál og næplega 1 metri á hæð.

Við þennan flutning var notaður vagn sem alltaf var kallaður „úlfaldinn”. Hann var líka sérkennilegur í luginu og var eiginlega ætlað að flytja stórar kapalrúllur. Hann var með mjög háan stafn og skut (um 2 metrar) en miðbikið mjög lágt. Var hringurinn lagður á vagninn og bundinn vandlega. Lá hann þá svo hátt, að engin vandkvædi yrðu við brúna hjá Þrástarlundi og ekki heldur við að mæta venjulegum bílum. Vagninn var dreginn með beislistengingu og var það miður, því plötutengingarnar voru mun betri, sérlega við að bakka. Til að draga fékk ég venjulegan kranabíl með krók fyrir beislið. Gekk allt vel þar til komið var að Kömbum. Byrjaði ég niðurkeyrsluna á hefðbundinn hátt í lága drifinu og í lægsta gír. En fljótega kom í ljós að bremsurnar á aftanívagninum virkuðu ekki. Þetta voru loftbremsur tengdar við bremsukerfi dráttarbilsins. Hringurinn og vagninn voru samtals 13 tonn en dráttarbíllinn 10 tonn. Vagninn fór nú að renna hraðar en dráttarbíllinn og nú komu ókostir beislistengingarinnar í ljós. Sambandið

milli dráttarbils og vagns var miklu lausara. Ég reyndi að hægja á með að hemla en það gerði bara illt verra. Slóst vagninn með miklum þunga í dráttarbilinn og kastaði honum ýmist til hægri eða vinstri. Augljóst var að hér myndi brátt illa fara og bill og hlass kastast út af mjóum veginum. Þá voru engin bílbeltin. Eina ráðið, sem ég hafði, var að reyna að vera á meiri ferð en vagninn. Jók ég því stöðugt hraðann niður Kambana svo hvein í bilvélinni og snúningshraðamælirinn fór upp í rauða svæðið. Sem betur fer mætti ég engum á þessari þeysireið. Á sléttlendinu við Hveragerði gat ég stoppað til að jafna mig. Hringurinn hafði ekki haggast og keyrði ég svo tíðindalaust til Steinrímsstöðvar þar sem hringurinn var tekinn af inni í stöðinni. Í Reykjavík sagði ég frá að bremsurnar væru bilaðar, en þaði alveg um hraðaksturinn eins og ungir menn gera oft.

Snemma sunnudagsmorgun 17. júní var bráðaútkall fyrir alla flutningadeildina. Áttum við að keyra strax með alla tiltæka bila til Steinrímsstöðvar. Þangað komum við í besta veðri.

Aðkoman var ekki góð. Stöðin var full af vatni sem streymdi út um alla glugga og dyr. Seinna fundum við að allar neðri hædir í stöðinni voru fullar af sandi og möl. Þegar stöðin fylltist fór vatnið að renna framhjá stöðvarhúsini og brátt var þarna beljandi stórfljót beggja megin stöðvarinnar. Meðan við stóðum þarna sáum við strauminn fella bæði einbýlishúsin sem ætluð voru stöðvarstjórunum. Úlfþjótsvatn var þakið braki og þar sigldu lager og verkstæðishús eins og hálfssokkin skip. Hringurinn, sem ég hafði flutt hingað fyrir nokkrum dögum, hafði flotið út úr stöðinni ca. 20 metra. Hvað hafði gerst?

Steingrímsstöð var byggð á hefðbundinn hátt. Áður en byrjað var að bora göngin gegnum höfðann var gerður bogadreginn veggur út í Þingvallavatn. Hann var gerður úr stálþilum. Þetta voru stálþil sem voru mikið notuð til hafnargerðar. Þau voru venjulega um 15 metra löng og 30 cm. breið úr þykku stáli. Þau voru u-laga í þverskurði og var hægt að krækja þeim saman. Þau voru ekki vatnsþétt og gátu ekki haldið aftur af vatnsþunganum ein sér. Því var venjulega gerður

veggur að baki þeirra úr sandi og möl. Svo hafði verið gert hér og veggurinn var nægilega breiður fyrir bílaumferð sem kom sér vel.

Það hafði verið fremur mikið vatn í Þingvallavatni undansfarið og var fríborðið við stálþilið aðeins 60 til 70 cm. Laugardaginn, 16. júní, hvessti af norðaustan. Byrjuðu öldur að ganga yfir þilið og grafa frá því að aftan. Var þá, er leið á daginn, hróflað upp hærra þili úr tré. Var það bæði illa gert og illa fest. Fór svo um nöttina að þetta bráðabirgðaþil fél og grösturinn höfst aftur. Að lokum brast svo stálþilið um nöttina á ca. 30 metra löngu svæði og straumurinn æddi inn í göngin til stöðvarinnar.

Þegar við komum þarna var jarðýta að reyna að ryðja möl í skarðið en það var gagnslaust. Því verður ekki neitað að þarna var mikið fát og fum. Til dæmis um það hafði einhverjum dottið í hug að hægt væri að sprengja niður botninn í Esfra Sogi efst og beina þannig straumnum þangað. Komu þeir dýnamitinu fyrir en settu ekki yfir svokallaðar sprengjumottur til að koma í veg fyrir steinkast. Við Siggi Jóhanns vorum ca. 100-150 metra undan þegar sprengt var. Engin viðvörun gefin. Við sáum steinkastið og köstuðum okkur undir aftanívagn. Grjótið dundi á bílum og vögnum. Gengu gusurnar vegna steinanna 200 til 300 metra út á Þingvallavatn. Var það stórkostleg sjón. Ekki var sprengt meira.

Þá stakk einhver upp á Brandi í Vík. Hann var landskunnur vegavinnustjóri í Vík í Mýrdal. Brandur hafði barist áratugum saman við árnar á söndunum sem voru alltaf að breyta um farveg og vildu ekki renna undir brýrnar. Hann hafði fundið upp frægar „pulsur”. Þær voru gerðar úr þykkum vírnetum, ca. 6-7 metra langar og ca. 1 metri í þvermál, og fylltar með nokkuð stóru grjóti. Var þá pulsan komin og reyndist vel við að temja árnar.

Hér þurfti þó stærri pulsur. Voru þær nú gerðar þannig að 5 til 6 stórir steinar (2-3 tonn hver) voru gegnumboraðir og tengdir saman með sterkum vír, ca. 1 cm. í þvermál. Var svo pulsunni eða

„perlubandinu” ýtt með jarðytu eftir veginum, sem enn stóð bak við þilið, og ýtt út í elginn. Þetta var ekki hættulaust. Hefði ýtublaðið farið ofan í elginn hefði orðið stórslys. Það var svo hlutverk okkar kranabilstjórnanna að keyra upp um holt og hæðir kringum Úlfljótsvatn og sækja svona steina. Fluttum við þá að vegunum þar sem vörubílar biðu sem fóru með þá til Steingrímsstöðvar. Vorum við í þessu dag eftir dag og sváfum þetta 3 til 4 tíma á nótta. Upp á sjálfbum höfðanum voru margir skálar handa starfsliði. Þar sváfum við. Sem betur fer voru engir starfsmannaskálar niðri við sjálfa stöðina.

Það var ótrúlegt að sjá þegar pulsunum var ýtt út í strauminn. Það nægði að einn steinn færí ofan í. Þá rúllaði öll keðjan út og virtist fljóta niður að göngunum. Þessar steinkeðjur voru 10 til 15 tonn. Sem betur för hafði stálmótið stóra, sem notað var til að fóðra göngin, runnið niður að stöð og snúist þvert á. Tók það á móti þessari steinadrifu og héldu menn að annars hefðum við brotið niður stöðina með stórgrytinu.

Við héldum áfram að safna grjóti. Þetta var eins og styrjaldarástand. Ekki bara við Steingrímsstöð, heldur líka við hinrar virkjanirnar. Út um alla veki voru bílar við flutninga. Sumir höfðu keyrt út af og aðrir oltið. Það var rosalegur æsingur í fólk, enda nætursvefn lítil. Mötuneyti í hinum virkjunum unnu dag og nött við að elda oni mannskapinn og gefa þeim kaffi. Allir tiltaekir vörubílar á suðvesturlandi voru nú hér komnir.

Í öllum þessum látum kom fyrir smáslys, sem reyndar gladdi mig mjög. Það skeðið þegar við, 6 til 7 úr flutningadeildinni, vorum að ganga upp á höfðanum í átt að skálanum þar sem við höfðum viðveru. Ég gekk fyrstur. Sömu leið keyrði kranabíllinn með löngu bómuna með Snorra, vin minn, við stýri. Í bómunni hékk rafmagnsstaur. Hann slengdist fram og aftur og sló mig í hnakkann svo ég steinlá, en rotaðist ekki. Þá kom þessi þungi maður, pabbi minn, á harða hlaupum, kastaði sér niður og greip mig í fangið.

„Helgi minn.”

Þá var mín fyrsta hugsun : Honum þykir þá vænt um mig þratt fyrir allt.

Samskifti okkar pabba höfðu verið stirð árum saman. 15 ára tók ég stjórn á lífi mínu og lauk þá barsmíðum, enda var ég orðinn stór og sterkur og líklegur til að taka á móti. Héðan af skyldi pabbi ekki ráða mínu lífi. Svo, nýorðinn 18 ára, eigum við Hrafnhildur von á barni. Var mér þá kastað út af heimilinu og var úti í nokkrar vikur. Engin góð lausn fyrir strák í 5. bekk menntaskóla. Fékk ég að koma heim fyrir tilstilli góðra kvenna, aðallega Kristínar ömmu og Guðrúnar Guðlaugsdóttur, módir Kristins Einarssonar, bekkjarbróður og besta vinar. Engir hnökrar voru á samskiptum okkar pabba í vinnunni. Þar stjórnaði hann og gerði það vel.

Nú hafði lækkað í Þingvallavatni um 2 metra og hafði það áhrif á flauminn, en aðrar tiltektir okkar komu að litlu gagni. Virtist nú nokkur von um að „pulsurnar“ hættu að fljóta burt. En stálþilið var eyðilagt. Eftir fyrirspurnir fréttum við af ónotuðu stálþili á Sauðárkróki, en þar voru að hefjast hafnarframkvæmdir. Sendi pabbi two dráttarbíla með aftanívagna til að sækja stálþilin. Voru aðalbílstjórar Bjössi Steindórs og Siggi Jóhanns, en ég og annar til vorum aðstoðar bílstjórar. Þeir tveir fyrri nefndu voru afbragðs ökumenn og víða kunnir sem slikir. Var okkur sagt að flýta okkur sem mest. Ferðin tók 3 sólarhringa. Á heimleið stálumst við til að sofa 2 tíma á einhverju gistiheimili sem ég man ekki hvar var, enda hálfruglaður af þreytu. Einhvern veginn komst pabbi að þessu og hringdi og rak okkur af stað astur. Bílarnir, hlaðnir stálþilum, vógu alls 27 tonn hver. Ég hef áður lýst hvernig við „læddumst“ yfir gömlu Blöndubrúna um miðja nótt. Versti farartálminn var þó gamla Gljúfurárbrúin í Borgarfirði. Hún er þarna ennþá á hægri hönd þegar maður keyrir suður. Liggur langt niðri í glúfrinu. Hún er ekki löng, en aðkeyrslan er erfisíð. Myndar vegurinn nálega 90 gráðu horn við innkeyrsluna á brúna frá báðum endum. Sérlega var þetta þróngt og erfitt sunnan megin þar sem er hár hamraveggur. Bjössi Steindórs, sá frábæri ökumaður, keyrði fyrri bílinn. Honum tókst ekki að ná beygjunni með

aftanívagninn inn á brúna. Þá gerði hann það sem ég hafði aldrei séð áður eða seinna. Hann keyrði upp á undirstöðu brúarhandriðsins. Þar var pláss fyrir ca. 5 cm. af dekkinu. Svona náði hann þessum sentimetrum sem á vantaði. Sama gerði svo hinn snjalli bílstjórinn, Siggi Jóhanns. Á Sauðárkróki voru vagnarnir hlaðnir stálþiljum. Þær stóðu langt aftur af vögnunum. Á leiðinni til baka var Gljúfurárbrúin astur farartálmi. Sama þrónga beygjan inn á brúna, en norðan megin var meira pláss og enginn hamraveggur. Því var hægt að nota bragð sem þessir gömlu bílstjórar kunnu. Við tjökkudum upp fyrri vagninn að aftan. Svo keyrði seinni bílinn á vagninn og hrinti honum af tjökkunum. Ýttist hann þá í rétta stefnu 30 til 40 cm. í hvert sinn þar til hann stóð réttur fyrir til að hægt var að keyra inn á brúna.

Enn fór Bjössi fyrstur. Við hinn endann var ekki annað að gera en að beygja. Svipti þá stálþilið öllum brúarstöplum og handriði hægra megin af brúnni þegar beygt var til vinstri. Hrundi þetta niður í ána með tilheyrandi gusugangi. Við þetta varð rýmra fyrir seinni bílinn sem gat beygt eðlilega inn á brúna.

Þegar við komum til Steingrímsstöðvar hafði lækkað svo mikið í Þingvallavatni að hægt var að yfirbuga strauminn og koma upp varnargirðingu úr stálþilum. Stöðvaðist þá rennslið.

Mörgum árum seinna var ég þarna á ferð með Pétri, syni mínum. Mátti þá enn sjá stálþilið niðri í vatninu til hliðar við innrennslíð.

Það var undarlegt að ganga um þar sem áður hafði beljað stórfljót. Sjálfst stöðvarhúsið var mikið til óskemmt en stöðvargólfíð þakið möl og sandi. Allar hæðir undir stöðvargólfinu voru einnig þétpakkaðar. Vélarútbúnaður, sem settur hafði verið upp, var ónytur.

Það vakti furðu mína þá og seinna, hve lítið fór fyrir þessu stórslysi í fréttum. Það komu einstaka smáfregnir með myndum í Morgunblaðinu. Aldrei sá ég blaðamenn eða ljósmyndara,

hvað þá heldur kvíkmyndatökumenn. Sjónvarpið var ekki komið. Sagt var að tjónið hefði numið 10 milljónum. Ég veit ekki hvort það er rétt.

En slysið varð vegna aulaháttar og trassaskapar. Ef til vill var reynt að leyna því vegna tryggingarfélaganna, sem annars gætu dregið úr bótareiðslum. Fyrir mig, stráklinginn, var þetta stórkostlegt ævintýri sem lika gaf vel í aðra hönd með mikilli eftirvinnu. Svo var alltaf gott veður, fallegt íslenskt sumarveður.

En það voru önnur eftirköst. Í Morgunblaðinu, núna í október 2004, las ég skýrslu frá líffræðingum. Þeir sögðu að fyrst nú væri Þingvallavatn að ná sér aftur eftir þetta slys fyrir 45 árum.

Svona var farið með okkar fallegasta og besta vatn, Þingvallavatn.

16

Kondór yfir Reykjavík

Það tók mig mörg ár að koma þessari sögu saman og skilja atburðarásina. Ég var að leika mér við norðurenda litla hússins þar sem amma Kristín bjó. Þar var moldarflag sem ágætt var að róta í. Á norðurlóðarmörkunum var há bárujárnsgríðing við Hverfisgötu. Það sem ég man nær aðeins yfir nokkrar sekúndur. Pabbi hélt á mér og ég horfði til norðurs. Norðan og ofan við turn Þjóðleikhússins var flugvél sem kom frá austri og flaug í vesturátt. Veðrið var gott. Fyrir ofan og aftan flugvélina birtust stöðugt dökkbrúnir reykhnoðrar sem hurfu jafnóðum. Þeir voru á stærð við stélfloð flugvélarinnar.

Ég hef síðan staðið í sömu sporum og reynt að meta flughæð. Hún flaug lágt, sennilega í u.p.b. 300 metra hæð. Ég man engin hljóð. Flugvél flaug út á Faxafloa og ég man ekki meir.

Mörgum árum seinna, þegar ég var um tvítugt, minntist ég á þetta við pabba. Hann mundi vel estir þessu. Þetta var þýsk flugvél sem kom frá Noregi. Bretar sendu eftir henni orrustuflugvélar sem skutu hana niður yfir Faxaflóa. Hélt pabbi.

Um 1980 las ég í Morgunblaðinu viðtal við fyrrverandi þýskan herflugmann, Mons að nafni. Hann átti heima í Hamborg að mig minnr. Hann flaug þessari vél og kom frá Stavanger í Noregi.

Það komu 8 göt á flugvélina við skothríðina en hann flaug tilbaka til Stavanger og enginn særðist af hans mönnum.

Seinna las ég að Bretar höfðu engar orrustuflugvélar á Íslandi um þetta leyti. Þeir höfðu fáeinan Fairey Battle flugvélar. Þær voru svokallaðar orrustu og sprengjuflugvélar (fighter-bomber) og bæði þunglamalegar og gamaldags. Þær höfðu aðstöðu á flugvellinum í Kaldaðarnesi, en flugvöllurinn í Vatnsmýrinni var ekki kominn í gagnið.

Focke Wulf 200 Kondor flaug auðveldlega frá þeim. Flugvélin, sem kom frá Stavanger, var upphaflega farþegaflugvél, hönnuð 1936 fyrir Lufthansa sem hafði þá mikinn áhuga að koma á föstu flugi til fjarlægra staða. Þeir reyndu, meðal annars, að koma sér upp aðstöðu á Íslandi, en Hermann Jónasson, forsætisráðherra, kom í veg fyrir það. Flugvélin var komin viða í notkun fyrir striðið. Sem dæmi var Focke Wulf Kondor fyrsta flugvélin sem hóf sig á loft frá nýja Fornebu flugvelli í Oslo 1938. Var hún frá Danska Konunglega Flugfélagini (SAS var stofnað eftir striðið). Nú var danski flugstjórinn ekki vel kunnugur staðháttum og reyndi að taka sig upp frá uppstillingar og aðkeyrslubrautinni. Hún var mun styrtti en venjulega brautin og lá við stórslysi, en allt för vel.

Focke Wulf Kondor var með 4 hreyfla og tók 60 farþega. Sem umbyggð herflugvél var hún vopnuð vélbyssum og fallbyssu. Gat tekið um 1200 kg. af sprengjum. Áhöfn 5 manns. Alls voru smíðaðar 263 vélar. Þær voru hafðar í langflug, bæði til könnunar og í sprengjuárásir. Gerðu mikinn skaða á skipalestum. Þessar flugvélar gerðu nokkrar loftárásir á Austfirði og sökktu m.a. stóru olíuskipi á Seyðisfirði. Komu þá 3 saman. Alls voru 3 svona vélar skotnar niður yfir Íslandi. Send var flugvél með sprengjufarm handa Reykjavík en hún hvarf í hafi. Þessar vélar gögnuðust þjóðverjum vel en þóttu veikbyggðar, enda ekki smíðaðar sem herflugvélar.

Enn líður tíminn og 1992 fekk ég lánaða íbúð Þórarins Brands, bróður míns, í Garðabæ. Hann var þá á námskeiði hjá Boeing verksmiðjunum í Bandaríkjunum. Hann á gott bókasafn. Þar fann

ég bók á íslensku : Dagbók stríðsins á Íslandi. Fletti ég upp í bókinni til að fræðast um komur óvinaflugvála yfir Reykjavík 1941. Það var aðeins eitt slikt flug, sunnudaginn 29. mars.

Seinna, þegar mamma var dáin (1993), sáum við pabbi oft tveir saman í eldhúsinu í íbúðinni í Garðabæ og spjölluðum tínum saman. Helst um gamla daga.

Þá vék ég aftur talinu að Kondorflugvélinni yfir Reykjavík.

„Af hverju hélst þú á mér, pabbi?“

„Jú, Bretarnir höfðu komið fyrir loftvarnabyssum á þaki Þjóðleikhússins. Þær voru seinna fjarlægðar. Þeir skutu eins og vitlausir á flugvélina og sprengjubrotum rigndi yfir allt hverfið. Ég hjóp út og náði í þig. Þú varst í lifshættu.“

17

Nágrannar og leikfélagar

Það voru margir krakkar í Skuggahverfinu á þessum árum. Kom þar til alvarlegur húsnæðisskortur og margir urðu að búa þróngt. Svo voru fjölskyldurnar ívið stærri en seinna varð. Nú var ég mikið til hættur að leika mér við stelpur. Félagar mínir voru eiginlega bara strákar, Grétar, Pálmi, Þórarinn, Eggert og Knútur. Vorum við allir jafnaldrar. Knútur hétt eiginlega Knud og var sonur danska sendiherrans, de la Fonteney. Hann var þó sem alíslenskur og var það gott, því Danir voru í litlum metum á Íslandi þá og oft kallaðir „Baunar”. Einhver mannamunur var þó þarna, því það var bara ég sem fékk að leika við Knút i garði sendiráðsins. Við strákarnir vorum alltaf inni á gaftli hjá hver öðrum, en aðeins örsjaldan kom ég inn í sendiráðið. Eitt sinn læddumst við Knútur inn og kíktum inn í stóran sal. Þar fór fram einhver hátiðleg athöfn. Fólk var mjög prúðbúið, síðir kjólar, kjólföt og mörg heiðursmerki. Ég hef grun um að sendiherrahjónunum hafi ekki líkað hve mikið Knútur sótti í þennan íslenska strákalýð.

Ég var þó ekki alveg orðinn fráhverfur kvenfólk. Smiðjustígur 3 var lítið timburhús. Þar bjó Vildis ásamt mömmu sinni. Við vorum jafnaldrar. Við Vildis vorum mikið saman. Mér fannst Vildis gullfallegr. Hún var með ljóst, hrokkið hár og heilar tennur. Ekki eins og flestir félagar

mínir, sem voru með svartar, brenndar barnatennur. Svo kom að því að við Vildis ákváðum að trúlofa okkur. Við vorum þá 5 ára. Svo ætluðum við að gifta okkur strax og tækifæri gæfist. Ég braut mikið heilann um hvað ég gæti gefið Vildísi í brúðkaupsgjöf. Ég vildi gera henni eins gott og ég bara gæti. Nú hafði ég tekið eftir því að mamma var sifellt að nauða í pabba um að fá þvottavél. Já, þvottavél, það var málið.

„Þegar við giftum okkur, þá skal ég gefa þér þvottavél” sagði ég við Vildísi. Hún fékk aldrei neina þvottavél og þetta var i fyrsta skifti sem ég sveik konu.

Faðir Vildísar var Kristmann Guðmundsson, rithöfundur, en hann sá ég aldrei. Mamma hennar var falleg ljóshærð kona sem ég man lítið eftir. Seinna fluttu þær mæðgur burt.

„En syndin er lævís og lipur” eins og segir í kvæðinu. Á sama tíma og við Vildis vorum trúlofuð, þá var ég skotinn í Soffiu. Hún hafði ákaflega fallegt, rautt hár og enn þann dag í dag finnst mér rautt (ekta rautt) kvenhár það fallegasta. Soffia vann í Sparisjóði Reykjavíkur, sem þá var á horni Smiðjustígs og Hverfisgötu, beint á móti Smiðjustíg 5 b. Það hefur sennilega verið 20 ára aldursmunur á okkur, en það fannst mér ekki tiltökumál. Ég sat út í glugga á Smiðjustígnum og horfði á Soffiu vinna.

Svo gerði ég þau mistök að trúua Önnu frænku fyrir þessari ást minni og vissi ekki að hún og Soffia voru vinkonur. Sagði hún Soffiu þegar frá þessu og man ég því miður svo vel hvað þær hlógu mikið að mér, þessar risastóru dömur, en ég horfði sorgbitinn skáhallað upp til þeirra. Svona fór ástin þessi.

Börn tala í alvöru en þeir fullorðnu svara krakkalega.

Laugavegur 11 var og er stórt hús á horni Laugavegar og Smiðjustígs vestan megin. Í húsinu bjuggu margar fjölskyldur og fullt af börnum. Þarna voru líka einstaklingar, oft drykkjumenn. Þar var bakgarður, fremur líttill. Ekkert gras, bara möl.

Eini grasbletturinn í hverfinu, þar sem börn gátu leikið sér, var heima hjá mér. Í bakgarðinum var þó margt að sjá. Sumir af drykkjumönnunum voru nasistar og áttu til að messa út um glugga yfir okkur krökkunum og heilsa með Hitlerkveðju.

Vesalings húsmæður reyndu þarna að þurrka þvott sinn á snúrum. Sigin fiskur hékk við gluggana. Svo voru þarna margar öskutunnur með gamla laginu þar sem matarúrgangi var kastað umbúðalaust. Lyktin var sterk og flugur margar.

Á þessum árum var mikill rottugangur í Reykjavík. Þetta voru stórar rottur, ekki kannski af kattarstærð, en að minnsta kosti eins og kettingar. Við eltum þessar rottur og drápum þær stundum með steinkasti. Í kjallaranum hjá Vildisi var alltaf von i að finna rottur. Ég man ekki eftir rottum í kjallaranum hjá mér, en vafalaust voru þær þarna. Hugsanlega hræddi hundurinn Kóra þær.

Það voru oft ýfingar milli eldri strákanna og okkar yngri. Þetta þjappaði okkur saman í nokkurs konar Hræðslubandalag. Verstir voru Bernboug strákarnir, regluleg „hrekkjusvin“. Þeir bjuggu á Smiðjustíg 6, beint á móti gamla húsinu okkar. Ég var þó stundum í heimsókn þar eins og svo víða. Þar sá ég fyrst drukkið brennivín í svörtu kaffi að morgni dags. Það þótti mér merkilegt. Svona var það ekki heima hjá mér. Ég held að pabbi strákanna hafi verið leigubílstjóri.

Við vorum ekki alltaf að slást innbyrðis. Stundum var safnað liði og farið niður á Lindargötu til að berja á strákunum þar. Einn þeirra var kallaður „eineygði óvætturinn“. Hann var fæddur með sigin augnalok og varð að halla astur höfðinu til að sjá. Þá sást vel i illuðlegt augnaráðið sem hann sendi okkur. Hann varð seinna þjóðkunnur maður. Við höfðum unun af að berja á honum. Stundum voru notaðar spýtur.

Þarna á Lindargötunni var leynifélagið „Svarta Höndin“, sem okkur þótti mjög háskalegt. Stjórnaði því náungi sem kallaður var Bóbó. Hann var sagður sonur Italo Balbo, ítölsku

flughetjunnar, sem var einkavinur Mussolini. Hann kom til Íslands með heila flugsveit 1933. Bóbó var enginn dæmigerður norðurlandabúi, heldur dökkhærður og brúnn á hörund eins og særmið við Miðjarðarhafsið.

Einstaka sinnum vorum við allir samherjar og þá var barist við strákana úr vesturbænum. Laust þá fylkingunum saman á Arnarhóli, en hvergi var betra að slást en þar. Man ég eftir einni slíkri stórrorrustu, þar sem mörg hundruð strákar voru að berja hver á öðrum með spýtum um allan hólinn. Að leikslokum þóttust allir hafa sigrað.

Þegar ég byrjaði 6 ára í Ísaksskóla, var enginn af félögum mínum með mér. Svo flutti ég upp í Hlíðar og byrjaði í Austurbæjarskólanum. Þannig urðum við aldrei skólfélagar, vinir míni í Skuggahverfi og ég.

18

Móðir míن og við bræður

Mamma, Auður Svava Ólafsdóttir (f. 24/9 1914 –d. 16/1 1993) og pabbi giftust 1937. Svo fæddist ég 9/2 1939. Það var á efstu hæð til vinstri á gamla Landspítalanum. Þær var þá fæðingardeildin. Seinna vann ég þarna sem læknanemi, en þá var þær barnadeild. Hún var rekin eftir gömlu aðferðinni, foreldrunum var stuggað burt. Það var ekki talið gott að börnin hefðu foreldra sína hjá sér. Gráturinn var óskaplegur, en eftir nokkra daga þarna heyrði maður ekki lengur gráthljóðin. Þau þurrkuðust út en maður sá þó að börnin grétu.

Mamma varð að liggja 3 vikur eftir fæðinguna, en annars talaði hún ekki um að fæðingin hefði verið erfið. Þetta var sitjandi fæðing. U.þ.b. 2-3% af öllum fæðingum eru sitjandi. Þær eru alls ekki hættulausar og þær sem um var að ræða granna, fingerða konu sem var að fæða í fyrsta sinn, þá hefði maður í dag gert keisaraskurð. En við vorum heppin, mamma og ég.

Mamma og pabbi bjuggu þá á Smiðjustíg 5 b. Þau greiddu húsaleigu sem Anna frænka innheimti. Hér var ekkert gefið. Það var húsnæðisskortur í Reykjavík og svo voru Anna og afi Helgi tekjulítil. Hvort þessir peningar komust til afa veit ég ekki, en Anna var alla tíð mjög dul um sín peningamál. Þegar afi dó, kom í ljós að hann hfði setið í óskiftu búi. Þetta var þá dánarbú

langömmu og langaða. Það gerði erfðamálin flókin og erfið. Urðu miklar þrætur milli Önnu og pabba. Greri aldrei um heilt þar.

Þórarinn Brandur, bróðir minn, fæddist 30. október 1943. Það var dæmigerður Reykjavíkuroktóber, rigning og myrkur. Ég hafði lagt mitt til málanna og var með pabba á vörubílnum til að ná í barnarúm. Svo fór hann að ná í ljósmóður, sem var gömul kona fannst mér. Fæðingin átti að fara fram í svefnherberginu/borðstofunni þar sem mamma lá á divan í suðvesturhorninu. Venjulegt hjónarúm höfðum við ekki á Smiðjustígnum. Það var ekki pláss. Sjálfur svaf ég á bedda sem tekinn var upp að morgni. Þegar að fæðingunni kom, þá var ég rekinn út. Það þótti mér ansi hart. Ég, sem hafði þó veitt málinu minn fulla stuðning. Settist ég í stigatröppuna úti á gangi og hélt utan um stigarmil. Beið ég þarna einn í hálfrokkrinu þar til fæðingin var yfirlægð. Fékk ég þá að koma inn og skoða bróður minn. Hann var með furðumikið, nálega svart hár.

„Ég kom með hann í þessari tösku” sagði ljósmóðirinn. Bentí hún á svarta læknatösku sem lá þarna í horninu. Taskan var ansi litil. Það var ekki hægt að hafa barn í svona tösku. „Nei, þessu færð þú ekki mig til að trúá” hugsaði ég. Siðan segir mamma að ég hafi gengið að rúminu hennar og byrjað að lyfta upp sænginni en verið stoppaður. Það man ég ekki.

Nú var ég orðinn stóri bróðir og það var ekki gott. Fann ég fyrir þungri ábyrgð og öllum mínum mótbárum var eytt með : „Nú ert þú stóri bróðirinn.” Það reyndi fljótt á þetta.

Nokkrum dögum eftir að Brandur fæddist var ég sendur til að kaupa mjólk. Það var venjulegt Reykjavíkurveður í nóvember. Fyrst hafði snjóað, svo frosið og nú var rigning. Glerhált á götunum. Mjólkurbúðin var á horninu á Skólavörðustíg, beint á móti gamla fangelsinu. Ég hafði ekkert á móti því að fara þangað, því þar asgreiddi mjög merkileg kona, komin nokkuð á aldur. Það var gaman að horfa á þegar hún jós mjólk úr stóru brúsunum yfir í litlu brúsana, en best var þegar hún pakkaði inn skyrinu. Þá sást greinilega að hún var með þrjá giftingarhringa á

baugfingri hægri handar. Þetta olli mér miklum heilabrotum en aldrei spurði ég mömmu. Samt taldi ég alveg víst að hún ætti a.m.k. þrjá menn.

Nú var ég útbúinn með 3 lítra mjólkurbrúsa og sendur af stað. Það var geysierfitt að komast upp hála götuna, en niður astur með fullan brúsa, það var ómögulegt. Sá ég fram á að nú myndi ég missa niður alla mjólkina. Þá kom minn bjargvættur, fullorðinn maður sem leiddi mig alla leið heim að dyrum. En þetta var tímanna tákn. Smábörn voru send út til að versla. Til dæmis var tæplega þriggja ára stelpa send út með peninga og skrifafaðan miða til að kaupa 5 sigarettur, sagði hún mér seinna.

Mamma hugsaði vel um okkur bræður. Alltaf fengum við nögan, góðan og hollan mat. Aldrei strásykur á rúgbrauð eins og sumir vinir mírir fengu, þessir með svörtu, brenndu tennurnar. Lýsi tókum við. Við vorum vel klæddir þótt fötin væru stundum bætt. Mamma kenndi okkur að fara vel með fötin okkar og því hef ég aldrei gleymt. Að vera vel til fara, það var áminning hennar. Seinna, þegar við bjuggum í Lönguhlíðinni og ég var á fermingaráldri, þá taldi ég 12 hvítar skyrtur sem ég átti. Þessar skyrtur þvoði hún, straujaði og stífaði. Ég skammast mín fyrir að hafa lagt þetta á hana.

Við vorum aldrei látnir ganga á gúmmítúttum, en það voru skór gerðir úr gömlum bildekkjaslöngum. Þetta var ódyrt og einfalt og nóg var til af gömlum slöngum. Nei, svona skóskyldum við aldrei nota sagði mamma. Og þar fékk hún stuðning frá Önnu frænku og ömmu Kristínu. Þessir skór hurfu eftir striðið.

Annars hafði ég vandkvæði af of þróngum skóm. Ég stækkaði hratt og nýir skór voru ekki bara dýrir heldur líka illfæanlegir. Þá voru skósmiðir víða og mikið gert við skó. Voru skórnir hálfssólaðir eða heilsólaðir. Við höfðum Ferdinand skósmið, sem var þá á Hverfisgötu rétt austan við búð Halla Þórarins. Þangað þótti mér gaman að koma. Þar var svo dýrðleg lykt af nýju leðri. Verkstæði hans var í niðurgrafinni kjallaraholu. Svona kjallaraholur voru mikið notaðar á þessum

árum, bæði sem verkstæði og mannabústaðir. Kjallararnir voru oftast mjög niðurgrafnir með örsmáum gluggum út að gótu. Í svona kjallaraíbúð bjó amma Stefánía með Jóni, seinni manni sínum, rétt um stríðslok 1945. Var það á Hverfisgötu, nokkuð austan við Vatnsstíg. Seinna flutti hún til Ísleifs, sonar síns, á Vitastig 20.

Mamma var ekki reßsiglöð. Hún gæti hafa danglað svolitið í rassinn á okkur en ekki meira. Hins vegar sagði hún oft : „Þú verður flengdur þegar pabbi kemur heim.” Ég held að þetta hafi verið fyrsta heila setningin sem Brandur bróðir lærdi. Að visu kunni hann að segja áður „galt úti” (kalt úti). En þetta urðu aldrei neinar sérstakar barsmiðar og ég man aldrei eftir að hafa verið sleginn í andlitið. Það kom seinna. Sumir félagar mínr voru lúbarðir heima hjá sér. En svona var tíðarandinn og okkur krökkunum þótti þetta ekki neitt tiltökumál, því þetta gekk yfir alla.

En mömmu leið ekki vel á Smiðjustíg 5 b og það fór versnandi. Eitt var sambúðin í þessari undarlegu stórfjölskyldu og kem ég að því seinna. Annað var að við skárum okkur úr þarna í götunni og ef til vill fannst fölki við vera að setja okkur á of háan hest. Þarna var doktorinn, fáskiptinn, upp á lofti, Anna píanóleikarinn með sitt skap, og svo amman sem kom utan úr heimi. Í hverfinu var bjó venjulegt fólk, sjómenn og verkamenn, sumir skaddaðir af drykkju. Mamma eignaðist ekki vinkonur þarna og mér þótti það skritið hve ríka áherslu hún lagði á að ég segði ekki frá neinu sem gerðist heima hjá okkur. Þetta var eiginlega nokkurs konar umsátnarsástand. Leitt þótti mér að heyra þegar krakkarnir kölluðu pabba „Tóta feita”. Ég átti góða félaga í jafnöldrum mínum, en það var ljóst að foreldrar mínr og við bræður myndum ekki verða þarna lengi.

19

Sambýli á Smiðjustíg 5 b

Áður en lengra er haldið, vil ég nefna fólkid sem bjó í gamla húsinu, Smiðjustíg 5 a. Þar bjuggu gömul hjón með ungrí dóttur sinni. Hún var máttlaus í fótunum, sennilega eftir lömunarveiki, og notaði hjólastól. Hann var af gömlu gerðinni með þrjú jafnstór hjól og var framhjólið knúið með handsveif og keðju eins og á reiðhjóli. Það voru nokkrir sem notuðu svona hjólastóla í Reykjavík. Nú eru þeir alveg horfnir.

Unga stúlkan var falleg og ljóshærð með hár niður á herðar að hætti Veronicu Lake, Hollywoodleikkonu. Ég var allmikið inni hjá þessu fólk, en ég stóð mikið í heimsóknum þegar ég var svona 3-5 ára. Annars var nálega enginn umgangur milli okkar fólks og þeirra. Það sem enginn vissi, var að unga stúlkan var berklaveik með smitberkla. Smitaðist ég en var eiginlega ekkert veikur hvað ég man. Hins vegar kostaði þetta margra ára eftirlit ásamt gegnumlýsingum niðri á Heilsuverndarstöðinni Líkn við Austurvöll. En ég lasnaðist ekki og dafnaði vel. Mér fór vel fram og eftirköst urðu engin. Svona vægt smit veitir aukna móttöðu gegn frekari berklaveikindum. Það kom sér vel þegar ég var að vinna á Vifilstöðum 1963 hjá Helga Yngvarssyni, yfirlækni, og allir sjúklingarnir hóstuðu á okkur (samkvæmt fyrirmælum) þegar ég var með Helga að gegnumlýsa. Einhverjir fleiri smituðust en bara ég af okkar fólk.

Þetta var undarleg stórfjölskylda sem bjó þarna á Smiðjustíg 5 b (litla húsið hennar ömmu er talið með stóra húsinu). Elsti íbúinn fæddur 1872 og sá yngsti 1943. Þetta voru sterkar persónur, sem höfðu gert marga og undarlega hluti, en höfðu nú safnast saman í þessu húsi. Nú tala ég um þá fullorðnu, við bræður vorum bara áhorfendur og okkur leið ekki alltaf vel. Seinna splundraðist þetta og allir fóru sína leið. Það var það besta.

Sambýlið hefði ekki getað haldið áfram.

Aðal óróaseggirnir voru Anna tanta, eins og hún var kölluð alla tíð, amma Kristín og pabbi. Þetta voru sérlega hraustar og sterkar persónur. Pabbi var talinn sterkasti maðurinn í Rafveitunni um tíma. Amma Kristín var í mínum huga Kristín járnþönd en hún nuddaði sjúklingana fast. Anna bar oft fyrir sig líkamlegum veikindum þegar það hæfði vígstöðunni, en læknar í mörgum löndum höfðu ekkert fundið út úr þessum sjúkleika hennar. Tók hún það leyndarmál með sér í grófina. Öll voru þau óvægin og vildu ekki gefa sig. Pabbi, hertur úr sínu umhverfi, þar sem eitt kjaftshögg var betra en 100 rökræður. Amma var móðirin sem hafði brugðist hlutverki sínu, en sem baðst engrar afsökunar og tefldi við hin á jafnréttisgrundvelli frekar en frá móðurhlutverkinu.

Anna var verst. Hún æpti og skammaðist. Þeim, sem kynntust Önnu seinna, þótti stundum mikið til um skapofsa hennar. Þá var ég vanur að svara : „Þið hefðuð átt að hlusta á hana í gamla daga. Nú er hún bara tannlaust ljón.” Hún sást ekki fyrir. Dæmi, sem ég man svo vel sem það hefði skeð í gær : Þetta var nokkrum dögum eftir fæðingu bróður míns. Það var búið að færa aftur saman dívanana í svefnherberginu og snéru þeir nú eins og áður. Mamma lá á dívaninum næst suðurglugganum. Ég var í eldhúsinu. Þá birtist Anna skyndilega og fer inn í svefnherbergið. Gengur beint til mömmu, þar sem hún liggar, og byrjar að skamma hana með háværum hljóðum. Mamma gat enga vörn sér veitt og fer að hágráta. Ég fór að gráta líka. Þá kemur pabbi aftan að Önnu. Grípur um upphandleggi hennar og dregur hana að dyrunum að eldhúsinu og kastar henni

út. Skipar henni að snauta burt. Snauta, það var orðið sem hann notaði. Það er kannski ekki mikil notað í dag. Ekki vissi ég og fékk aldrei að vita hver var ástæðan fyrir þessari áras Önnu á mömmu mína.

Eitt af keppikeflum Önnu var að halda blettinum „hreinum”. Það var fölgjöt í að reka burt krakka sem voru að leika sér á lóðinni. Átti hún þá til að hoppa upp á stól í svefnherbergini niðri og opna efri hluta gluggans og öskra : „Farið burt af blettinum.” Þetta skeði svo oft að Brandur var farinn að endurtaka þetta með henni þar sem hann stóð rétt hjá. Mér þótti þetta miður. Þessir krakkar voru leikfélagar mínir og voru öðrum stundum að leika sér á blettinum með mér. Við Brandur vorum auðvitað bara peð í þessum ryskingum.

Eitt málið var að fara með okkur til rakara. Þær kepptust um það, Anna og amma . Svo þegar heim var komið byrjuðu átökin: „Hvernig lætur þú klippa barnið. Guð hvað hann er stöllóttur.” Við Brandur vorum með þetta ljósa og fingerða hár sem létt illa að stjórn, sérlega hjá mér. Vesaling rakarinn (Halli rakari) gerði sitt besta en þær mæðgur voru aldrei ánægðar.

Mér finnst erfitt að rifja upp þessi sambýlismál. Engu okkar leið vel. Afi Helgi reyndi að vera sem mest í sínum heimi uppi á lofti. Amma Kristin flutti út í bæ þegar eftir stríðið. Anna hafði tekið sér eigandavald og vildi öllu stjórna. Stjórnandi hún í umboði föður síns en tók allar ákvarðanir sjálf. Þannig rak hún okkur út úr stóru stofunni niðri. Vildi fá hana til kennslu. Í staðinn fengum við herbergið í norðausturhorninu. Það var lítið og sófasett og önnur húsgögn foreldra minna tóku næstum allt gólfpláss. Í stóru stofunni heyrðist kennslan meira en áður og glumdi húsið af misjöfnu pianóspili margar klukkustundir á dag.

Sem fullorðinn hef ég verið fremur tregur til að fara á sigilda tónleika. Kannski var það allt þetta pianóspil og líka að vera dreginn sem bandingi með Önnu á tónleika í Gamla Bíó sem hafði þessi áhrif á mig.

Pabbi vann mikið og var minnst heima af okkur öllum. Ég held að þetta stríðsástand hafi þjakað mömmu mest. Mamma var fingerð kona, þolinmóð og blið. Hún var ekki vön svona skærum frá sinni ætt. Hún vildi fara en pabbi var tregur. Bæði var mikill húsnæðisskortur og sennilega hefur húsaleigan verið hófleg, þó ég viti það ekki. En ástandið varð ekki betra. Mamma sagði mér seinna að hún hafi að lokum sett pabba úrslitakosti : „Annað hvort flyttum við eða hún færí og skildi við hann.“ Nú var pabbi kominn í vanda. En þessi maður hafði frábæra orku þegar til þurfti að taka, eins og hann sýndi svo vel þegar mamma varð seinna dauðveik.

Hann hafði alltaf verið mjög virkur félagi í Sjálfstæðisflokknum og var í fulltrúaráði hans. Hann kippti nú í alla þá þræði sem hann gat. Þetta var erfitt mál. Stríðinu var lokið en húsnæðisskorturinn í Reykjavík var geysilegur. Þúsundir bjuggu í hermannabréggum í svonefndum braggahverfum (t.d. Kamp Knox). Ég átti vini sem bjuggu svona og heimsótti þá í braggana. Braggarnir voru margir illa einangraðir og rakir. Myndaðist þá mjög leiðinleg lykt þar inni sem settist í fótin. Fór því ekki milli mála í skólanum, hverjir kæmu úr bragga. Búið var í bréggum í Reykjavík alveg fram undir 1970.

Svo voru óskipulögð hverfi þar sem menn reistu sér kofa og jafnvel hús. Dæmi um slikt hverfi var Blesugrófin.

Það var því frábært afrek hjá pabba að ná í 2 herbergja íbúð i nýbyggðu sambýlishúsi við Lönguhlið. Húsnúmerið var Lönguhlið 25 og íbúðin á fjórðu hæð til vinstri. Það sést best á sambýlisfólki okkar í stigaganginum, hve þetta var í raun erfitt. Þarna var heildsali, kaupmaður, skrifstofustjóri Reykjvíkurborgar, ekkja eftir professor, skipstjóri, fuglafraeðingur og skrifstofumaður hjá bænum. Pabbi var þarna aftastur í röðinni af þessu fyrifólki.

Við fluttum strax út þótt íbúðin væri ekki tilbúin. Til bráðabirgða bjuggum við hjá ömmu Stefaníu á Vitastíg 20. Fengum við þar lítið herbergi þar sem rétt var pláss fyrir rúmin okkar. Ég

gekk í Austurbæjarskólann og þótti það ansi sniðugt að bara hlaupa skáhallt yfir götuna. Hjá ömmu Stefaniú vorum við rúman mánuð og fluttum svo inn í Lönguhlíð 25 í nóvember 1948.

Það var eins og að koma í himnaríki og Smiðjustígurinn bara vondur draumur. Þarna byrjaði nýtt og miklu betra líf fyrir okkur öll. Þessi dvöl þarna á Smiðjustígnum hafði haft vond áhrif á okkur. Mest kannski á mömmu, en lika á Brand og mig. Pabbi var minnst snortinn af þessu, enda hafði hann búið þarna svo lengi, þótt þetta væri eiginlega ekki æskuheimili hans. En nú var þessu lokið, sem betur fer.

Anna bjó að lokum ein í húsinu ásamt Áka. Það var rifið um 1960 og hún fluttist á Kaplaskjólsveg 41.

Eftirmáli

Jæja, þetta er bókin handa ykkur í ættinni um ættingjana okkar. Hún er fyrir okkur og á ekki erindi út á opinn markað finnst mér. Þetta er okkar mál.

Einiginlega byrjaði ég að skrifa þetta 1998 og skrifsaði þá einn kafla. Ástæðan var að Rósa greindist með banvænan sjúkdóm og ég sá hve lífsþráðurinn er mjór og veikur. Mér fannst ég verða að koma þessu frá mér og skrifsaði kaflann í páskavikunni 1998. Síðan gerðist ekkert fyrr en ég varð löggilt gamalmenni 2004. Þá tók ég aftur upp þráðinn.

Ég vona að ég hafi ekki verið of dómharður um þetta folk okkar. Mér þótti vænt um alla þá sem ég þekkti persónulega. En ég var barn og svo unglingsur og dömgreindin og matið eftir því. Kannski misskildi ég sumt og ekki var verið að útskyra fyrir mér eða setja mig inn í málið. Það var ekki gert við börn og unglingsa þá.

Einmitt í dag (16/4 2006), þegar ég skrifa þetta, hefði Anna frænka orðið 100 ára. Prátt fyrir allt þótti mér mjög vænt um Önnu, en hún gat verið óþolandí. Þarna á leiksviðinu Smiðjustig 5 b var oft mikið stríð, vonska og reiði, en aldrei hatur.

Merkilega margir af þessu sérkennilega fólk voru frumherjar : Langamma fyrsti íslenski píanókennarinn, aði fyrsti jarðfræðingurinn, Anna fyrsti kvenkonsertpianistinn, pabbi frumkvöðull í þungaflutingum á vegum og amma Kristín, hún var ein af þeim allra fyrstu sem skildi og hljópst á brott.

Mest af því sem ég hef skrifað hérrna, er spunnið upp úr sjálfum mér. Þó hef ég gluggað dálitið í bækur og er það venjulega nefnt í textanum. Ein bók er þó ekki nefnd og er það bók Bjargar Einarsdóttur : Úr ævi og starfi íslenskra kvenna II bindi 1986. Þar skrifar hún fallega um langömmu Önnu Sigríði og Ástu barónessu. Hafði ég góð not af því.

Ég hef fengið frábæra hjálp og stuðning frá Hrafnhildi (eiginkona, móðir, amma og langamma) þó langt væri milli okkar. Las ég upp fyrir hana í síma og hún kom með góðar ábendingar. Og síðast en ekki síst, hún þekkti margar af söguhetjunum.

Kongsvinger apríl 2006

Nafnaskrá

- Aarsleff 96
Alfreð Elíasson 71, 72
Andersen, Hans Christian 97
Anna Sigríður Helgadóttir Pjeturss 3, 8, 10, 11, 12, 23, 25, 26, 27, 29, 30, 49, 53, 60, 97, 98, 133, 134, 135, 138, 139, 141, 143, 144
Anna Sigríður Vigfúsdóttir Thorarensen 7, 18, 19, 20, 22, 23, 24, 25, 60, 89, 92, 144
Arnet, Birgit 66
Arnet, Flemming 66
Arnet, Peter 64
Arnet, Richard Adolf Georg 63, 64, 66, 67
Arnet, Willy Olav Franz (Vilhjálmur Ríkharðsson) 65, 66, 67
Árni Magnússon 94
Arnljótur Ólafsson 16
Ashburnham, jarl 53
Áslaug í Perlu 71, 72
Ásmundur Sveinsson 94, 96
Ástríður Helgadóttir Thordersen Melsteð 19, 21
Ástríður (Ásta) Péturdóttir von Jaden 8, 16, 23, 24, 25, 26, 29, 30, 65, 144
Auður Svava Ólafsdóttir 133
- Balbo, Italo 131
Barón Bullujón (Boilleau, Charles Gouldrée) 103
Beauty 71
Benedikt Gröndal 7
Birgir Ásgeirsson 65
Birgir Guðjónsson 101
Björg Einarsdóttir 144
Björgvin Finnsson 72
Björn Gunnlaugsson 82
Björn Steindórsson 122
Bólu-Hjálmar 16
Bonaparte, María Lovísá 29
Bonaparte, Napóleon 29
Bonaparte, Napoleón II 29
Brandur Bjarnason 46, 48, 92
Brandur í Vík 120
Bríet Bjarnhéðisdóttir 21
Broby-Johansen 98
Bruz, Jósif (Tito) 28
- Caesar, Julius 27
Conan Doyle, Arthur 53

- Dalhoff, gullsmiður 8
Disney Leith, Mary Gordon 47, 48, 52
Defoe, Daniel 4
Ditlevsen, Tove 5
- Edda Finnbogadóttir 66
Egill Thorarensen 84
Einar Baldwin Guðmundsson 98
Einar Matthíasson 86, 91, 92
Eiríkur Bjarnason 46
Eiríkur á Brúnum 40
Eneas frá Tróju 27
Erlingur Pálsson 83
Eva Sigurðardóttir 65
Eyjólfur Þorvarðarson 7
- Ferdinand, skósmaður 135
Finsen, Olufa 19, 20
Frans I, keisari 29
Frans Josef, keisari 27
Freud, Sigmund 28
Friðrik Einarsson 46
- Gestur Einarsson 84
Guðmundur á Borg 17
Guðmundur Eggerz 30
Guðmundur Einarsson frá Miðdal 94
Guðmundur Guðmundsson, skólaskáld 22
Guðmundur Kamban 60
Guðmundur Nikulásson 104
Guðrún Guðlaugsdóttir 122
Gunnar þór Helgason 106, 107
Gunnlaugur Claessen 82
Gústi, fjósakall 105
- Hákon VII 10
Halldór Kiljan Laxness 28, 59
Halli, rakari 139
Halli Þórarins 135
Hannes Hafstein 19, 91
Haraldur Guðnason, Englakonungur 53
Haraldur Harðráði 53
Helena Helgadóttir 27, 95, 97
Helena frá Tróju 27
Helga Kristín (Stella) Helgadóttir Pjeturss 11, 49, 55, 69, 87, 90, 91, 92
Helgi Ingvarsson 137
Helgi Ólafur Þórarinsson 90

- Helgi Pjeturss 4, 14, 16, 23, 24, 25, 26, 28, 30, 31, 46, 56, 66, 83, 87, 89, 92, 95, 103, 133, 139
Helgi Sigurðsson 25
Helgi G.Thordersen 19
Hilmar Finsen 19
Hitler, Adolf 28, 63, 67, 93
Hollar, Wenceslaus 94
Hrafnhildur Hreiðarsdóttir 3, 5, 28, 48, 65, 95, 98, 99, 122, 144
- Indriði Einarsson 14
Inga Huld Hákonardóttir 16
Ingibjörg Johnson 7
Ísleifur Ólafsson 109, 136
- Jensen, Anton 59, 60
Jens Jensson 7
Jónas Jónsson frá Hriflu 102, 103
Jón Helgason 16
Jón Magnússon 54
Jón Pétursson 20
Jörgen Pjetur Hafstein 91
- Karlamagnús, konungur 29
Kipling, Rudyard 96
Kjartan Helgason 92
Kóra 71, 72, 131
Kristín Brandsdóttir Arnet 3, 28, 46, 63, 70, 87, 89, 92, 103, 122, 135, 138
Kristín Sigríður Pétursdóttir Thurnwald 16, 23, 24, 30
Kristinn Einarsson 122
Kristján IX 23
Kristmann Guðmundsson 130
Kristólína Kragh 54
- Lake, Veronica 137
Lenin, Vladimir 28
Ludvig Kaaber 9, 55
Lýður Pálsson 84
- Magnús Einarsson 89
Magnús Magnússon 53
Magnús Pálsson 67
Már Vilhjálmsson 67
Matthías Einarsson 91, 105
Matthías Matthiasson, eldri 11, 69, 91, 104, 105
Matthías Matthiasson, yngri 11, 69, 86, 91, 92
Matthías Stefánsson 104
Mons, þýskur herflugmaður 125
Mussolini, Benito 132

- Nielsen, Carl 60
Nielsen-Edwin, Aage 4, 26, 27, 29, 53, 85, 86, 88, 90, 93, 94, 95, 96, 97, 98, 141
Nielsen-Edwin, Baldur 93, 96, 97, 99
- Olavsen, Mathilde 66, 67
Ófeigur Jónsson 53
Ólina Bjarnadóttir 48, 61, 92
- Páll Eggert Ólafsson 16
Páll Melsteð 82
Páll Lýðsson 8, 47, 84
Petitjean, André 8
Pétur Hamar Helgason Pjeturss 23, 49, 60, 87, 88
Pétur Havstein 16
Pétur Haukur Helgason 48, 95, 123
Pétur Jakobsson 90
Pétur Pétursson 7, 15, 16, 17, 21, 22, 23, 24, 54, 89
- Ragnheiður Hafstein 19, 21
Ragnheiður Pálsdóttir Melsteð 18
Robbins, Amy Catherine 53
- Sandström, Gösta E. 114
Sigríður Jónsdóttir 20
Sigríður Rós Gunnarsdóttir 103, 143
Sigurður Jóhannsson 107, 120, 122
Sigurður Magnússon 21
Sigurður Melsteð 19, 21
Sigurður Pétursson 23, 24, 25, 30
Sigurður Steingrímsson 28
Sigurgeir Sigurðsson 85
Silli og Valdi, kaupmenn 74
Snorri Hallgrímsson 72, 8, 86
Snorri Sturluson 94
Stalín, Jósef 28, 93
Stefanía Pálsdóttir 72, 136, 140, 141
Stefán Páll Þórarinsson 24
Steindór Einarsson 102
Steingrímur Jónsson 95
Steingrímur Steinþórsson 28
Steinn Steinarr 90
Sveinn Ásgeirsson 65
Sverrir Sigurðsson, konungur 103
Swinburne, Algernon 48
Sæmundur Loftsson 95
Sæmundur Pálsson 67

Thurnwald, Hermann 30
Telemachos, sonur Odiseifs 96
Tizian 96
Tómas Ágústsson 117
Trotsky, Leon 28

Utzon-Frank 96

Valgerður Ásmundsdóttir 96
van Dyck 16
Verne, Jules 81
Vigfús Thorarensen 18
Vildís Kr.Guðmundsson 129, 130, 131
Vilhjálmur Ríkharðsson (Willy Arnet) sjá Arnet, Willy
von Jaden, Hans 26

Wallace, Irving 48, 56
Wells, Herbert Georg 51, 52, 53, 56, 57

Þorsteinn Briem 85
Þórarinn Brandur Helgason Pjeturss 26, 28
Þórarinn Brandur Þórarinsson 23, 64, 87, 92, 126, 136, 139, 141
Þráinn Bertelsson 105

Ljósmyndirnar eru flestar úr safni fjölskyldunnar sem Þórarinn Brandur varðveitir.

Nokkrar eru þó úr einkasafni mínu.

Forsíðan sýnir Smiðjustíg 5 b árið 1905. Á svölunum eru Pétur Pétursson og Helgi, sonur hans.

Baksíða : Amma í Ameríku.

avtakjelse

spørsmål

©C. Sandviken

Produksjon:
Vinger Trykkeri A/S
Kongsvinger

